14
Ætla að hætta að gelda grísina





22
Spennandi verkefni til að byggja upp nýtt hótel

28–29
Oft erfiðara að fá pössun fyrir hundinn en börnin



# Bændablaðið

17. tölublað 2015 • Fimmtudagur 10. september • Blað nr. 450 • 21. árg. • Upplag 32.000



Gunnar Þórarinsson og Matthildur Hjálmarsdóttir, bændur á Þóroddsstöðum í Hrútafirði, með eitt af smærri lömbum sínum frá því í vor. Matthildur sagði það alltaf svolítið sárt að þurfa að láta frá sér lömb eins og þetta sem tekin hafa verið undan mæðrum sínum eftir burð og hafa hænst að mannfólkinu. Mynd / HKr.

### Ágætar heimtur hjá Hrútfirðingum eftir smölun í Hrútatungurétt:

# Jafnvænni dilkar af fjalli en í fyrra

## – bændur þokkalega settir með vetrarfóður þrátt fyrir minni heyöflun í sumar

**Hrútfirðingar smöluðu um fyrri helgi í Hrútatungurétt og á svæði sem nær í vestur á hábungu Holtavörðuheiðar og í austur að Sléttafelli við mörk afréttalands Miðfirðinga, en það fylgir Tvídægrusvæðinu.**

Gunnar Þórarinsson, bóndi á Þóroddsstöðum í Hrútafirði, sagði að göngur hafi gengið vel í bærilegu veðri og heimtur hafi verið ágætar.

Það var fé af fimm til sex bæjum í Hrútafirði sem sótt var á heiðina um fyrri helgi. Bæir vestan Hrútafjarðar eiga ekki rétt á að senda fé á beit á heiðina, enda er það svæði lokað af með sauðfjárveikivarnagirðingu.

„Lömbin sem komin eru líta vel út og eru holdgóð og jafnari en ég átti von á. Ég átti von á smærri lömbum af fjalli eftir þetta kalda vor. Mér sýnist þau þvert á móti jafnbetri en í fyrra og hef trú á að þau verði vænni af þessu svæði en í fyrra.“

Gunnar ætlaði að smala heimalönd síðastliðinn þriðjudag en gengið verður á Hrútafjarðarháls og hálsa upp af Miðfirði síðustu helgina í september.

Gunnar og eiginkonan Matthildur Hjálmarsdóttir bóndi voru með um 460 fjár á fóðrum síðastliðinn vetur auk nokkurra hrossa. Reikna þau með að ásetningin á komandi vetri verði svipuð.

„Það fóru um 830 lömb lifandi frá okkur í sumar og af því fengum við hátt í 300 af heiðinni í fyrri viku. Meirihlutinn er svo hér á hálsunum og í heimalöndum.“ Reiknar Gunnar með að byrja að senda frá sér fé í sláturhúsið á Hvammstanga í næstu viku.

### *Heyfengur sleppur til*

Að sögn Gunnars var grassprettan í sumar mjög hæg vegna kulda. Eigi að síður telur hann að heyfengur sumarsins ætti að duga í vetur.

„Margir eru að slá há núna,“ sagði Gunnar þegar blaðamaður Bændablaðsins fór þangað í heimsókn í fyrri viku. Gunnar segir að bændur í kringum hann séu margir með þetta frá 300 og allt upp í um 800 fjár í þessu fjármesta landbúnaðarhéraði landsins. Búa þeir við mjög grösugt beitarland og á Þóroddsstöðum eru einnig stórir afgirtir heimahagar sem skipt er upp í beitarhólf.

„Ég held að heyöflunin sleppi víðast hvar. Flestir áttu líka eftir eitthvað af heyjum síðan í fyrra, en þau eru þó allavega að gæðum. Sjálfsagt er líka búið að gefa skárri hlutann af því í vetur og vor.“

Gunnar segist því ekki telja að þeir verði margir sem lendi í vandræðum með fóður í vetur. Hann sagði að grænfóðrið hafi líka sprottið mjög hægt í sumar, en nokkrir góðir dagar nú í byrjun hausts gæti þó lagað þar stöðuna talsvert. Þá sé heyið sem fengist hafi í sumar mun kjarnbetra en heyið í fyrra. /HKr.

*– Sjá myndasyrpu úr Hrútatungurétt á bls.7*

### Sauðfjárslátrun komin í fullan gang:

# Lítil fækkun á sláturfé

**Útlit er fyrir að sláturfé verði svipað að fjölda í sláturtíðinni nú og í fyrra.**

Ágúst Andrésson, forstöðumaður kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga, segir að slátrun hafi hafist í gær, þriðjudag, og á fyrsta degi verði slátrað um 1.700 lömbum.

„Sláturtíðin fer því vel af stað hjá okkur og ég á ekki von á öðru en að fjöldi sláturfjár verði svipaður og undanfarin ár, 110 til 112 þúsund.“

Vekur það athygli í ljósi frétta af miklum lamba- og ærdauða í vor. Að sögn Ágústs var slátrað um 112 þúsund í fyrra.

„Ég á ekki von á að fjöldinn breytist neitt að ráði miðað við undanfarin ár. Ég hef reyndar heyrt á bændum að lömbin í ár séu eitthvað færri núna miðað við í fyrra. Endanlegur fjöldi sláturfjár fer svo eftir því hvað bændur ætla að setja mörg lömb á eða hvort þeir fresta ásetningi um eitt ár.“

Fallþungi sláturfjár á síðasta ári var mjög góður og að sögn Ágústs á hann ekki von á að hann verði eins góður á komandi sláturvertíð.

„Ég fór í réttir í byrjun vikunnar og leyst ágætlega á lömbin sem ég sá þar.“

### *Óvíst um sölu til Rússlands*

Ágúst segir að staðan á útflutningi á ær- og hrossakjöti sé óbreytt.

„Núna stendur yfir eftirlitsheimsókn frá Rússlandi sem er að skoða stöðuna hjá sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa fengið leyfi til að flytja afurðir til Rússlands. Ég vona að við fáum, þrátt fyrir það, einhverja vitneskju um hvort þeir fallist á þær breytingar á vinnubrögðum sem hafa verið gerðar til að standast kröfur rússneska matvælaeftirlitsins. MAST sér um eftirlitið fyrir systurstofnun sína í Rússlandi og standist það skoðun má búast við að eitthvað fari að gerast.“

### *Búum okkur undir það versta*

„Það verður fundur um málið á föstudaginn og ég vonast til að frétta eitthvað jákvætt þá. Hins vegar er alveg ljóst að við verðum líka að búa okkur undir það versta og erum reyndar farnir að stilla okkar áætlanir þannig að það verði ekkert úr útflutningi á kjöti til Rússlands á næstunni.“ /VH

# Yfir 100 þúsund hjá SS

## – lítil fækkun hjá SAH Afurðum á Blönduósi

**Hjá Sláturfélagi Suðurlands á Selfossi er reiknað með að slátrað verði svipuðum fjölda og á síðasta ári, þegar um 111 þúsund fjár var slátrað.**

Einar Hjálmarsson, stöðvarstjóri sláturhússins, segir að það sé reiknað með fjölda yfir hundrað þúsund en það sé erfitt að meta það með einhverri vissu.

„Við slátruðum í síðustu viku 654 lömbum og það er óhætt að segja að þau hafi bara litið vel út – meðalvigt var 16,9 kíló og það er nú bara mjög gott, finnst mér. Það er mál manna að það sé bara betra en búist hafi verið við. Við vonumst svo bara til þess að þetta verði áfram svipað nú þegar sláturtíð hefst,“ sagði Einar síðastliðinn þriðjudag, en formlega átti hún að hefjast í gær, miðvikudag.

Að sögn Einars er meirihluti vinnuaflsins erlendur og margt af því fólki hefur komið aftur og aftur í sláturtíðina á Íslandi.

„Þetta hefur þróast alltaf meira og meira í þessa átt – æ færri Íslendingar sækja um vinnu í sláturtíðinni og er það kannski til marks um hvernig atvinnuástand á Íslandi hefur þróast.“

### *Lítil fækkun hjá SAH Afurðum*

Sauðfjárslátrun hófst hjá SAH Afurðum á Blönduósi síðastliðinn mánudag.

„Við reiknum með að slátra á bilinu 95 og 100 þúsund fjár. Við vorum með 105 þúsund í fyrra,“ segir Gísli Garðarsson, sláturhússtjóri SAH Afurða á Blönduósi.

„Fyrsti dagurinn lofar góðu því við vorum með meðalvigt upp á 16,58 kíló í gær – og það er um 400 grömmum meira en í fyrra. Þetta segir kannski ekki mikið en gefur okkur ákveðnar vonir.“

Gísli segir að vel hafi gengið að ráða inn starfsfólk, en um 90 prósent af því kemur aftur ár eftir ár. Mikill meirihluti er erlent starfsfólk og hefur haldist svipað um nokkurra ára skeið. SAH Afurðir eru með leyfi til að flytja afurðir sínar til Rússlands og segir Gísli að verið sé að ganga frá sendingu af hrossakjöti og úrbeinuðum sauðfjárafurðum.

„Við erum líklega þeir einu sem erum með leyfi fyrir hrossakjötsafurðirnar og ég held að Norðlenska sé einnig með leyfi fyrir sauðfjárafurðirnar. Um fjórir til fimm gámar af hrossakjöti eru fluttir út á hverju ári, um 140–150 tonn. Kindakjötsmagnið er um 50–70 tonn á ári sem fer héðan. Við ætlum að reyna að herða aðeins sóknina inn á Rússlandsmarkað, en hvað kemur út úr því veit enginn enn þá.“ /smh

Fréttir

Kjarnafæði yfirtekur SAH Afurðir á Blönduósi:

# Gefur glögga mynd af bágri stöðu fyrirtækja á kjötmarkaði

**Kjarnafæði mun taka við rekstri Sölufélags Austur-Húnvetninga, sem rekur SAH Afurðir á Blönduósi. Kjarnafæði tekur einnig við öllum fasteignum félagsins.**

Þetta var samþykkt á félagsfundi hjá Sölufélaginu nýverið. Rekstur SAH Afurða hefur verið þungur undanfarin misseri og segir Björn Magnússon, stjórnarformaður hjá SAH Afurðum á Blönduósi, að þessi lending hafi verið sú sem mest sátt hafi verið um.

*Mest sátt um þessa niðurstöðu*

Stjórn félagsins hefur nú heimild félagsfundar til að ganga til samninga við Kjarnafæði um að það taki við rekstri þess, en fyrir átti Kjarnafæði tæplega helming í SAH Afurðum. Lítilræði, eða um 3% hlutur, er í eigu einstaklinga á svæðinu og hefur Kjarnafæði yfirtökuskyldu gagnvart þeim.

„Staðan hefur verið mjög erfið undanfarin misseri og þessi niðurstaða var í raun eini kosturinn í þeirri slæmu stöðu sem uppi var og sá kostur sem mest sátt var um innan félagsins,“ segir Björn. Hann segir að innan skamms verði samkeppniseftirliti tilkynnt um breytingar, en forsenda þess að þær taki gildi er að eftirlitið samþykki þær. „Við munum tilkynna samkeppniseftirliti um þessar breytingar þegar endanlega verður búið að ganga frá málum,“ segir Björn.

*Umframbirgðir og mikil samkeppni*

„Það er langt í frá að þetta sé gert af því við viljum eiga allt og ráða öllu, langt í frá. Það má segja að þessi kaup séu miðuð við að sækja í það hagræði sem mögulega liggja í nánari samvinnu félaganna tveggja,“ segir Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis. Hann segir að yfirtakan á SAH Afurðum gefi glögga mynd af bágri stöðu fyrirtækja á kjötmarkaði, en rekstur fyrirtækja sem eiga allt sitt undir í sölu á kjöti sé afar erfiður.



**Úr sláturhúsi SAH Afurða.** Mynd / HKr.

„Samkeppnin er mikil og það er talsvert meira magn til af lambakjöti en markaður er fyrir sem aftur leiðir til þess að verð er lágt. Þetta hefur heldur verið að ágerast, þótt reyndar sé umfram magn milli ára heldur minna nú í ár en í fyrra. Markaðurinn er þó fullmettur og rúmlega það.“

*Höfum fulla trú á að dæmið gangi upp*

Gunnlaugur segir erfitt að sitja uppi með birgðir, einkum af lambakjöti sem hefur í för með sér mikinn kostnað, einkum í formi hárra vaxta, vextir séu langt umfram það sem fyrirtæki sem nánast eingöngu starfi á innanlandsmarkaði geti unnið á, „svo einfalt er það“.

Gunnlaugur segir að Kjarnafæðismenn sjái tækifæri í þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru, og séu þau einkum fólgin í meiri vinnslu á lambakjöti en verið hafi fram til þessa á Blönduósi. „Þetta er spennandi verkefni, en alls ekki sjálfgefið að það gangi upp. Við höfum þó fulla trú á að svo verði,“ segir hann. /MÞÞ



**Lögreglumenn vopnaðir kylfum reyna að hefta för bænda sem mótmæltu landbúnaðarstefnu ESB í Brussel. Bændur mættu í mótmælin vopnaðir mjólkurtönkum og sprautuðu yfir lögregluþjónana mjólk sem bændum er nú gert að framleiða langt undir kostnaðarverði.** Mynd / photoblog.nbcnews.com

Bændur í Evrópu mótmæla lækkun á afurðaverði:

# Átök milli bænda og lögreglu í Brussel

**Til ryskinga kom milli bænda og óeirðalögreglu í Brussel fyrr í þessum mánuði þar sem bændur höfðu komið sér fyrir á dráttarvélum til að mótmæla lækkun á afurðaverði fyrir mjólk og kjöt.**

Um fjögur þúsund bændur frá ýmsum löndum Evrópu komu saman í Brussel fyrr í þessum mánuði til að vekja athygli á og mótmæla sílækkandi afurðaverði á mjólk og kjöti. Mótmælin voru haldin á sama tíma og landbúnaðarráðherra Evrópusambandsins sátu fund til að ræða stefnur í landbúnaðarmálum sambandsins.

Í mótmælaskyni lokuðu bændurnir meðal annars götu með dráttarvélum og heyböggum sem þeir kveiktu í. Sumir þeirra hentu eggjum og skvettu mjólk yfir lögregluna sem meinaði þeim aðgang að fundarbyggingu ráðherranna. Til átaka kom og beitti óeirðalögreglan háþrýstivatnsbyssum til að bægja bændunum frá.

*Evrópa að drukkna í mjólk*

Afurðaverð á mjólk til bænda í mörgum löndum Evrópusambandsins hefur lækkað um allt að 25% frá því á síðasta ári og er víða komið talsvert undir framleiðslukostnað. Auk þess sem verð á kjöti hefur farið lækkandi.



**Bændur mættu ekki bara með mjólk í tönkum, heldur komu þeir líka með kýr sínar og sprautuðu spenvolgri mjólkinni yfir lögregluna.** Mynd / lolsnaps.com

Meðal ástæðna fyrir lækkuninni er krafa verslunarinnar um lægra innkaupsverð, bann Rússa við innflutningi á matvælum frá löndum Evrópusambandsins og minni útflutningur á mjólk til Kína vegna aukinnar innanlandsframleiðslu þar. Þá hafa fjárfestar og stórfyrirtæki í vaxandi mæli verið að kaupa sig inn í landbúnaðinn. Hafa þau „dumpað“ verði til verslana þannig að venjulegir bændur á viðkomandi landsvæðum geta ekki keppt við þau. Neyðast þeir þá til að gefast upp og selja bú sín.

Mjólkurframleiðsla í Evrópu hefur aukist talsvert frá því að kvóti á framleiðsluna innan ESB var lagður af. Aukningin er reyndar svo mikil að því er haldið fram að Evrópa sé að drukkna í mjólk.

*Langtímasamningar nauðsynlegir*

Bændur á Bretlandseyjum hafa lengi sakað stórmarkaði um að lækka verð á mjólk til neytenda niður úr öllu valdi í verðstríði sín á milli. Til þess að geta haldið verðinu lágu til lengdar krefja markaðirnir bændurna um lægra verð og stundum svo lágt að það fer undir framleiðsluverð. Verðlækkanir af þessu tagi hafa leitt til gjaldþrota þúsunda mjólkurbænda í löndum Evrópusambandsins undanfarin ár.

Meðal hugmynda sem komið hafa fram til lausnar er að bændur og stórmarkaðir geri með sér langtímasamninga um afurðaverð til bænda og útsöluverð til neytenda. Bresk stjórnvöld hafa einnig uppi áform um að skylda upprunamerkingar á landbúnaðarvörur til þess að þeir neytendur sem það vilja geti valið innlendar vörur og þannig stutt innlenda framleiðslu. /VH



Fjárréttir og ferðaþjónusta:

## Skipulagðar ferðir í réttir

**Ferðaþjónustufyrirtækið Bustravel Iceland, sem áður kenndi sig við Þingvallaleið, býður ferðamönnum sérsniðnar ferðir í fjárréttir þetta haustið. Í bæklingi sem fyrirtækið hefur útbúið er sjónum beint að erlendum ferðamönnum þar sem þeim er boðið að hitta íslenska bændur og kynnast réttastörfunum.**

Í boði eru fimm dagsetningar, 12., 14., 19., 20. og 21. september en allar eru ferðirnar á Suðurlandi. Ferðin tekur á bilinu 9–10 klst. en auk þess að fara í réttir munu ferðalangarnir fara Gullna hringinn, á Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Verðið er 13.500 kr. á mann en börn undir 15 ára fá ferðina á hálfvirði. Að sögn forsvarsmanna Bustravel eru ferðirnar ekki síður ætlaðar innlendum ferðamönnum en erlendum gestum.




Fjörurnar í Árborg:

## „Bannað að gera þarfir sínar“

**Gárungum í Sveitarfélaginu Árborg stendur greinilega ekki á sama hvernig umgengnin er um fjörurnar. Settu þeir upp skilti því til áréttingar.**

„Þetta skilti var ekki sett upp með samþykki sveitarfélagsins og verður tekið niður. Ég þekki ekki á hvers vegum þetta skilti er né hver tilgangur þess er, hvort þetta á að vera grín eða alvara,“ segir Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri hjá Sveitarfélaginu Árborg þegar hann var spurður út í nýtt skilti í fjörunni á Stokkseyri þar sem kemur m.a. fram að þar sé „bannað að gera þarfir sínar“. Það var Hulda Gísladóttir á Stokkseyri sem tók myndina af skiltinu í morgungöngu á dögunum með hundinn sinn í fjörunni, austast í Þorpinu. Nokkuð ljóst er að hér hafa einhverjir húmoristar verið á ferðinni í ljósi umræðunnar í sumar hvar ferðamenn geri og geri ekki þarfir sínar. /MHH

# Ástæður þess að íslenskir kúabændur velja kjarnfóðrið frá Bústólpa

Kúafóður Bústólpa er hannað og framleitt fyrir íslenskar aðstæður þar sem þess er gætt í hvívetna að fóðrið uppfylli sem best þarfir íslensks búfjár á hverjum tíma. Við framleiðsluna hjá Bústólpa er notuð besta fáanlega tækni sem tryggir best varðveislu næringarefnanna, hámörkun kögglagæða og um leið örveru- og sjúkdómaöryggi þar sem allt fóður er hitameðhöndlað á síðustu stigum framleiðslunnar áður en það er afhent til bænda.

Hátt innihald af hágæða fiskimjöli, fjölbreytt hráefnaval, sérblönduð steinefni og vítamín fyrir íslenskar aðstæður ásamt háu innihaldi af lífrænu Seleni, framúrskarandi kögglagæði sem henta í sjálfvirk gjafakerfi og hagstætt verð eru þeir þættir sem best lýsa kjarnfóðrinu frá Bústólpa.

Við endurnýjun tækjabúnaðar í verksmiðju Bústólpa var þess gætt að velja bestu tækni með tilliti til aukinna kögglagæða, örveruöryggis og varðveislu næringarefna í fóðrinu en um leið hámörkun á arðsemi við vinnsluna.

Nýr vinnslubúnaður og framleiðslutæknin tryggja þannig jöfnun gæða og lægri tilkostnað.






- **Sérblönduð steinefni og vítamín sem henta íslenskum aðstæðum**
- **Allt fóður er hitameðhöndlað á síðustu stigum framleiðslunnar, sem eykur örveruöryggi**
- **Hátt hlutfall af hágæða fiskimjöli sem tryggir hámarksafurðir mjólkurkúa**
- **Einungis er notað lífrænt Selen í kjarnfóður Bústólpa**
- **Einungis eru notuð gæða hráefni við framleiðsluna**
- **Framúrskarandi kögglagæði sem henta sjálfvirkum gjafakerfum**
- **Besta fáanlega tækni við vinnsluna sem tryggir gæði, nýtingu og varðveislu næringarefnanna í fóðrinu**
- **Skapar fjölda starfa og skilar arði til Íslensks samfélags**
- **Tryggur aðgangur að hágæða kjarnfóðri og góðri þjónustu á öllum tímum**
- **Bústólpi er leiðandi í móttöku og vinnslu á íslenskt ræktuðu korni og nýtingu þess við kjarnfóðurframleiðslu**
- **Framleiðsla Bústólpa er vöktuð með virku gæðakerfi á öllum stigum allt frá vali hráefna til afhendingar fóðurs til bænda**
- **Bústólpi leggur tryggum viðskiptavinum sínum til fóðursíló og búnað þeim tengdum án endurgjalds**
- **Bústólpa er annt um íslenskan landbúnað og íslenskt samfélag**



Bústólpi

Oddeyrartanga, 600 Akureyri — sími 460 3350 — www.bustolpi.is — bustolpi@bustolpi.is

Veljum íslenskt – okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is
SI

Fréttir



Upplýst hefur verið að skordýraeitrinu Spirodiclofen sé í einhverjum tilvikum sprautað í epli í Noregi.

### Skordýraeitur valdur að alvarlegum sjúkdómum:

# Ekki skimað fyrir þessu efni á Íslandi

**Í frétt Ríkisútvarpsins á dögunum var greint frá því að komið hafi í ljós í könnun matvælaeftirlitsins norska að efninu Spirodiclofen sé sprautað í grænmeti og ávexti þar í landi, til að mynda epli og jarðarber.**

Efnið geti valdi ófrjósemi og krabbameini í lifur, eistum og legi. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er ekki skimað fyrir þessu efni í grænmetinu og ávöxtunum sem er flutt til landsins. Notkun á því er bönnuð hér á landi

Ingibjörg Jónsdóttir, sérfræðingur í varnarefnum hjá Matvælastofnun, segir að Spirodiclofen sé plöntuvarnarefni, nánar tiltekið skordýraeitur, sem sé leyft í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins um varnarefnaleifar í matvælum. „Sem stendur er ekki markaðsleyfi fyrir efnið á Íslandi og því ekki leyfilegt að flytja það inn eða nota sem plöntuvarnarefni hér á landi. Það er þó leyfilegt að það finnist í innfluttum vörum, meðal annars eplum og jarðarberjum. Það er skimað fyrir efninu í mörgum löndum og Matvælastofnun berast þær niðurstöður. Efnið hefur verið greint í 27 löndum Evrópusambandsins og árið 2013 fannst það í 153 sýnum af þeim 48.047 sem skimað var eftir því í. Í öllum tilfellum var það í magni undir hámarksgildi. Sem aðili að RASFF, viðvörunarkerfi ESB fyrir hættuleg matvæli, fær Matvælastofnun strax viðvörun ef efnið greinist yfir hámarksgildi og einhver grunur er um að varan hafi verið flutt til Íslands.

*Skoðað verður hvort tilefni er að taka upp greiningar á efninu*

Matvælastofnun mun skoða hvort tilefni er til að taka upp greiningar á efninu, sérstaklega ef vísbendingar eru um að meira finnist af efninu í matvörum en leyfilegt er," en efnið er ekki í dag á lista þeirra 96 efna sem skimað er fyrir á Íslandi í dag," segir Ingibjörg.

Hún segir fjölda efna sem skimað er fyrir hafa nýverið aukist með bættum tækjakosti hjá Matís, en áður voru það 60 efni. „Núna fljótlega mun efnunum fjölga aftur um rúmlega 30. Vinna við fjölgun efna heldur áfram og reynslan að aukast. Það er Matís sem sér um að greina sýnin sem tekin eru í eftirliti Matvælastofnunar með varnarefnaleifum." /smh

# Gulrótunum frá Akurseli seinkar um mánuð

### – eðlilegt tíðarfar í ágúst bjargaði því sem bjargað varð

**Það var nóg að gera hjá þeim Stefáni Gunnarssyni og Sigurbjörgu Jónsdóttur, gulrótabændum í Akurseli við Öxarfjörð, þegar blaðamaður heyrði í þeim hljóðið í síðustu viku.**

Reyndar ekki við uppskeru eins og vaninn er á þessum tíma, heldur var verið að sýsla í einu og öðru – til að mynda að hreinsa akrana af illgresi.



Frá Akurseli. Mynd / úr safni

*Ótíð seinkar uppskerunni um mánuð*

Sigurborg reiknar með að uppskeru seinki um mánuð þetta haustið vegna þeirrar ótíðar sem ríkti á Norðausturlandi lengst af liðnu sumri.

Um tveir til þrír hektarar lands er notað hverju sinni undir gulrótaræktunina í Akurseli, sem stendur við vesturbakka Brunnár. Að sögn Sigurborgar sækja þau vatn í hana þegar þurrkur er og þörf er á að akrarnir séu vökvaðir. „Við erum hér með lífrænt vottaða ræktun og í Brunná berast mikilvæg næringar- og steinefni úr jökulsánum, sem gagnast yfirleitt vel fyrir ræktunina því við erum með sendinn jarðveg hér sem þarf að passa upp á að þorni ekki upp í þurrkatíð. Við höfum þó ekki þurft að vökva mikið þetta sumarið. „Það er ekkert byrjað að taka upp – það er allt svo seint núna," segir Sigurborg. „Júní og júlí voru mjög kaldir og við fengum litla sól. Ágúst hefur verið skárri og er nálægt því að vera eðlilegur og það hefur bjargað heilmiklu fyrir okkur. Lengi vel vorum við ekki viss um að við fengjum neina uppskeru, en núna reiknum við með að byrja að taka upp um miðjan september. Það er í það minnsta ljóst að uppskeran verður mun minni en í meðalári, þó við gerum okkur ekki grein fyrir því enn þá hversu mikið minni."

*Venjuleg uppskera 120–150 tonn*

„Uppskeran í fyrra var með mesta móti og þá vorum við með fimmtán manns við uppskeru hjá okkur, en það verður eitthvað færra núna. Venjulega tökum við upp á bilinu 120–150 tonn og það er tekið upp með höndum, þó það væri nú hægt að notast við vélbúnað. Það er bara okkar sérviska og engin krafa um það í lífrænt vottaðri ræktun," segir Sigurbjörg. „Gulræturnar þola dálítið frost en þegar frostið er orðið nokkuð viðvarandi er hætta á að þær verði fljótt leiðinlegar. Þær springa þá í toppinn og kemst raki inn í þær. Þá geymast þær illa. Við höfum yfirleitt verið að taka upp í um mánuð, en líklega verður uppskerutímabilið styttra að þessu sinni."

Í lífrænt vottaði ræktun er tilbúinn áburður á bannlista. Sigurbjörg segir að í Akurseli sé notast við skiptiræktun eins og gjarnan í lífrænni ræktun. „Við erum þá með einhvers konar kornrækt á móti gulrótunum hvort í sínum helmingnum. Skiptiræktunin virkar sem hluti af áburðargjöfinni, því kornið – í það minnsta hálmurinn – er svo bara plægt niður. Svo notum við fiski- og þangmjöl og sitt af hverju tagi, en gulrætur eru frekar áburðarfrekar." /smh

### Verð á mjólkurkvóta hækkar:

# Mikil umskipti frá þróun undanfarinna missera

**Í starfsskýrslu MAST fyrir síðasta ár kemur fram að viðskipti með greiðslumark mjólkur á svokölluðum kvótamarkaði drógust verulega saman í fyrra og fram á þetta ár. Töluverð umskipti urðu svo við opnun tilboða á kvótamarkaði 1. september síðastliðinn.**

Við opnun tilboða um kaup og sölu á greiðslumarki mjólkur þann 1. september 2015 hefur komið fram jafnvægisverð á markaði krónur 200 kr. fyrir hvern lítra mjólkur. Er það 50 krónum hærra verð en á markaði 1. apríl 2015. Mikil umframeftirspurn skapaðist á markaðnum. Í boði voru einungis 367.368 lítrar, en óskað var eftir greiðslumarki upp á 950.000 lítra. Var framboðið 107,1% miðað við framboð á síðasta kvótamarkaði en eftirspurnin nú nam 155,7% miðað við síðast. Alls bárust Matvælastofnun 24 tilboð um kaup eða sölu á greiðslumarki. Fjöldi gildra tilboða um sölu voru 9 og 15 gild tilboð um kaup. Kauphlutfall viðskipta var 90,71%.

Ástæðan fyrir dræmari viðskiptum með kvótalækkun á kvótaverði í fyrra var fyrst og fremst aukin framleiðsla utan kvóta í kjölfar mjög aukinnar eftirspurnar eftir mjólk til vinnslu.

Alls urðu viðskipti á árinu með 98.873 lítra mjólkur á árinu 2014 á móti 1.807.807 lítra árið 2013. Fór tilboðum jafnt og þétt fækkandi eftir því sem leið á árið. Til sölu voru á árinu boðnir 2.317.868 lítrar en tilboð bárust einungis um kaup á 200.854 lítrum. Eftirspurnin var því aðeins brot af því sem í framboði var. Á árinu 2013 var þetta þveröfugt. Þá voru boðnir 1.807.520 lítrar til sölu á kvótamarkaði en eftirspurnin var margföld sú tala og bárust þá tilboð í 4.104.976 lítra.

*Verður greiðslumarkið lækkað?*

Kvótinn á síðasta ári var því orðinn harla verðlítill, en það gæti hæglega breyst ef greiðslumarkið verður lækkað í haust. Samkvæmt heimildum Bændablaðsins er talið líklegt að Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) geri tillögu um lækkun greiðslumarks nú í september. Greiðslumarkið var 140 milljónir lítra fyrir árið 2015 en áætluð sala mjólkurafurða er 136 milljónir lítra. Virðist framboð og eftirspurn því vera komin í nokkurt jafnvægi og jafnvel að einhvers samdráttar muni gæta í sölu mjólkurafurða á þessu ári. Fregnir af mögulegri lækkun greiðslumarks virðast þegar vera farin að hafa áhrif á kvótaverðið.

Matvælastofnun annast viðskipti með greiðslumark skv. reglugerð. Kvótamarkaðir með greiðslumark mjólkur skulu haldnir þrisvar á ári, þann 1. apríl, 1. september og 1. nóvember. /HKr.

### Vistvæn landbúnaðarframleiðsla:

# Reglugerð felld úr gildi

**Í tilkynningu úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu þann 4. september síðastliðinn kemur fram að ráðuneytið leggi til að reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu, sem hefur verið í gildi frá árinu 1998, verði felld niður. Óskar ráðuneytið eftir umsögnum um tillöguna.**

Fram kemur í tilkynningu ráðuneytisins að tillagan sé meðal annars byggð á því að ekki hefur verið reglubundið eftirlit með þeim aðilum sem hafa fengið vistvæna vottun. Þá segir að frá gildistöku reglugerðarinnar hafa verið sett margvísleg lög og reglur sem gera ítarlegri kröfur til framleiðslu landbúnaðarafurða en reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu gerir, enda komin til ára sinna.

VISTVÆN LANDBÚNAÐARAFURÐ

Samkvæmt tillögum ráðuneytisins verður notkun á þessu merki áfram heimil, þó vottunin verði felld út gildi.

*Starfshópur skilaði tillögum um nýtt fyrirkomulag*

Í vor skilaði starfshópur sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði niðurstöðum um núverandi reglugerð, þar sem gildi hennar var metin. Í niðurstöðum hópsins kemur fram að eining var um að núverandi fyrirkomulag, þar sem ekki er reglubundið eftirlit með þeim aðilum sem hafa fengið vistvæna vottun, sé óviðunandi. Jafnframt hafði hópurinn verulegar efasemdir um að það sé heppilegt að stjórnvöld setji reglur um vistvæna framleiðslu og standi fyrir vottuninni með þeim hætti sem núverandi reglugerð gerir ráð fyrir.

Hópurinn ræddi þann möguleika í niðurstöðum sínum að í stað núverandi reglugerðar yrði sett ný reglugerð sem skilgreindi almennar kröfur sem gera þyrfti til vistvænna vottunarkerfa í landbúnaði. Þannig reglugerð gæti innihaldið ákvæði um, að til að geta talist „vistvæn vottun" þurfi vottunarkerfin að innihalda auknar kröfur um dýra- og umhverfisvernd, gæðastýringu og merkingar. Einnig að úttektir séu árlegar og framkvæmdar af óháðum aðila. Vottunarkerfin sjálf væru hins vegar hönnuð og rekin af framleiðendafélögum eða öðrum einkaaðilum. Fram kom að einstakir framleiðendahópar (framleiðendafélög) hafa ólíkar skoðanir á gildi og æskilegu fyrirkomulagi vistvænnar vottunar. Þetta rennir stoðum undir þá ályktun hópsins að ekki sé heppilegt að stjórnvöld setji eina heildarreglugerð fyrir allar tegundir framleiðslu. Hins vegar mætti hugsa sér að stjórnvöld vinni með tilteknum framleiðendahópum að útfærslu sértækra vottunarkerfa.

*Aðkoma stjórnvalda verður skoðuð í ljósi vilja framleiðenda*

Í tilkynningunni frá ráðuneytinu kemur fram að einstakir framleiðendahópar hafi ekki óskað eftir aðkomu stjórnvalda að útfærslu á vistvænni vottun, en komi fram ósk um slíka aðkomu skoði stjórnvöld það sérstaklega.

Þá er það tiltekið að ekki sé talin ástæða til að hafa rammareglugerð um kröfur fyrir vistvæn vottunarkerfi – eins og starfshópurinn nefnir – þar sem frá gildistöku núverandi reglugerðar frá 1998 hafa verið sett margvísleg lög og reglur sem snúa meðal annars að lífrænum landbúnaði, merkingum matvæla, aðbúnaði dýra og reglur um önnur gæðakerfi eins og gæðastýringu, skráargatið og skráningu afurðaheita.

*Notkun á merki vistvænnar ræktunar verður áfram heimil*

Samkvæmt upplýsingum frá Ólafi Friðrikssyni, skrifstofustjóra í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, mun ráðuneytið ekki banna áframhaldandi notkun á merkinu „vistvæn landbúnaðarafurð".

En ef einstakir framleiðendur hyggjast nota merkið áfram megi þeir búast við fyrirspurnum frá neytendum og fjölmiðlum um það.

Þetta eigi við alla þá sem munu nota merkið og gildir þá einu hvort þeir hafi einhvern tímann uppfyllt skilyrði vottunarinnar eða ekki.

Umsagnarfrestur um tillöguna er til 28. september. /smh




# Fóðurbætir sem eykur fitu í mjólk

## FEITUR RÓBÓT 16 OG 20

Hægt er að fá fóðurbætirinn bæði kögglaðan fyrir gjafakerfi og kurlaðan fyrir heilfóðursgerð.

Nýja kjarnfóðrið inniheldur 16% og 20% hráprótein og hentar vel með blautverkuðum rúllum og próteinsnauðu heyi.

Inniheldur m.a. íslenska kalkþörunga sem eru náttúrulega ríkir af ýmsum steinefnum. Kemur einnig í veg fyrir súra vömb mjólkurkúa við mikla kjarnfóðursgjöf.

Einnig er ríflegt magn af sykurrófum ásamt sérgerðri fitu sem eykur fitumagnið í mjólk.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Erlendur Jóhannsson fóðurfræðingur
570-9800 eða erlendur@fodur.is

FÓÐURBLANDAN

**Sendum um allt land**

**Hafðu samband**
www.fodur.is
**570 9800**

**FB Verslun Selfossi**
Austurvegi 64a
**570 9840**

**FB Verslun Hvolsvelli**
Hlíðarvegi 2-4
**570 9850**

**FB Verslun Egilsstöðum**
Kaupvangi 11
**570 9860**

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339
**Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Auður Laila Jónsdóttir audur@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Vitund um verð

**Hér á þessum stað var fjallað nokkuð um afurðaverð í síðasta blaði. Sú umræða er langt því frá tæmd, því eðlilega er alltaf áhugi á því hvað nauðsynjavörur kosta.**

Draga má fram margar tölur um þetta efni, enda mælir Hagstofan verðþróun flestra hluta hérlendis. Þar má til dæmis sjá að frá 2008 hefur almennt verðlag hækkað um 39%, en matur og drykkjarvörur í heild um 46%. Hækkun er þó afar misjöfn eftir vöruflokkum.

Hækkun lambakjöts á tímabilinu er til dæmis 30% – sem er talsverð raunlækkun. Sett í annað samhengi þá var hægt að kaupa 9 kíló af heilhveitibrauði fyrir meðallambalæri 2008, en núna bara sex. Fyrir lærið fæst nú hálfu kílói minna af ýsuflökum, 1,7 kg minna af kaffi og svo framvegis. Grænmeti (innlent og innflutt) hefur hækkað um 37% sem er svipað og almennt verðlag. Hins vegar hefur fiskur hækkað um 63%, ávextir, brauð og kornvörur um 54%.

*Verðlækkun skilaði sér ekki til neytenda*

Fleiri dæmi má nefna. Fram kom í grein formanns Svínaræktarfélagsins í Fréttablaðinu á dögunum að frá ársbyrjun 2013 hefur verð til svínabænda lækkað verulega á sama tíma og það hefur hækkað út úr búð. Íslenskir neytendur græddu ekki á þessari lækkun, ekki frekar en þær fjölskyldur sem stunda svínabúskap á Íslandi. Það hafa hins vegar stór fyrirtæki í verslunarrekstri gert, en í nýlegri skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvörumarkaðinn kemur fram að arðsemi þeirra er margföld á við það sem þekkist hjá sambærilegum fyrirtækjum beggja vegna Atlantshafsins.

Sauðfjárbændur sem þessa dagana eru að senda frá sér sláturfé eru ósáttir við að fá enga hækkun á afurðir sínar nú í haust, en verðþróunin á innanlandsmarkaði hefur ekki verið því hagfelld eins og að framan greinir. Undanfarið hafa hækkanir til sauðfjárbænda byggst á góðum árangri í útflutningi en þeir markaðir hafa gefið nokkuð eftir í haust miðað við síðustu ár. Sumir kjósa að hnýta í þessa erlendu markaðssókn og vilja helst að lokað sé á útflutning. Um það má hafa mörg orð en rifja má upp að til 2009 var sauðfjárbændum skylt að flytja út. Síðustu þrjú ár hafa sauðfjárafurðir skilað árlega 3–3,5 milljörðum í gjaldeyristekjur


Sími 563-5200
KT:430698-3549 VSK nr: 106033
Hagar Verslanir ehf KT:470710-0390

Dags.: 17.8.2015 kl : 16:18:46
Kassi.: 9
Afgr.: 9.10827
Afgreiðslumaður : 121210 Thelma

| Lýsing | SAMTALS V |
|---|---|
| Ms nýmjólk 1L | 1 stk @ 142 G |
| Iceland spring vatn | 1 stk @ 165 G |
| Samtals sala | 307 |




á ári, auk þess að sjá innlendum neytendum fyrir einu ódýrasta lambakjöti í Evrópu. Bara gjaldeyristekjurnar á þessum tíma eru um það bil 2/3 af ríkisframlögum til greinarinnar.

Afurðastöðvarnar eru vissulega ekki ofaldar af sínu og þurfa að slást við smásala sem eru fáir og gríðarstórir. Eftir sem áður eru það neytendur sem ráða mestu, þegar til kastanna kemur. Einhvers staðar í þeirra vitund verður til viðmið um hvað þeir telja dýrt og hvað ekki. Það myndast þrýstingur á lækkun eða verðstöðvun á vörum sem neytendur telja of dýrar en þeir gefa versluninni aftur á móti miklu meira svigrúm annars staðar. Verðlagningin getur því verið algerlega ótengt því hvað viðkomandi vara kostar raunverulega. Rannsóknir sýna til dæmis að matvörur hérlendis eru ódýrari en í nágrannalöndum, en raftæki eru miklum mun dýrari. Það er þó mun algengara að matvælaverð sé til umræðu en raftækjaverð. Að sumu leyti er það eðlilegt – allir þurfa að borða – en það leiðir líka í ljós að íslenskir neytendur eru af einhverjum ástæðum reiðubúnari að greiða meira fyrir raftæki en neytendur í nágrannalöndunum.

*Ólíku saman að jafna*

Okkur bændum finnst oft ósanngjarnt undir hvaða mæliker landbúnaðarvörur eru settar í þessu samhengi. Eitt dæmi þess fylgir þessum leiðara. Í síðasta mánuði voru keyptir einn lítri af vatni og einn lítri af mjólk í einni af verslunum Haga. Hvort tveggja gæðavörur en vatnið kostar 23 krónum meira.

Nú kann einhver að segja mjólkin sé þegar niðurgreidd sem er rétt. Ef við gerum ráð fyrir að allar beingreiðslur til kúabænda nýtist til að lækka verð til neytenda, en verði ekki eftir hjá bændum eru það tæpar 40 kr. á lítrann. Eftir sem áður er munurinn sláandi.

Það er ekki flókið mál á Íslandi að tappa vatni á flöskur. Það er auðvitað ekki fyrirhafnarlaust, en við eigum sem betur fer gnægð af vatni. Til samanburðar tekur nærri 30 mánuði að rækta upp mjólkurkú, frá því að móðirin er sædd og þar til að afkvæmi hennar fer sjálf að mjólka. Allan þennan tíma þarf að huga að þörfum gripanna upp á hvern einasta dag, afla fóðurs og tryggja viðunandi húsakost og beitiland. Það verður því ekki dregið í efa að framleiðsla á einum lítra af mjólk kostar talsvert meiri vinnu og fyrirhöfn en að tappa einum lítra af vatni á flösku. Samt virðast neytendur tilbúnir að borga meira fyrir vatnið en mjólkina.

Í bandarískri skýrslu um vatnsfótspor vegna athafna mannsins kemur fram að vatn í eins lítra plastflöskum til neytenda er í raun 300 til 500 sinnum dýrara en greiða þarf fyrir sama vatnsmagn úr krana. Þetta er sannarlega umhugsunarefni bæði fyrir bændur og neytendur. /SSS

## LOKAORÐIN

# Lögmál markaðarins

**Fregnir hafa borist af miklum mótmælum evrópskra bænda að undanförnu. Eru mótmælin aðallega til komin vegna breytinga á landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins og niðurlagningar á mjólkurkvóta sem áður stýrði framleiðslunni. Það hefur haft þær afleiðingar að verð á mjólk til bænda hefur hríðfallið.**

Mótmæli bænda hafa staðið yfir meira og minna í allt sumar víða um Evrópu. Mikil pressa hefur verið frá stórverslunum í álfunni á liðnum árum um að keyra niður verð á landbúnaðarvörum. Kvótakerfi í mjólkurframleiðslu var sá hemill sem var þyrnir í augum þeirra sem töldu að markaðslögmálin væru best til þess fallin að stýra framleiðslunni. Þegar þessi öfl fengu ósk sína uppfyllta fór hins vegar athyglisvert ferli í gang.

Fjárfestar sem hafa verið að leita eftir góðum tryggingum fyrir sitt fé hafa fyrir löngu uppgötvað að slíka langtímatryggingu er einna helst að finna í landbúnaði. Því hafa stórfyrirtæki með fjármagn fjárfesta á bak við sig verið kerfisbundið að kaupa upp ræktarlönd og stórbýli í Evrópu, ekki síst í mjólkurframleiðslu. Þegar séð var fram á að kvótakerfinu hjá ESB yrði hent út, höfu þessi stórfyrirtæki að gera samninga við stórverslanir um sölu á mjólk langt undir eðlilegu kostnaðarverði. Um leið var ráðist í að stórauka framleiðsluna til að hraða vel útfærðu ferli.

Smábændur og aðrir sem ekki höfðu áhættufjármagnið til að leika sér með hafa lotið í lægra haldi og ýmist neyðst til að selja starfsemi sína eða kostað til að reka land og rekstur, eða hreinlega farið á hausinn. Ef lögmál markaðarins fá áfram að ráða ferðinni óheft, þá mun fagurgali stórverslana um að þær séu aðeins að lækka mjólkurverð til neytenda snúast upp í andhverfu sína. Reynslan úti um allan heim sýnir að það sem kallað er „dumping" á markaði veldur því að sterku spilararnir drepa af sér samkeppnina í skjóli fjárhagslegs úthalds. Í kjölfarið hafa hinir stóru og sterku öll tök á markaðnum og geta með skjótum hætti náð inn öllum fórnarkostnaði sínum með stórhækkun á vöruverði. Um þetta snýst dæmið í Evrópu í dag og nú óttast margir að sama verði upp á teningnum þegar fjárfestar verða búnir að ná undirtökunum í Úkraínu.

Menn verða að horfa til þess að matvælaframleiðsla er ekki af sama toga og t.d. framleiðsla á hjólbörðum. Um leið og bændum stórfækkar hverfur gríðarleg þekking úr greininni. Hætt er við að landnýtingu og framleiðslu hraki ört með skelfilegum afleiðingum fyrir fæðuöryggi viðkomandi þjóða. /HKr.



# Píla og heimalningarnir

**Þetta er tíkin Píla og heimalningarnir á Norður-Hvoli í Mýrdal. Píla hefur mikinn áhuga á smalamennsku en þrátt fyrir það eru hún og heimalningarnir bestu vinir.**

Mynd / Birna Viðarsdóttir

Líf og starf



Systurnar frá Reykjum mættu að sjálfsögðu í réttirnar. Frá vinstri, Helga Margrét, Sigurbjörg, Kristín og Guðrún Gróa, Þorsteinsdætur. Myndir / MHH

# Smalað í Hrútatungurétt

**„Lömbin líta mjög vel út, auðvitað er eitthvert smælki innan um en í heildina eru bændur ánægðir," segir Guðmundur Ísfeld, réttarstjóri í Hrútatungurétt í Vestur-Húnavatnssýslu, en réttað var laugardaginn 5. september.**

Fjallmenn komu með á milli fjögur og fimm þúsund fjár í réttina en féð kemur af fimm bæjum. Mikill fjöldi sótti réttirnar og aðstoðaði bændur við að draga í dilka. Þá vakti mikla athygli þegar Þorkell Zakaríasson, fyrrverandi bóndi í Brandagili og bifreiðastjóri í Hrútafirði, mætti í réttarkaffið og söng nokkur lög en hann er rúmlega hundrað ára. Þorkell hefur ekki komið í réttir síðustu ár og því urðu miklir fagnaðarfundir þegar hann lét sjá sig. Hann býr í dag á dvalarheimilinu á Hvammstanga. /MHH



Guðrún Eik Skúladóttir og Óskar Már Jónsson á Tannstaðabakka mættu með tvíburadætur sínar í réttirnar en þær voru þarna rétt um sex vikna, fæddar 24. júlí í sumar. Þær heita Bjarnveig Anna og Þórey Sunna.



Vel gekk að draga féð í dilkana enda var fólk einbeitt og duglegt við dráttinn.



Féð var rekið heim á suma bæina en keyrt með vögnum á aðra. Hér er Hrafnhildur Jóhannsdóttir á Akurbrekku á heimleið á sínum hesti.



Keli, eins og hann er alltaf kallaður, í Brandagili mætti til að syngja með sínu fólki en hann er einn flottasti söng- og sögumaður í Hrútafirði. Hann verður 101 árs næsta vor og slær ekki slöku við þrátt fyrir háan aldur og að hann sé nánast búinn að missa sjónina.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

137

Í síðasta þætti varð útundan vísa frá Pétri Péturssyni lækni sem slegið var fram á hagyrðingakvöldi Karlakórs Eyjafjarðar fyrir nokkru. Þar tókust þeir talsvert á, **Pétur** og **Jóhannes á Gunnarsstöðum**. Evrópusambandið bar m.a. á góma en Pétur átti þó síðustu orðin og kvaddi samkomuna um leið og hann slíðraði sverðin með þessum orðum:

*Öllum hér ég þakkir þyl*
*og þráfalt bið að muna.*
*Með kristilegum kærleiksyl*
*kveð ég samkomuna.*

***Ferð í Hjaltadal***

Þótt varla hafi viðrað til sumarferðalaga hér norðanlands, þá brugðum við okkur hjónin af bæ í byrjun ágústmánaðar áleiðis til Skagafjarðar. Hugðumst við skoða okkur um í Hjaltadalnum.

Á leið okkar inn að Reykjum voru verulegir vegatálmar við bæinn Kálfsstaði hvar býr virtur bóndi og fræðimaður, **Ólafur Sigurgeirsson**. Ólafur reyndist vera að flytja fjármuni, þ.e.a.s. hrossakjöt milli bithaga. Er við náðum tali af bónda sást að hann var í litlu sálarlegu jafnvægi, sennilega vegna langvarandi óþurrka.

Byrjaði fljótlega að finna að vinnu minni við vísnaþáttinn, sem væri trúlega styrktur af samtökum sauðfjárbænda, slík væru efnistökin. Buðum við þá Ólafi að bragða harðfisk ef ske kynni að hann kæmi til sjálfs sín. Tóbaks þurfti hann ekki með að okkur sýndist.

Við harðfiskinn róaðist orðræðan, og lofaði ég honum að helga næsta þátt, hans mikla framlagi til fiskeldismála í héraði. **Rósberg Snædal** orti hjálagðan brag í tilefni vígslu Hólalax og hitaveitu Hjaltadals þann 8. nóvember 1980. Hér er bragsnilldin þvílík að varla verður betur gert.

*Fylgja ofurmennum maurar,*
*mannlíf dofið vaknar senn.*
*Vært þó sofi gamlir gaurar*
*Gísli á Hofi vakir enn.*

*Hér mun breyta högum manna*
*hitaveita og laxaklak.*
*Vitni um sveitar viðreisn sanna*
*víst má heita Grettistak.*

*Hugsjón yljar, vænkast veika*
*vonin skiljanlega fljótt*
*þegar milljón laxar leika*
*listir í hyljum dag og nótt.*

*Sveitar minnar hækkar hagur,*
*Hólar minna á forna tíð,*
*heitt er mynnast hængur fagur*
*og hrygna, innilega blíð.*

*Bleikjur una léttum leikjum,*
*laxar bruna um streng og foss.*
*Feyki-bunan Billu á Reykjum*
*bestan munað veitir oss.*

*Velsæld okkur víst mun signa*
*og veita þokkalegan kvið*
*meðan nokkur hrygnir hrygna*
*og hænginn lokkar upp á rið.*

*Hólalax vér hyllum allir,*
*hefjum strax upp gleðisöng.*
*Réttið axlir, ýtar snjallir*
*á mun saxast veisluföng.*

*Heppnist klak með láni ljúfu,*
*létti stakan vora sál.*
*Menn frá Akri og Mánaþúfu*
*með oss taki vígsluskál.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir



Birkiplönturnar í tilrauninni eru allar lifandi og líta vel út. Það sama er að segja um lerkið.

### Tilraun á Hólasandi:

# Líf í moltunni og vætutíðin kom sér vel

**Tilraun til notkunar moltu við trjárækt á sandauðn var sett niður á Hólasandi í byrjun júlí í sumar. Tilraunin er samvinnuverkefni Skógræktar ríkisins, Landgræðslunnar og Moltu ehf.**

Settar voru niður birki- og lerkiplöntur í 11 mismunandi tilraunahópa. Aðalmarkmiðið var að sjá hvernig gengi að nýta moltu frá jarðgerðarstöð Moltu ehf. í Eyjafjarðarsveit sem nesti fyrir trjáplöntur í mjög snauðu landi en í leiðinni eru gerðar ýmsar prófanir með tilbúinn áburð, kjötmjöl og sáningu niturbindandi plantna.

Daði Lange, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Norðausturlandi, fór á Hólasand um miðjan ágúst og leit á tilraunina. Í ljós kom að allar plönturnar sem gróðursettar voru í tilraunareitnum eru lifandi og lúpína og hvítsmári sem sáð var með sumum trjánna er að koma upp.

*Mikilvægt að fá nægan raka*

Svo vel vildi til að daginn eftir gróðursetninguna rigndi duglega á Hólasandi. Sú rigning kom eins og kölluð enda mikilvægt fyrir nýgróðursettar plöntur að fá nægan raka til að koma sér fyrir. Því er ljóst að þurrkur eftir gróðursetningu mun ekki spilla fyrir niðurstöðum tilraunarinnar og þótt svalt hafi verið á Hólasandi frá því í byrjun júlí virðist kuldinn ekki hafa komið að sök og vætutíðin frekar hjálpað til en hitt.

*Fyrsta úttekt í september*

Með Daða í för voru skógfræðinemar við Landbúnaðarháskóla Íslands sem voru í yfirreið um landið ásamt Bjarna Diðriki Sigurðssyni prófessor til að fræðast um skógrækt í landinu og ýmis skógræktarverkefni. Nú í september er meiningin að gera fyrstu úttekt á tilrauninni á Hólasandi og ef til vill er þarna komið efni fyrir áhugasama nemendur til að skrifa um í námi sínu, segir á vef Skógræktar ríkisins. /MÞÞ



### Aðalfundur Forystufjárræktarfélagsins:

# Anna Englund tekur við formennsku af Ólafi Dýrmundssyni

**Forystufjárræktarfélag Íslands hélt aðalfund sinn að Svalbarði í Þistilfirði 23. ágúst sl. Fundarsókn var góð og bættust margir nýir félagar við þá 160 sem voru skráðir fyrir fundinn.**

Ný stjórn var kjörin á fundinum og er Anna Englund, sauðfjárbóndi í Sandfellshaga 2 í Öxarfirði, formaður hennar.

Ólafur R. Dýrmundsson, sem gegnt hefur formennsku frá því að félagið var stofnað vorið 2000, gerði grein fyrir starfseminni. Hefur hún byggst á upplýsingagjöf um hið einstaka forystufé, bæði innan lands og utan, stuðningi við verndun erfðaefnis o.fl.

Frá upphafi lagði félagið áherslu á að allt forystufé í landinu yrði einstaklingsmerkt og skráð í skýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands. Þá yrði unnið sérstakt uppgjör fyrir forystuféð enda að mestu önnur ræktunarmarkmið en hjá öðru íslensku sauðfé. Nú er RML að koma á slíkri skipan, án þess að forystufjáreigendur þurfi að sækja um það sérstaklega, þ.e. að forystuféð fái eigin uppgjör, og er það vissulega fagnaðarefni.

Miklar og góðar umræður urðu um framtíðarstarfsemi félagsins en reiknað er með að komið verði á formlegri samvinnu við Fræðasetur um forystufé á Svalbarði í Þistilfirði sem opnað var sumarið 2014. Þangað héldu fundargestir eftir að hafa hlýtt á erindi Ólafs um Ásgeir Jónsson frá Gottorp og bókina Forystufé og erindi Jóns Viðars Jónmundssonar um gagnasöfnun og rannsóknir á forystufjárstofninum. Forstöðumaður safnsins, Daníel P. Hansen, kynnti fræðasetrið fyrir fundargestum, en það er jafnframt safn, og var gerður góður rómur að þeim fróðleik sem þar er á borð borinn með smekklegum hætti. /HKr



Vestmannaeyingar njóta þess hversu sunnarlega eyjarnar eru. Auk þess njóta þær temprunar af sjávarhitanum og því eru litlar líkur á ótímabæru næturfrosti. Getur garðyrkjuáhugafólk í Eyjum því vænst þess að kartöflugrös standi þar að öllu jöfnu lengur en í görðum á meginlandinu.

### Sumar káltegundir misfórust vegna kulda hjá Björgvini Magnússyni í Eyjum:

# Gott útlit með kartöflurnar

## – og rósir konunnar, Jónu Þórunnar Markúsdóttur, hafa aldrei komið betur út

**Björgvin Magnússon, fyrrverandi hafnsögumaður í Vestmannaeyjum, er mikill áhugamaður um garðyrkju. Hann er því góður liðsmaður eiginkonunnar, Jónu Þórunnar Markúsdóttur, sem segja má að hafi ýtt þessu sameiginlega áhugamáli þeirra úr vör.**

Björgvin segir uppskeruna nú furðu góða miðað við þá kuldatíð sem einkennt hafi fyrri hluta sumars. Hann ræktar ýmiss konar matjurtir auk kartaflna.

„Það var kalt vor og júní mjög slæmur. Ég var búinn að forrækta 70 plöntur í bílskúrnum hjá mér og var of bráður að setja þær út. Samt setti ég þær nú undir tvöfaldan dúk, en þá þurfti hitinn endilega að fara allt niður í 2–3 gráður á Stórhöfðanum í einar tvær til þrjár nætur. Þá eyðilagðist mest allt nema grænkálið og spergilkálið, það stóð kuldann vel af sér,“ sagði Björgvin. Hnúðkálið, rófurnar og blómkálið fóru sérstaklega illa, en hvítkálið virðist ætla að ná sér.

*Útlitið ágætt í kartöflunum*

Af kartöflunum er það að frétta að þar er útlit fyrir ágætis uppskeru. Þótt þær hafi komið seint til, þá hefur verið hér ágætis tíðarfar síðan rétt fyrir þjóðhátíð.“

Vestmannaeyjar búa svo vel að vera syðsti hluti íslenska eyjaklasans eins og Vestmannaeyingar myndu eflaust orða það. Það þýðir um leið að minnsti lofthiti er yfirleitt hærri en á meginskerinu.

„Það koma til dæmis engin haustfrost hér og því getur maður verið með ræktun í gangi fram eftir öllu. Sem dæmi þá rigndi hér látlaust í tvo mánuði fyrri hluta sumars í fyrra og það stytti ekki upp fyrr en akkúrat um þjóðhátíð. Í svona rigningartíð hverfur köfnunarefnið í jarðveginum. Ég setti því ekki áburð fyrr en í lok ágúst og þá helling af honum. Svo tók ég ekki upp fyrr en í október og var sennilega sá eini hér sem náði því að fá einhverja uppskeru. Það lukkaðist vel og uppskeran var ágæt.“



Kartöflugrösin líta bara vel út og reiknar Björgvin Magnússon með ágætri uppskeru í haust.

*Hrifnastur af Gullauganu*

„Ég get alveg ímyndað mér að ég nái fimmtán- eða sextánfaldri uppskeru núna í haust. Þetta er jurt sem þarf alveg þrjá mánuði til að gefa almennilega af sér, þó það sé oft verið að djöfla þessu upp með einhverjum kúnstum. Enda finnst manni þetta oft óttalegar vatnskartöflur sem maður er að kaupa hjá þessum kartöflubændum. Mér finnst t.d. ekkert varið í Premier kartöflur og er sjálfur að rækta Gullauga og Rauðar. Ég hef svolítið verið með Helgu líka, en er ekki eins hrifinn af henni. Ég er hrifnastur af Gullauganu.



Hvítkálið virðist ætla að spjara sig.

Svo er ég með gulrætur á öðrum stað og þær tek ég bara upp eftir þörfum og er að því langt fram á vetur. Ég er með tveggja tommu steinull yfir þeim og það dugar þó það komi örlítið frost.“

Björgvin segist hafa verið að mestu laus við ýmsa óværu og sjúkdóma.

„Það var þó talsvert að ásækja mig sniglar í fyrra í blómkálinu og hvítkálinu. Þeir voru helvíti aðgangsharðir. Nú hafa þeir bara ekki sést.“

*Rósir konunnar flottar*

„Ég er með töluvert stóran garð heima hjá mér. Þar er konan mín mjög dugleg í rósarækt og þær hafa aldrei komið eins vel út þrátt fyrir kuldann.“

Jóna Þórunn tekur undir þetta og segir að þrátt fyrir kaldari tíð í sumar, þá hafi veður verið mun stilltara en oft áður. Þá virðist líka hafa verið minna um aðskotadýr eins og lús.

„Þetta er búið að vera mjög óvenjulegt sumar. Ég er með Handsarósir sem ég hef átt lengi. Ég skipti mér ekkert af þeim í vor og klippti þær ekki niður. Þær stækkuðu bara og stækkuðu og blómstruðu svo óvenju fallega,“ segir Jóna. /HKr.

## Starfshópur um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu:

# Samræma þarf verklag hjá opinberum stofnunum

**Starfshópur um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu hefur skilað tilögum sínum til umhverfisráðherra. Í skýrslunni er niðurstöðum hópsins skipt í þrjá meginflokka.**

Í fyrsta lagi er fjallað um forsendur skipulags og ákvarðanatöku um landnotkun. Telur starfshópurinn meðal annars brýnt að samræma verklag hjá opinberum stofnunum við öflun, skráningu, viðhald og miðlun landupplýsinga á Íslandi. Þá er lagt til að ríkið móti sér eigendastefnu um nýtingu og aðra ráðstöfun landareigna í þess eigu. Þannig hljóðar upphaf fréttar á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Í öðru lagi er fjallað um mikilvægi stefnumörkunar og lögleiðingar áætlana fyrir ólíka málaflokka, svo sem landbúnað, landgræðslu, skógrækt og ferðaþjónustu. Slíkar áætlanir fælu í sér stefnumótun til langs tíma og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma. Leggur starfshópurinn til að mótuð verði stefna um stuðning ríkisins í þágu sjálfbærrar landnýtingar og náttúruverndar.

Loks er fjallað um stefnumörkun sem snýr meðal annars að sveitarfélögum. Leggur starfshópurinn til að hvert sveitarfélag móti sér stefnu um uppskiptingu bújarða, með hliðsjón af flokkun landbúnaðarlands, jarðalögum og eigin atvinnustefnu. Enn fremur þurfi að fjalla um loftslagsbreytingar, möguleg áhrif þeirra, aðlögun og mótvægisaðgerðir í áætlunum á vegum ríkis og sveitarfélaga, þar með talið í skipulagsáætlunum og áætlunum fyrir ólíka málaflokka.

Starfshópinn skipuðu þau Björn Helgi Barkarson, formaður, Drífa Kristjánsdóttir, Einar Jónsson, Níels Árni Lund og Steinunn Fjóla Sigurðardóttir. /VH



CFMOTO 500
Götuskráð, tveggja manna, fjórhjóladif, spil, dráttarkúla, sætisbak, tveggja ára ábyrgð ofl.
1.249.000,-
NITRO
Kirkjulundi 17 - 557 4848 - nitro.is

SEPTEMBER TILBOÐ Á DAIKIN LOFT Í LOFT VARMADÆLUM




Tilboð með varmadælu 59.900.- m/vsk
*Virðisaukaskattur er endurgreiddur af varmadælum fyrir íbúðarhúsnæði
** Verð frá 198.400.- m/vsk
SWEP DAIKIN Thermia air MOVE
Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!
Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir


MHG VERSLUN
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

RÉTTU JEPPADEKKIN KOMA ÞÉR ALLA LEIÐ!


FÁÐU AÐSTOÐ VIÐ VAL Á JEPPADEKKJUM HJÁ SÖLUAÐILUM OKKAR UM LAND ALLT
Grjótháls 10 og Fiskislóð 30, Reykjavík
Lyngás 8, Garðabæ
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ
S: 561 4200
NESDEKK
Hjólbarðaverkstæði Bílabúðar Benna, Tangarhöfða 8
S: 590 2045
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Fréttir



Mun lélegri uppskera var af túnum Þóroddsstaðabænda í Ólafsfirði í sumar en í fyrra.

## Þóroddsstaðir í Ólafsfirði:
# Kalt sumar hefur sett strik í heyöflun bænda

**Kuldatíðin í sumar hefur sett stórt strik í reikninginn hjá bændum í Ólafsfirði.**

Lítil heyuppskera hefur verið á túnum og jafnvel farið að nýta 20 ára gömul sinutún til að bæta upp heymagnið.

Hefur ástandið ekki verið svona slæmt frá því menn muna, að sögn Hjalta Bergsveins Bjarkasonar, fjárbónda á Þóroddsstöðum. Hann er meðeigandi tengdaföður síns í jörðinni, Haraldar Marteinssonar, hrossa- og fjárbónda.

Hefur uppskeran verið meira en helmingi minni í sumar en seinustu ár vegna kulda. Sem dæmi þá hófst sláttur 3 vikum seinna núna en síðustu árin.



Það gránaði í fjöll í annarri viku ágúst.



„Maður er búinn að slá jafn mikið af túnum í sumar eins og á undanförnum árum, en það vantar samt töluvert upp á að ná sama heymagni. Þá eru gæðin mjög svipuð og síðustu ár. Þegar verið var að slá í annarri viku ágúst, gránaði vel í fjöll inni í dölum í kring og það snjóaði í fjöll 27. ágúst. Vona menn því bara að veturinn verði góður svo heymagnið dugi hjá öllum í vetur," segir Hjalti. /HKr.



Búið er að malbika rösklega 600 metra af göngustígum í Dimmuborgum og ætlunin er að malbika um 800 metra til viðbótar á þessu ári.

# Göngustígar í Dimmuborgum þykja bestir

**Tæplega 200 þúsund gestir koma árlega í Dimmuborgir í Mývatnssveit. Búið er að malbika rösklega 600 metra af göngustígum í Dimmuborgum og ætlunin er að malbika um 800 metra til viðbótar á þessu ári.**

Auk þess er búið að lagfæra og merkja malarborna göngustíga. Alls eru göngustígar í Dimmuborgum um 6.400 metrar.

*Stígarnir voru farnir að láta á sjá*

Malbikun göngustíga í Dimmuborgum hófst á liðnu ári. Stígarnir voru farnir að láta á sjá vegna mikils fjölda ferðamanna. Stígunum þurfti oft að loka á vorin vegna aurbleytu.

Þrír landeigendur í Mývatnssveit afhentu Landgræðslunni Dimmuborgir til eignar og landgræðslu árið 1942. Allt frá þeim tíma hefur stofnunin unnið að heftingu sandfoks og verndun Borganna. Vandfundið er annað efni en malbik sem hentar og þolir þær þúsundir ferðamanna sem vilja njóta fegurðarinnar í Dimmuborgum. Auk þess gerir malbikið fötluðum kleift að fara um Dimmuborgir án vandkvæða.



Halldóra Tryggvadóttir, vörumerkjastjóri Floridana, með verðlaunaskjalið sem Landgræðslan fékk, en hjá henni standa Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Andrés Arnalds, fagmálastjóri Landgræðslunnar. Mynd / Landgræðslan.

Fyrir tilstuðlan Landgræðslunnar var byggt þjónustuhús ásamt salernum fyrir nokkrum árum við innganginn á Dimmuborgum. Ný salerni voru tekin í notkun á sl. ári.

*Margir styrkja verkefnið*

Ferðamálastofa og Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hafa styrkt þessar framkvæmdir.

Auk þessara aðila hafa ýmis félög, stofnanir, ríkissjóður og sveitarstjórn Skútustaðahrepps styrkt sandfoksvarnir og verndun Dimmuborga. Landgræðsla ríkisins og Umhverfisstofnun hafa gert með sér samstarfssamning um rekstur og verndun Dimmuborga.

Fyrr í sumar efndi Floridana til leiks á Facebook þar sem fólk var beðið um að koma með tillögur að bestu göngustígum Íslands. Miðað var við stíga sem tekur minna en þrjár stundir að ganga. Dimmuborgir í Mývatnssveit hlaut flestar tilnefningar. /MÞÞ

# 701 Hotels kaupa Hallormsstaðaskóla

**Sveitarstjórnir Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps hafa samþykkt að selja húsnæði Hallormsstaðaskóla. Kaupandi er 701 hotels ehf., en það félag á og rekur meðal annars Hótel Hallormsstað, Hótel Valaskjálf og veitingastaðinn Salt á Egilsstöðum.**

Kaupverð eignanna er 105 milljónir króna sem greiðist að fullu innan árs frá afhendingu eignanna. Stefnt er að því að nýr eigandi taki við þeim 1. nóvember að því er fram kemur á vef Austurfréttar.

Eignirnar sem um ræðir er allt húsnæði sem áður hýsti grunnskólann, íþróttahús og sundlaug á staðnum auk 25% eignarhluta sveitarfélaganna í tveimur íbúðum í húsnæði skólans. Ríkissjóður á enn þá 75% hlut í þeim.

Skólabyggingin var reist á árunum 1963–67 og þar var starfræktur grunnskóli í samstarfi þriggja hreppa, Fljótsdalshrepps, Skriðdalshrepps og Vallahrepps. Tveir þeir síðarnefndu sameinuðust síðan öðrum sveitarfélögum, fyrst sem Austur-Hérað en síðar Fljótsdalshérað. Var skólinn þá rekinn í samstarfi tveggja sveitarfélaga þar til í fyrravor að hann var gerður að deild í Egilsstaðaskóla. Nú í vor var síðan tekin ákvörðun um að hætta kennslu á staðnum og í framhaldi að auglýsa húsnæði skólans til sölu.

*Framkvæmdir fara strax af stað*

Þráinn Lárusson er eigandi 701 hotels ehf., sem staðið hefur í miklum framkvæmdum að undanförnu við Hótel Valaskjálf og stækkun á veitingastaðnum Salt. Strax verður hafist handa við nauðsynlegar framkvæmdir á húsnæði til að koma því í gagnið sem fyrst. Þráinn segir við Austurfrétt að ekki sé enn grundvöllur fyrir heilsársrekstri á Hallormsstað, markaðssvæðið sé einkum á höfuðborgarsvæðinu og það kosti sitt að fljúga þaðan austur, landsvæðið sé því í samkeppni við ódýrar borgir í útlöndum.

Hann segir að horft sé til þess að gera staðinn að eins konar heilsulind þar sem fólk myndi dvelja til lengri tíma. „En þó að hugmyndin geti verið góð þá er ekki nóg að opna heilsuhótel, það verður að vera markaður fyrir það." Sá markaður sé ekki fyrir hendi í augnablikinu en gæti breyst. /MÞÞ



Nemendur garðyrkjubrauta og starfsmenn skólans stilltu sér upp í hópmyndatöku í garði Guðbjargar með gamla bæinn í Múlakoti í baksýn. Ljósmynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

# Nemendur Garðyrkjuskólans tóku til hendinni í Múlakoti

**Miðvikudaginn 2. september fór einvalalið nemenda og kennara af garðyrkjubrautum Landbúnaðarháskóla Íslands í vinnuferð í gamla garðinn í Múlakoti í Fljótshlíð.**

Fyrir um ári síðan gáfu hjónin í Múlakoti, þau Stefán Guðbergsson og Sigríður Hjartar, gamla bæinn í Múlakoti og garðinn við húsið í sjálfseignarfélag og hafa verið stofnuð sérstök hollvinasamtök í kringum bæinn með það að leiðarljósi að endurgera hann og færa bæði húsakost og garðinn aftur til vegs og virðingar. Í Múlakoti var rekið gistiheimili um áratugaskeið og dvaldi fjöldi þekktra listamanna þar um lengri eða skemmri tíma í gegnum tíðina. „Garðyrkjuskólinn kom á sínum tíma að því að endurgera garðinn Skrúð í Dýrafirði og var það verkefni mjög vel heppnað. Nú er komið að gamla garðinum í Múlakoti en hann á sér langa og merkilega sögu sem hófst árið 1897 þegar húsfreyjan í Múlakoti, Guðbjörg Þorleifsdóttir, gróðursetti fyrstu trjáplönturnar. Trjágarðurinn varð fljótt víðfrægur um Suðurland og er til fjöldi ljósmynda af prúðbúnu fólki að drekka kaffi og njóta veitinga í blómum prýddum garðinum. Garðyrkjuskólanemendur og aðrir lögðu hart að sér við vinnuna og nutu svo ljúffengra veitinga í hádeginu í gamla bænum. Dagurinn var mjög vel heppnaður og frábært að sjá hvað samstilltur hópur getur afrekað miklu á stuttum tíma," segir Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari á Reykjum í Ölfusi. /MHH

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

IAE

# GRINDUR, VOGIR, BÚR OG FLEIRA

## Galvaníseruð gæða vara - Smíðuð úr stáli




**Fjárvog með skífuvog**
Vörunúmer: F047 2004 10
**Verð kr. 175.303 án vsk.**
Verð kr. 217.376 með vsk.

**Fjárvog með tölvuvog**
Vörunúmer: F047 2004 16
**Verð kr. 236.405 án vsk.**
Verð kr. 293.142 með vsk.



**Meðhöndlunarbúr fyrir sauðfé**
Vörunúmer: F051 2300 01
**Verð kr. 288.809 án vsk.**
Verð kr. 358.123 með vsk.



**Stía - 1,23 m**
Vörunúmer: F052 2002 02
**Verð kr. 5.732 án vsk.**
Verð kr. 7.107 með vsk.

**Stía - 1,84 m**
Vörunúmer: F052 2002 03
**Verð kr. 8.188 án vsk.**
Verð kr. 10.066 með vsk.



**Gjafahringur fyrir sauðfé (lárétt)**
Vörunúmer: F035 2000 02
**Verð kr. 36.057 án vsk.**
Verð kr. 44.710 með vsk.



**Stækkanleg gjafagrind fyrir sauðfé, 160x170 cm**
Vörunúmer: F035 2003 01
**Verð kr. 72.136 án vsk.**
Verð kr. 89.449 með vsk.



**Gjafahringur fyrir hesta, stærð 67x210 cm**
Vörunúmer: F030 2000 23
**Verð kr. 48.735 án vsk.**
Verð kr. 60.432 með vsk.



**Gjafagrind á stoðum fyrir sauðfé**
Vörunúmer: F035 2004 01
**Verð kr. 72.463 án vsk.**
Verð kr. 89.855 með vsk.



**Flokkunargangur**
Vörunúmer: F050 2001 01
**Verð kr. 168.368 án vsk.**
Verð kr. 208.776 með vsk.



**Sauðfjárspray - 6 litir - 400 ml**
Vörunúmer: RIT3010+
**Verð kr. 1.560 án vsk.**
Verð kr. 1.934 með vsk.



**Litastifti í 6 litum**
Vörunúmer: RIT3602+
**Verð kr. 250 án vsk.**
Verð kr. 310 með vsk.



**Brynningarskál**
Vörunúmer: B165 0500 75
**Verð kr. 8.887 án vsk.**
Verð kr. 11.021 með vsk.

### Gerðisgrindur og staurar – Gerum tilboð eftir teikningum

**Engin suðuvinna. Auðvelt og fljótlegt í uppsetningu**

**Gerðigrind 4,27 m**
Vörunúmer: F006 2940 14
**Verð kr. 27.325 án vsk.**
Verð kr. 33.883 með vsk.

**Gerðigrind 3,36 m**
Vörunúmer: F006 2940 11
**Verð kr. 25.143 án vsk.**
Verð kr. 31.177 með vsk.

**Gerðisstaur 2,40 m með 4 eyrum**
Vörunúmer: F017 2103 00
**Verð kr. 20.543 án vsk.**
Verð kr. 25.473 með vsk.

**Gerðisstaur 2,40 m með 2 eyrum**
Vörunúmer: F017 2102 00
**Verð kr. 18.175 án vsk.**
Verð kr. 22.537 með vsk.

**Gerðisstaur 2,40 m með 2 eyrum og læsigati**
Vörunúmer: F017 2003 00
**Verð kr. 18.488 án vsk.**
Verð kr. 22.925 með vsk.

**Einnig fáanleg hlið með 4 slám**
**Stærðir: 0,92 - 1,22 - 3,36 - 4,27 m**

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

**REYKJAVÍK**
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

**AKUREYRI**
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



## Sláturfélag Suðurlands kynnir

# Yea-Mix Iceland

## Steinefnablanda með lifandi geri

Vitfoss
Vitfoss er stærsta bætiefnafyrirtæki á norðurlöndum og er í eigu DLG

**Yea-Mix Iceland** er bætiefnablanda sem er aðlöguð fyrir íslenskar aðstæður. Hún inniheldur lifandi ger sem hefur góð áhrif á örveruflóruna í vömbinni og hjálpar þannig að bæta vambarheilbrigði ásamt því að bæta fóðurnýtingu.

**Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á gagnsemi þess að gefa ger með fóðri:**

- Sýrustigið í vömbinni verður stöðugra og dregur úr hættu á súrri vömb.
- Nýting á sterkju og meltanleiki trénis (NDF) eykst.
- Eykur myndun örvera og hækkar í raun AAT.
- Hlutfall fitusýra verður hagstæðara.
- Lægra magn ammóníaks og lægri frumutala í mjólkinni.
- Aukið almennt heilbrigði og aukin nyt.

**Yea-Mix Iceland inniheldur lífrænt selen og náttúrulegt E-Vítamín**

- Lífrænt selen bindst próteinum og er því 2x meira selenmagn í broddi, mjólk og kjötafurðum.
- Dregur úr júgurbólgu og föstum hildum. Lækkar frumutölu í mjólk. Eykur frjósemi og styrkir ónæmiskerfið.

**Inniheldur bíótín**

- Bíótín styrkir heilbrigði klaufa og feld gripa.




### Innihald í Yea-Mix Iceland

| Steinefni | innihald í kg |
|---|---|
| Kalsíum | 154 g |
| Fosfór | 6 g |
| Magnesíum | 120 g |
| Natríum | 77 g |
| Kalí | 0,4 g |
| Brennisteinn | 39 g |
| Klór | 123,4 g |
| **Vítamín** | |
| A - vítamín | 484.000 i.e |
| D3 - vítamín | 70.000 i.e |
| E - vítamín syntetisk | 968 i.e |
| E - vítamín náttúruleg | 968 i.e |
| Alfatokoferol | 881 mg |
| D-alfatokoferol | 648 mg |
| Biotin | 65 mg |
| **Snefilefni** | |
| Mangan | 5.979 mg |
| Zinkoxid | 7.686 mg |
| Kopar | 4.853 mg |
| Kóbolt | 58 mg |
| Joð | 307 mg |
| Selen natríumselenit | 54 mg |
| Selen lífrænt | 2954 mg |
| Yea-Sacc Sacc. cerevisiae | 8 mia |

Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS.

Sláturfélag Suðurlands svf. • www.ss.is • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000

Fréttir




Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra:

# Reglugerðir láta ekki að sér hæða

**Ég fór um Norðurland á dögunum, var á Handverkshátíðinni í Eyjafjarðarsveit og ég dáðist að fólkinu þar og sveitarfélaginu hversu vel er að verki staðið.**

Handverkshátíðin er sölu- og listasýning sem segir sex. Nú var fuglahræðuþema verkefni íbúanna í sveitinni. Við flestar heimreiðar eða við brúsapallinn var uppákoma í gervi fuglahræðunnar, fólkið lagði kapp og metnað í að gera þetta vel úr garði og forvitnilegt fyrir ferðamenn. En svona verkefni eykur samkennd og vináttu fólksins. Það skapast tækifæri til að kíkja í kaffi eftir góðan hring um fjörðinn og hlæja með nágrönnum sínum. Í mörgum sveitum segja menn mér að þeir hitti oftar vini sína sem fluttir eru í fjarlæg héruð eða til útlanda en nágrannana, öðruvísi mér áður brá. Þorrablótin bjarga auðvitað miklu og kvenfélögin eru víða öflug í félagsstarfseminni. Svo auðvitað skipar„Fasbókin“ stórt hlutverk í því að fylgjast með fjölskyldu og vinum en ég horfi stundum yfir öxlina á Margréti og þekki það af eigin raun.

*Góðum fjósum kastað á glæ*

Í norðurferðinni skrapp ég að morgni dags heim að Syðri-Bægisá í Öxnadal en þar var ég eitt sumar vinnumaður forðum daga því ekkert var fyrir okkur alla bræðurna að gera heima á Brúnastöðum. Húsfreyjan síunga Hulda Aðalsteinsdóttir, húsmóðir mín þá og kona Steins heitins Snorrasonar, kom til dyranna og brosti breitt þegar hún sá mig. Ég spurði; vissirðu að ég væri að koma? „Nei, sagði hún en mig dreymdi þig í nótt þannig að það kemur mér ekki á óvart.“ Já, það er mark að draumum eins og Gissur Þorvaldsson mat það forðum fyrir Örlygsstaðabardagann. Enn er til berdreymið fólk sem kann að ráða í drauma sína.

Við Margrét þáðum góðar veitingar hjá Huldu og skröfuðum um daginn og veginn. Síðan gekk ég í gamla fjósið og hitti Helga Steinsson, þriðju kynslóðina í beinan karllegg sem situr jörðina, góðan og öflugan bónda. Gamla fjósið á Syðri-Bægisá er byggt 1934 af Snorra afa hans og er í raun nútímafjós sem dugað hefur þremur kynslóðum og tugum kynslóða mjólkurkúa. Enn gefur það yngri fjósunum ekkert eftir, mjólkurkúnum líður vel í gamla fjósinu, þær mjólka í dag yfir sjö þúsund lítra að meðaltali. Og í áttatíu ára sögu fjóssins hafa kýrnar á Bægisá verið meðal nythæstu mjólkurkúa í landinu.

*Fimm sentímetra hagfræði reglugerðarmeistaranna*

Helgi, fjósið dugar einni kynslóð enn?

„Nei, nýja reglugerðin krefst þess að fjósinu verði lokað innan tveggja ára,“ sagði hann. - Og hvað er að? spurði ég. „Básarnir eru 5 cm of stuttir segja reglugerðarmeistararnir fyrir sunnan.“

*Voru kýrnar spurðar? spyr ég.*

„Nei og hefðu þær verið spurðar og kosið um reglugerðina þá hefði tillagan verið felld,“ sagði Helgi og hló við, eins og hann hefði rætt málið við þær í mjöltunum um morguninn.

Gamla fjósið á Syðri-Bægisá hefur verið fjós sem hefur alið af sér hamingjusamar kýr sem mjólkin hefur flætt úr. En bændurnir þar hafa auðvitað dekrað við sínar kýr. Mér er sagt að nú þurfi að fjárfesta fyrir 18 milljarða í fjósum af því að tommustokkahagfræðin segir gömul og góð fjós óalandi og óferjandi fyrir mjólkurkýr.

Ekki mun nýja fjósið kosta minna en eitt hundrað milljónir og nú verður básafjöldinn að fara úr 40 básum í 70 bása,til að borga vextina. Auðvitað á fólkið á Syðri-Bægisá skilið að fá nýtt fullkomið legubásafjós en er þessi krafa rétt með svona ákvæði um 5 cm? Eða er leikurinn gerður til að fækka kúabændum?

Nýju legubásafjósin eru góðir vinnustaðir og fara vel með sínar kýr. En það gerir gamla fjósið á Syðri-Bægisá einnig og afurðirnar eru til vitnis um að kúnum líður vel og fjósið hefur með breytingum staðist tímans tönn. Tími básafjósanna rennur út samkvæmt reglugerð eftir um 20 ár. Hvers vegna eru svona smásálarleg atriði nú sett inn þegar bændur eru hvattir til að framleiða sem mesta mjólk, og markaðurinn hefur kallað á meiri mjólk? En svo þetta – kúabændur standið vörð um fjölskyldubúskapinn, hóflega stór bú sem hafa bæði dýravelferð og hamingju fjölskyldu bóndans að leiðarljósi og eiga traust neytenda.

# Villa í lambabókum

**Í lambabókum sem prentaðar voru út í síðustu viku er að finna villu sem felst í því að talnaruðan sem lýsir frjósemi ánna er yfir höfuð röng.**

Þetta lýsir sér m.a. í því að upplýsingar um gemlingsárið (um ærnar veturgamlar) eru vitlausar hjá öllum ánum. Búið er að laga þessa villu inn í Fjárvís.is og mun hún ekki birtast í þeim bókum sem prentaðar verða hér eftir. Tekið skal fram að villan hefur engin áhrif á kynbótamatsútreikninga fyrir frjósemi. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins biðst velvirðingar á þessum mistökum en bendir aftur á að réttar upplýsingar má nú sækja í LAMB. /RML



Bergvin Jóhannsson, bóndi í Áshóli, telur verulega hættu á að malarnám Vegagerðarinnar í sumar á nýjum stað við Fnjóská breyti farvegi árinnar, hún geti tekið upp á því að renna meira til suðurs og þá yfir land við bæina Laufás og Áshól. Myndir / MÞÞ

Malarnám Vegagerðar skammt ofan ósa Fnjóskár:

# Veruleg hætta á að áin breyti um farveg með tilheyrandi hættu á tjóni

## – segir Bergvin Jóhannsson, bóndi á Áshóli í Grýtubakkahreppi

**„Það er veruleg hætta á því að Fnjóská breyti um farveg og taki upp á því að renna til suðurs neðan við Laufásbæinn og áfram suður í land Áshóls,“ segir Bergvin Jóhannsson, bóndi á Áshóli í Grýtubakkahreppi. Áshóll er næsti bær sunnan Laufáss.**

Vegagerðin hóf í sumar malartekju á svæði skammt ofan við ósa Fnjóskár, en fram til þessa hefur allt malarnám til vegagerðar verið tekið úr aðal árfarvegi Fnjóskár á Laufáseyrum og ánni því haldið í sínum rétta farvegi. Bergvin og fleiri íbúar hreppsins eru ósáttir við malarnám á þessum nýja stað og óttast að það hafi til framtíðar slæmar afleiðingar.

„Það svæði sem tekið hefur verið úr í sumar þynnir haftið á milli Fnjóskár og lægra svæðis sunnan við aðalána. Það eru því líkur á og reyndar veruleg hætta á að áin breyti um farveg, renni meira til suðurs og þá neðan undir Laufás og svo hér yfir okkar land í Áshóli,“ segir Bergvin.



Reynist Bergvin sannspár og Fnjóská breyti farvegi sínum í kjölfar mikillar efnistöku eru girðingar, tún og kartöflugarðar á svæðinu í mikilli hættu.

*Þeir sem gáfu leyfi bera fulla ábyrgð verði tjón*

Reynist hann sannspár og sú verði raunin eru girðingar, tún og kartöflugarðar á svæðinu í mikilli hættu. Bergvin segir Áshólsbændur hafa um margra ára skeið varað við malarnámi á þessu svæði. Hann segir staðarhaldara í Laufási, ásamt sveitarstjórn Grýtubakkahrepps, sem og eiganda bæjarins á Laufási hafa gefið sitt leyfi fyrir framkvæmdunum. „Það er því í mínum huga alveg ljóst að breyti Fnjóská um farveg sem hefur í för með sér tjón á landi og eigum annarra þá bera þessi aðilar fulla ábyrgð og ber að bæta það tjón sem verða kann af völdum þessara framkvæmda. Heimamenn hér um slóðir sem velt hafa þessu fyrir sér eru orðlausir og telja þetta mikið glapræði,“ segir Bergvin.

Vegagerðin er nú á haustdögum hætt malarnámi á þessum stað, en að sögn Bergvins var mikið efnismagn tekið þar í sumar og eftir stendur heilmikil gryfja. /MÞÞ

Matís hvetur til aukins matvælaöryggis og bættrar lýðheilsu:

# Tækifæri til að stuðla að auknum heilindum matvæla

**Matís hvetur alla áhugasama aðila til að skrá hugmyndir sínar sem stuðlað geta að auknum heilindum í virðiskeðjum matvæla.**

Heiðarleika evrópskra matvæla er stöðugt ógnað af sviksamlegum merkingum eða eftirlíkingum sem seldar eru til að njóta ávinnings þess virðisauka.

Sem virkur þátttakandi í verkefninu MatarHeilindi vekur Matís athygli á einstöku tækifæri sem nú býðst utanaðkomandi aðilum.

Frá upphafi verkefnisins, í ársbyrjun 2014, hefur verið stefnt að því að hleypa utanaðkomandi aðilum að verkefninu. Áhugasamir aðilar geta tilkynnt áhuga um að tengjast verkefninu og nýta fjármuni sem verkefnið hefur yfir að ráða til að vinna rannsókn sem þjónar sama tilgangi og heildarverkefnið.

Á heimasíðu Matís segir að áhugasamir aðilar þurfi að senda inn hugmyndir sínar í samræmi við lýsingu á vefsíðu verkefnisins fram til 14. ágúst kl. 15.00 að íslenskum tíma. Enginn þeirra 38 aðila sem eru með formlegum hætti tengdir verkefninu MatarHeilindi geta skráð sínar hugmyndir. Opin aðkoma er fyrir hugmyndir eða verkefni sem



lúta að stöðlun og samræmingu, nýjum lausnum til að tryggja heilindi matvæla, hagkvæmniathugun á hvernig megi deila upplýsingum meðfram virðiskeðjum matvæla og hraðvirkum árangursríkum aðferðum til greiningar á svikum.

Fjármögnun til framkvæmdar rannsókna á framangreindum sviðum er áætluð 3 milljónir €. Stuðningur við rannsóknatengdan kostnað í verkefnum er fást við hagkvæmniathugun getur numið allt að 250 þúsund €, fyrir verkefni er fjalla um stöðlun og samræmingu annars vegar og nýjar lausnir hins vegar getur stuðningur mögulega numið allt að hálfri milljón € og fyrir verkefni er snúa að hraðvirkum lausnum getur stuðningur mögulega numið allt að 750 þúsund €.

Verkefnið er leitt af Fera, bresku matvæla- og umhverfisrannsóknastofnuninni.

MatarHeilindi fást við að matvæli séu heil/óskert eða í fullkomnu ástandi þ.e.a.s. að kaupendur fái örugglega afhenta þá vöru sem þeir telja sig vera að kaupa. Veita þarf neytendum eða öðrum hagsmunaaðilum í virðiskeðju evrópskra matvæla fullvissu um öryggi, áreiðanleika og gæði. Heilindi innan matvælaiðnaðarins er lykilatriði til verðmætaaukningar í lífhagkerfi álfunnar.

Verkefninu er ætlað að vera þungamiðja í alþjóðlegri samhæfingu við nýtingu rannsókna og þróunar í að tryggja heiðarleika evrópskra matvæla með þátttöku kjarnahóps verkefnisins. Fera hefur umsjón með þessum þætti verkefnisins.

Matís sinnir hlutverki sínu, að auka verðmæti matvæla, stuðla að matvælaöryggi og bættri lýðheilsu með þróunar- og rannsóknastarfi, með að hvetja áhugasama aðila til að skoða kosti þess að skrá hugmyndir sínar í tæka tíð og nota þar með þetta tækifæri. /VH

# BYSSUSKÁPAR

## Raflæstir og lyklalæstir




**Fyrir 3 byssur**
H 130 cm
B 23 cm
D 23 cm
**kr. 34.900**

**Fyrir 7 byssur**
H 152 cm
B 40 cm
D 30 cm
**kr. 57,900**

**Fyrir 10-12 byssur**
H 152 cm
B 52,5 cm
D 31 cm
**kr. 67.900**

Fóðraðir að innan og læst innrahólf
Hægt er að nota bæði lykla og raflæsingu
Einnig er hægt að kveikja á þjófavörn sem er innbyggð

FEDERAL PREMIUM
Amerísku haglaskotin frá FEDERAL

**Vesturröst**
Sérverslun veiðimannsinns Laugaveg 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA
MOPAR. Jeep CHRYSLER DODGE FIAT
BÍLJÖFUR VARAHLUTIR
Smiðjuvegi 72 · Gul gata Kópavogi · Sími 555 4151 · varahlutir@biljofur.is



Höfum tekið við umboði Topa sem bjóða meðal annars **glussafleyga og fleiri góð verkfæri sem** hafa áunnið sér gott orðspor hér á Íslandi á undan förnum árum.

Topa býður uppá **úrval verkfæra** og aukahluta, t.d. Klippum, Kröbbum og hinn þekkta Vibro-Ripper.

VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • 221 Hafnarfjordur • Sími: 555 6670 • velanaust@velanaust.is

# Gólf - Einstök hönnun

**léttari - sterkari -**
**hreinsa sig betur - hálkuvörn**
**Þolir 4000kg öxulþunga**



ANDERSBETON
www.andersbeton.com

**Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð**
**Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton**

GS
G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

# VERKFÆRA SALAN

**Þessi frábæra kjötsög með hakkavél frá Dinamix er komin aftur**



**Ryðfrítt vinnsluborð og bandsagarblað**
**Vinnsluhæð 240 mm**
**Vinnslubreidd 250 mm**
**Færanlegt vinnsluborð 470x600 mm**
**Hakkavél: Já**
**Mótor: 550 wött**
**Hæð: 1470 mm**
**Þyngd: 58 kg.**

**Verð aðeins kr. 79.000.-**

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík Sími 568-6899
Póstfang: vfs@vfs.is Netsíða: www.vfs.is

Belgagri

**Twenty-One flugnaeitur**

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.
- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu




**Sölustaðir:**
KVH · Verslunin Eyri · Bústólpi · BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

STREYMI heildverslun
**Streymi heildverslun ehf.**
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

## Svínabúið Ormsstaðir sérkennir sig sem velferðarbú:

# Ætla alfarið að hætta að gelda grísina

**Á svínabúinu Ormsstöðum í Grímsnesi er unnið markvisst að velferð gripanna og má búið teljast frumkvöðull að því leyti á nokkrum sviðum. Árið 2010 var hætt að klippa hala á grísum og árið 2013 voru allar gylturnar komnar í lausagöngu á búinu.**

„Við tókum þátt í hátíðinni Borg í sveit sem var í Grímsnes- og Grafningshreppi í maílok. Þá ákváðum við að bjóða fólki að skrá sig í skoðunarferðir inn á búið. Ég var búin að reikna með að ég gæti tekið við svona 50–60 manns, en svo komu 70 og einhvern veginn náðum við að láta það ganga upp. Heildarfjöldinn sem kom í heimsókn var hins vegar um 200 manns og ég gat sýnt fólkinu á teikningum grunnskipulagið á búinu og framtíðarsýnina," segir Guðný Tómasdóttir, svínabóndi á Ormsstöðum í Grímsnesi. Hún leggur metnað í rekstur svínabúsins og finnst mikilvægt að almenningur og neytendur séu upplýstir um það sem þar er gert.

„Þeir sem ekki fóru þessa ferð í gegnum búið gátu skoðað sig hérna um á svæðinu, en við erum með nokkur útisvín til sýnis, einnig landnámshænur og svo vorum við með hestana hérna heima við."



Guðný Tómasdóttir, svínabóndi á Ormsstöðum, við lausagöngustíurnar þar sem gylturnar hennar eru. Hún segir að lausagangan hafi haft margvísleg jákvæð áhrif á gylturnar, til að mynda séu þær almennt heilbrigðari. Myndir / smh

*Sérstaða okkar felst í dýravelferð*

„Við ákváðum að við þyrftum að marka okkur sérstöðu til framtíðar – því við viljum ekki verða eitthvað rosalega stór – og þá var nærtækast í okkar huga að velja velferðarvinkilinn. Við höfum verið í samvinnuverkefni með Matís í því að það verði alveg hætt að gelda á okkar búi. Við höfum vakið athygli fyrir þá stefnumótun, enda erum við fyrsta svínabúið á Íslandi sem fer í þá átt. Dýraverndarsambandið hefur sýnt verkefninu mikinn áhuga og stuðning og formaðurinn komið í heimsókn til að taka þetta út. Reyndar byrjuðum við að hugsa á þessum velferðarnótum fyrir löngu síðan og strax árið 2010 hættum við að klippa hala. Áður en við hættum að klippa hala vissum við varla hvað halabit var. Við gerðum það af því að allir aðrir gerðu það. Ég veit alveg hvað halabit er í dag, en það er ekki slíkt vandamál að mig langi til að fara að klippa hala aftur. Ef það koma upp einhver vandamál, þá höfum við getað leyst þau með öðrum hætti en að þurfa að klippa halana," segir Guðný.

*Gylturnar í lausagöngu*

„Næsta framfaraskref hjá okkur var svo að setja gylturnar í lausagöngu og árið 2013 voru allar gylturnar komnar í lausagöngu. Það er alveg hægt að segja að það hafi verið nokkuð erfitt skref því fyrst í stað gekk samvistin vægast sagt illa á milli þeirra. Núna er þetta orðið allt annað líf og það tekur þær ekki nema tíu mínútur eða korter að finna út goggunarröð og koma sér saman um samskiptavenjur ef svo má segja. Í kjölfarið á þeim breytingum hafa góðir hlutir verið að gerast; við fáum hraustari gyltur og pensilínnotkun hefur nánast horfið.

Næsta mál á dagskrá er svo að stækka gotstíurnar. Ég get ekki útskýrt þetta sérstaklega en það er eins og gylturnar hafi stækkað eftir að þær fóru í lausagöngu. Ég á mjög erfitt með að setja þær í þessar hefðbundnu gotstíur vegna þrengslanna. Við erum komin með eina stærri gotstíu til prufu og það er alveg gríðarlegur munur að hafa þær opnanlegar og svona rúmgóðar. Samkvæmt reglugerð erum við með nokkurra ára aðlögunartíma en mér líður bara orðið þannig með þetta að ég vil helst geta endurnýjað stíurnar sem fyrst. Þetta er samt ekki auðveld fjárfesting því hver stía kostar um 200 þúsund og við þurfum að kaupa 60 slíkar," útskýrir Guðný.



Nýja gotstían er, eins og sjá má, mjög rúmgóð.



Gotstíurnar eins og þær eru í dag. Guðný segir að með lausagöngunni hafi gylturnar stækkað og komið sé að ákveðnum þolmörkum.



Nokkrir grísir eru með frjálsa útiveru og eru hafðir til sýnis.

*Útisvæði eru á teikniborðinu*

Enn róttækari breytingar eru á teikniborðinu um framtíðarskipulagið á Ormsstöðum. „Til að geta komið þessum breytingum á gotstíum í gegn verðum við að gera ákveðnar skipulagsbreytingar þar sem gotstíurnar passa eingöngu á það svæði, þar sem þær eru í dag. Í framhaldinu viljum við ganga enn lengra og opna fyrir útisvæði bæði fyrir eldisgrísina en einnig fyrir gylturnar. Það yrðu steyptar gryfjur og opið rými sem hægt væri að opna og loka eftir hentugleika. Við yrðum að hafa þetta steypt því við erum alltaf hrædd við ýmsar smithættur, en þarna yrði hálmur og gripirnir gætu spókað sig undir beru lofti."

*Á stefnuskránni að hætta alveg að gelda*

„Verkefnið sem Matís tekur þátt í með okkur, felst eins og áður segir í því að við hættum alfarið að gelda. Það mun taka svolítinn tíma. Við höfum líka fengið Sláturfélag Suðurlands til að koma að þessu að einhverju leyti. Einnig hefur kjötvinnslan Krás unnið vörur úr ógeltum grísum fyrir okkur, en hún vinnur líka allar afurðir fyrir okkur sem eru til sölu beint frá býli. Þetta er langhlaup því það þarf að sannfæra stjórnendur afurðastöðva og almenning um að ekkert galtarbragð fylgi kjötinu af ógeltum grísum. Við höfum verið að gefa bragðprufur og selt hjá okkur steikur ódýrari – og ég hef ekki enn fengið neinar athugasemdir varðandi bragðið. Við slátrum dýrunum það ungum, eða fimm til sex mánaða, þannig að það á ekki að vera nein hætta á því að galtarbragð sé af kjötinu.

Ef hægt er að tala um hættu, er mesta hættan á að slíkt bragð sé af fitunni. Það liggur fyrir að mikið af afurðunum eru notaðar í skinkugerð og þar er enga fitu að finna. Það á ekki að vera hætta á því að galtarbragð sé af afurðunum, enda hafa Bretar selt slíkar afurðir í mörg ár án þess að það sé eitthvert tiltökumál. Ég segi að það sé bara þröngsýni á búum og hjá afurðastöðvum þegar talað er um að ekki sé hægt að hætta að gelda grísi. Við höfum ekki lent í neinum vandamálum heldur með þessa gripi inni á búunum – við höfum meira að segja verið með 80 slíka gripi í einu saman á búinu án vandræða. Við viljum vera alveg hætt að gelda fyrir 2020, en erum núna alltaf með um 20 grísi til prufu."

*Beint frá býli-afurðir*

Lítil verslun er rekin á Ormsstöðum og einnig er selt nokkuð í gegnum Facebook-síðu búsins. Guðný segir að líklega sé ekki nema um eitt prósent af afurðunum selt beint frá býli, en þau hafi hug á því að auka það hlutfall og einkenna sig enn frekar. „Það er bara svo dýrt að stíga skrefið áfram í markaðssetningunni. Við höfum hingað til viljað setja þann aukapening sem við höfum haft frekar í búið. Þegar við verðum komin aðeins lengra munum við örugglega fara að huga að því að leggja meira fjármagn í það. Facebook-síðan okkar hefur hins vegar gagnast vel og við seljum heila og hálfa skrokka í gegnum hana, sem við sendum svo til viðskiptavina okkar. Það er ánægjulegt þegar við fáum viðbrögð frá viðskiptavinum um það að þeir velji okkar vörur vegna velferðarsjónarmiða sem við leggjum til grundvallar."

*Brauðmeti er uppistaðan í fóðrinu*

Auk þess að vera velferðarbú er lögð sérstök áhersla á endurvinnslu á Ormsstöðum. „Við teljum okkur vera svona endurvinnslubú og einn liður í því eru fóðurmálin. Við keyrum fimm til sex daga vikunnar og sækjum umframbakstur úr bakaríunum; það sem verður afgangs af brauðmeti frá tilteknum bakaríum og verslunum. Þetta er allt ferskt en má ekki selja vegna þess að það er komið fram á síðasta söludag. Brauðmetið er hér unnið í sérstöku fóðurhúsi þar sem það fer í sýringu til að halda ferskleika og er þaðan leitt sem eins konar mauk í leiðslum í svínahúsin. Svo verðum við að bæta próteinum og vítamínum við. Við höfum verið að stilla þessa fóðurframleiðslu af með tímanum, en við byrjuðum á að nýta okkur þessa afganga í kringum árið 1985. Þetta er allt farið að virka eins og best verður á kosið og við komum vel út í öllum mælingum. Brauðmetið skilar því svo að kjötið verður aðeins fitusprengt sem eykur gæði kjötsins. Við kaupum allt þetta hráefni að sjálfsögðu, en setjum mörkin við að verðið sé ekki hærra en á byggi – sem við myndum annars nota.

Við göngum svo frá öllum umbúðum þannig að það verði endurnýtanlegt og við erum með fasta viðskiptavini sem kaupa það af okkur."

*Útlitið var slæmt í verkfallinu*

Að sögn Guðnýjar kreppti verulega að búinu á meðan verkfall dýralækna stóð yfir í vor og ekki mátti senda kjöt á markað. „Verkfallið fór illa með okkur og vorum við alveg komin að þolmörkum með þéttleikann á búinu, en sem betur fer höfðum við upp á einhverja fermetra að hlaupa. Þetta var mikið fjárhagslegt tjón sem hefur að einhverju leyti unnist til baka.

Eftir verkfall höfum við náð að senda frá okkur alla þá grísi sem höfðu safnast upp meðan á verkfallinu stóð, en fjárhagslega tekur langan tíma að leiðrétta svona dýfu. Ef við fáum ekki neina hækkun á verði til okkar nú í haust þá verður þetta áfram mjög erfitt." /smh




FÁÐU AÐSTOÐ VIÐ VAL Á MÓTORHJÓLA - OG FJÓRHJÓLADEKKJUM HJÁ SÖLUAÐILUM OKKAR UM LAND ALLT

Grjóthals 10 og Fiskislóð 30, Reykjavík
Lyngás 8, Garðabæ
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ
S: 561 4200

NESDEKK

Hjólbarðaverkstæði Bílabúðar Benna
Tangarhöfða 8
S: 590 2045

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



# Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum til 30. september 2015**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

33"-35" jeppadekk í úrvali á góðu verði.



**Vinsamlegast hafið samband við**
Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

**Jason ehf.**
**Hafnarstræti 88**
**Akureyri**



**Smíðum bíllykla**

Mercedes-Benz mazda CITROËN BMW



**Smíðum og forritum flestar gerðir bíllykla**
**Tímapantanir óþarfar**

Stofnað 1988
**Neyðarþjónustan**
Lásasmiðurinn

**Skútuvogur 11 • s: 510-8888**



*Bændablaðið* Smáauglýsingar 56-30-300

**Næsta blað kemur út 24. september**






# VINNUFATABÚÐIN

LAUGAVEGI 76, SÍMI 551-5425 FaceBook






# SuperCut

FJÖLNOTAVÉL

**Tækið sem alla iðnaðarmenn dreymir um:**

Trésmiðinn, píparann, rafvirkjann, bílasmiðinn, flísalagningamanninn, dúkarann, málarann



**FM 14-180**
Steinskurðarvél



RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

# STEKKUR



## Hvernig bragðast hverafuglar?

**Undirritaður er mikill áhugamaður um rómantíska náttúrufræði og mat og því lengi langað að smakka hverafugl. Fugla sem eru soðnir í köldu vatni.**

Þjóðsögur, sagnir og gamlar náttúrufræðibækur geyma sögur og lýsingar á hverafuglum og ýmsir merkir menn hafa ekki treyst sér til að neita tilveru þeirra. Séra Snorri á Húsafelli segir frá hverafuglum í bæklingi sem hann ritaði um íslenska náttúrufræði.

Sögur um hverafugla eru nær eingöngu þekktar úr Árnes- og Rangárvallasýslum, enda mest um hveri á því svæði.

Hverafuglum er lýst sem litlum, dökkum sundfuglum með langan háls og líka öndum. Sumir segja að þeir séu mógráir, ljósari á bringunni og með hvítan hring í kringum augun. Goggurinn er sagður frammjór og vængirnir litlir. Fuglarnir halda sig í og við heita hveri og hafa menn séð þá stinga sér niður í sjóðandi vatnið.

Séra Snorri Björnsson á Húsafelli segir að hverafuglar séu mjög algengir en styggir. Hann segir að menn hafi stundum skotið hverafugla til matar en að það sé ekki hægt að sjóða þá í heitu vatni eins og annan mat.

Hverafugla þarf að sjóða í köldu vatni og tekur um eina og hálfa klukkustund að matreiða þá. Þeir þykja þokkalegir á bragðið en nokkurt kuldabragð er af þeim.

Talsvert er fjallað um hverafugla í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Þeir félagar segjast ekki hafa séð slíka fugla og telja hverafugla vera eitt af undrum náttúrunnar þar sem þeir syndi í sjóðandi vatni.

Eggert og Bjarni fóru nokkrar ferðir út að Akrahver í Hveragerði og biðu þar tímunum saman en urðu fuglanna ekki varir. Niðurstaða þeirra er sú að langflestir Íslendingar trúi því að hér sé um raunverulega fugla að ræða.

Það veldur þeim þó miklum heilabrotum hvernig fuglarnir geti lifað í sjóðandi heitu vatni. „En ef við hins vegar ætlum að telja þetta náttúrulega fugla þá veldur það allmiklum vandræðum, jafnvel þótt fuglarnir haldi sig ekki í sjóðandi vatni heldur syndi aðeins skamma stund til þess að skríða niður í holur á jörðinni, líkt og keldusvínið. Fiður þeirra og hin harða húð á nefi þeirra og fótum gæti ef til vill þolað hitann og jafnvel haldið vatninu frá líkama þeirra. En hvað á að segja um augun? Þau hlytu að vera með allt öðrum hætti en augu annarra dýra, en menn þekkja, ef þau ættu að þola þennan hita.“

Þeir velta einnig fyrir sé hvernig blóðið í fuglum sé og hvernig þeir fari að því að kafa vegna þess að blóðið í fuglum sé yfirleitt létt. „Ef menn hins vegar vilja gera skriðdýr úr hverafuglum þá er ef til vill auðveldara að skýra tilveru þeirra. En ef þetta eru venjulegir fuglar þá eru þeir í sannleika mikil og furðuleg nýjung í náttúrufræðinni.“ /VH

### Heimsráðstefnan World Forestry Congress um skóga:

# Árið 2015 getur skipt sköpum fyrir skóga framtíðarinnar

**Heimsráðstefnan um skóga, World Forestry Congress (WFC), er nú haldin í fjórtánda sinn á vegum FAO, matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Ráðstefnan er haldin í Suður-Afríku.**

Um er að ræða stærstu skógaráðstefnu sem haldin er í heiminum og fer hún fram á sex ára fresti. Ráðstefnuna sækja sérfræðingar, fagfólk, embættisfólk, stjórnmálafólk og áhugafólk hvaðanæva að úr heiminum. Markmiðið ráðstefnunnar er að vekja athygli á mikilvægi skógræktar og skógarnytja fyrir sjálfbæra þróun í heiminum, efla skilning fólks á þeim ógnum sem steðja að skógum heims, benda á lausnir, miðla þekkingu og stuðla að því að tekið sé á brýnustu úrlausnarefnunum. Í frétt á heimasíðu Skógræktar ríkisins segir að árið 2015 sé talið geta skipt sköpum um framtíð skóga jarðarinnar. Þjóðir heims búa sig nú undir að innleiða sameiginleg markmið um sjálfbæra þróun og undir lok ársins verður haldin í París loftslagsráðstefnan sem kölluð hefur verið mikilvægasti fundur mannkynssögunnar.

***Skýrsla um ástand skóga***

Við setningarathöfn heimsráðstefnunnar í Durban í gær var kynnt ný skýrsla Sameinuðu þjóðanna um ástand skóganna í heiminum, Global Forest Resources Assessment 2015. Í skýrslunni er farið yfir hvernig skógar heimsins hafa þróast undanfarinn aldarfjórðung, hvernig nýtingu þeirra er háttað, hversu sjálfbær nýtingin er og þess háttar.




***Skógareyðingin mest í Brasilíu***

Undanfarin fimm ár hefur mesta skógareyðingin verið í Brasilíu og Indónesíu að því er fram kemur í skýrslu FAO. Hér má sjá skógareyðingu í þeim tíu löndum í heiminum þar sem mest hefur tapast af skóglendi frá árinu 2010. Tölurnar eru í hektkurum. Brasilía 984.000, Indónesía 684.000, Mjanmar 546.00, Nígería 410.000, Tansanía 372.000, Paragvæ 325.000, Simbabve 312.000, Austur-Kongó 311.000, Argentína 297.000 og Venesúela 289.000. /VH

**BÚNAÐARSTOFA**

# Verkefnastjórn skipuð um flutning stjórnsýsluverkefna frá BÍ

**Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur skipað verkefnastjórn um flutning stjórnsýsluverkefna frá Bændasamtökum Íslands til Matvælastofnunar.**

Verkefnastjórnin er þannig skipuð: Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, formaður, Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar, og Jón Baldur Lorange, forstöðumaður Búnaðarstofu BÍ. Samningsaðilar eru sammála um að flutningi stjórnsýsluverkefna skuli verða lokið fyrir 1. janúar 2016.




### Framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða:

# Umsóknarfrestur framlengist til 21. september 2015

**Bændasamtök Íslands, Búnaðarstofa auglýsir eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki vegna framkvæmda á árinu 2015.**

Opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir á Bændatorginu. Upplýsingar um skráðar spildur og stafræn túnkort eru sóttar sjálfvirkt í skýrsluhaldskerfið JÖRÐ. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 21. september 2015. Framlög til jarðræktar fara eftir verklagsreglum í reglugerð nr. 1100/2014 og reglugerð nr. 1101/2014.

Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt sem viðurkenndir úttektaraðilar sjá um sbr. verklagsreglur um framkvæmd úttekta. Úttektum skal vera lokið fyrir 15. nóvember ár hvert.

Á Bændatorginu má nálgast frekari upplýsingar um verklagsreglur um framlög og úttektir.

Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.



# Stuðningur til söfnunar ullar

### – auglýst eftir umsækjendum

**Bændasamtök Íslands, Búnaðarstofa, auglýsir eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar.**

Er þetta gert samkvæmt 3. gr. verklagsreglna um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar í VIÐAUKA I í reglugerð nr. 1100/2014 (verklagsreglur um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar).

Umsóknarfrestur er til 25. september næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Búnaðarstofa í síma 563 0300 og á gss@bondi.is.

# Áfangi í tölvumálum

***Í júlí síðastliðinn var farið að greiða beingreiðslur í mjólkurframleiðslu í tölvukerfinu AFURÐ, greiðslukerfi Búnaðarstofu.***

Þar með er öll umsýsla greiðslna til bænda samkvæmt búvörusamningum unnin í AFURÐ. Eldri tölvukerfi sem voru í stórtölvu IBM AS400 Bændasamtakanna hafa verið tekin úr notkun. Þessi eldri tölvukerfi hafa verið í notkun frá tímum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, eða í um 35 ár.



# Nýliðun í mjólkurframleiðslu

**Bændasamtök Íslands, Búnaðarstofa auglýsir eftir umsækjendum um framlög vegna stuðnings við nýliðun í mjólkurframleiðslu.**

Er þetta samkvæmt verklagsreglum í VIÐAUKA V, (verklagsreglur um stuðning við nýliðun í mjólkurframleiðslu) í reglugerð nr. 1101/2014 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2015, með síðari breytingum.

Þeir sem hafa hug á að sækja um eru hvattir til að kynna sér áðurnefndar verklagsreglur.

Umsóknarfrestur er til 15. október næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Búnaðarstofa í síma 563 0300 og á ak@bondi.is

# Aðgangur fyrir bókhaldara á Bændatorginu

**Stofnaður hefur verið aðgangur fyrir bókhaldara á Bændatorginu sem er til þess að bændur geti gefið bókhaldsstofum aðgang að upplýsingum um skattyfirlit og greiðslur samkvæmt búnaðar- og búvörusamningum.**

Bókhaldarar geta nú nálgast þessar upplýsingar fyrir alla þá bændur sem veitt hafa þeim umboð. Eyðublöð fyrir umboð er hægt að sækja á Bændatorginu og skulu þau send til Búnaðarstofu. Það má senda í tölvupósti á gss@bondi.is eða í bréfapósti til Bændasamtakanna, Búnaðarstofu. Árgjald fyrir þennan aðgang er 6.000 kr. án vsk.

Ekki verða lengur send yfirlit í tölvupósti eða gefnar upplýsingar í síma, m.a. af persónuverndarástæðum.

# Greiðslumark á Bændatorginu

Nú geta handhafar beingreiðslna séð gildandi greiðslumark fyrir sitt bú á Bændatorginu í flipanum Greiðslumark í skjámyndinni sem kemur fram ef ýtt er á „Bú yfirlit: Sækja:“








Mikið úrval aukahluta

BIRCHMEIER





**Profi Star 5** fyrir garðinn

**Spray-Matic 5P** fyrir olíuefni

**Clean-Matic 5E** fyrir alkalísk efni

**Clean-Matic 5P** fyrir sýruefni

STREYMI heildverslun

**Streymi heildverslun ehf.**
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

**Made in Switzerland**



Bændablaðið
Næsta blað kemur út
24. september



Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot





- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300



# Múslífóður fyrir smákálfa

Lystugt múslífóður fyrir kálfa á fyrstu þrem vikum æviskeiðsins

Kálfurinn nær fyrr tökum á kjarnfóðuráti þar sem fóðrið vekur áhuga kálfsins vegna lyktar og áferðar.

Mælt er með frjálsum aðgangi að múslífóðri fyrstu þrjár vikurnar.

Inniheldur steinefnablöndu sem sniðin er að þörfum smákálfa.

Trénishlutfall og samsetning hafa jákvæð áhrif á vambarþroska.

Fæst í verslunum Líflands og hjá endursöluaðilum.








Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is

LÍFLAND


## Átjándi aðalfundur Landssamtaka skógareigenda

## Haldinn í Hótel Stykkishólmi dagana 2.-3. október 2015.

**Aðalfundur LSE** verður haldinn í Hótel Stykkishólmi 2. – 3. október næstkomandi. Að þessu sinni er fundurinn haldinn í samstarfi við Félag skógarbænda á Vesturlandi.

Fundurinn hefst kl. 14.00 á föstudeginum 2. október með venjulegum aðalfundarstörfum, en gert verður hlé á fundinum kl. 16.00. Framhald aðalfundar verður svo laugardaginn 3. október og hefst kl. 9.00.

**Málþing** verður haldið í tengslum við aðalfundinn sem hefst kl. 16.00. 2, október. Fjallað verður um skógarnytjar á Vesturlandi og um úttektir á árangri í skógrækt og leiðir til úrbóta.

**Ársfundur** jólatrjáaræktenda verður á föstudagskvöldinu þar sem boðið verður m.a upp á fræðsluerindi um ræktun fjallaþins sem jólatrés.

Félag skógarbænda á Vesturlandi bjóða fundargestum í skógargöngu með leiðsögn á laugardeginum, og að endingu njóta allir góðrar samveru á **árshátíð** skógarbænda.

Nánari upplýsingar veitir Hrönn Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri LSE í síma 899-9662 eða netfangið hronn.lse@gmail.com

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

FsV

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com





Þar sem Skíðadalur og Svarfaðardalur mætast er Tunga. Allt frá árinu 1923 hefur rétt staðið þar og nefnist hún Tungurétt. Þangað hefur jafnan verið rekið bæði fé og hross af afréttarsvæðum í Skíðadalsbotni. Hér sést stóðið rekið niður að Tungurétt á fallegum degi haustið 2014. Myndir /GHP

# Frjálsræðið mikilvægt

## – stóðréttir breytast í tímanna rás

**Hjarta hestamennskunnar slær í stóðréttum. Stóðréttir eru taldar meðal líflegustu viðburða hestamennskunnar ár hvert. Átján stóðréttir fara fram þessa daga á Norðurlandi. Eðli og þróun stóðrétta hefur þó tekið stakkaskiptum.**

Á haustin hverfist hestamennskan um gangnalíf og réttir. Hestamenn eru margir sammála um að stóðréttir, og það sem þeim fylgir, séu einn af hápunktum ársins. Þá er hrossum, sem dvalið hafa í afréttum um nokkurra vikna skeið, smalað saman og rekin til réttar þar sem eigendur þeirra færa þau aftur heim. Átján stóðréttir fara fram í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslum, Skagafirði og Eyjafirði á næstu vikum. Eins og vera ber má búast við gleði og söng, kveðskap og rómantík.



Frjálsræði hrossanna og samskipti þeirra á milli hefur áhrif á geðslag þeirra, gerir hrossin kjarkaðri og sjálfstæðari.



Uppeldi í náttúrulegu umhverfi upprunalandsins er einnig nefndur sem styrkleiki í markaðssetningu íslenskra hrossa erlendis.

### *Fækkun afrétta*

Upprekstur stóðhrossa var víða aflagður á síðari hluta 20. aldar af gróðurverndarástæðum, enda getur beit valdið miklum skaða á viðkvæmu uppskerurýru landi. Í dag eru hross eingöngu rekin á afrétt á Norðurlandi, í Húnavatnssýslum og Skagafirði.

Á þessum afréttum er gróðurástand yfirleitt í góðu lagi og tekið er mið af árferði hverju sinni áður en upprekstur hrossa er leyfður á sumrin. Einnig er miðað við að fjöldi hrossa á afréttum sé innan tiltekinna marka. Á síðustu árum er heldur minni ásókn í að reka hross til afrétta en áður var og hrossum því fækkað á sumum afréttum samkvæmt upplýsingum frá Bjarna Maronssyni, hjá Landgræðslu ríkisins.

Öldin var þó eitt sinn önnur og þá voru rekstrar í afrétt algengar víða um land. Upp úr 1980 var ákveðið að bannað skyldi að reka hross á þá afrétti þar sem gróður var að blása upp og eyðast við lítinn fögnuð hestamanna sem mótmæltu ákvörðuninni með tillögum landsþings LH árið 1983 og 1984. Allt kom fyrir ekki. Á Suðurlandi var stóð síðast rekið kringum árið 1990 í Hvítárnes í Biskupstungnaafrétti en á Vesturlandi var réttað í Oddstaðarétt í Lundarreykjadal til aldamóta.

### *Ákjósanlegt þroskaumhverfi*

Afréttardvöl er talin ákjósanlegasta uppeldis- og þroskaumhverfi fyrir íslensk hross. Dvöl þeirra, sérstaklega unghrossa, á afrétt í víðáttu hefur verið talin stuðla að andlegum og líkamlegum þroska. Frjálsræði hestanna og samskipti þeirra á milli hefur áhrif á lundarfar þeirra, gerir hrossin kjarkaðri og sjálfstæðari. Þá er hreyfing í hrjóstrugu landi talin styrkja fætur hrossanna, gera þau fótvissari og liprari. Þetta kemur m.a. fram í viðhorfskönnun meðal hrossabænda sem Steinunn Anna Halldórsdóttir gerði við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri árið 2005. Þar kemur einnig fram að bændum þykir afréttarnýting nauðsynleg og telja mikinn skaða fyrir íslensk hross og hrossrækt ef rekstur á afrétt leggst af. Nýlegri rannsóknir á eðli og áhrif beitar hrossa í afréttum hefur ekki verið gerð opinber.

### *Styrkleiki í markaðssetningu*

En frjálsræðið er ekki eingöngu verðmætt fyrir hrossin. Uppeldi í náttúrulegu umhverfi upprunalandsins er einnig nefndur sem styrkleiki í markaðssetningu íslenskra hrossa erlendis. Það er meðal þess sem kemur fram í skýrslu nefnda á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins frá árinu 2009 sem fjallar um markaðssetningu íslenska hestsins erlendis. Er jafnvel talið að það sé eitt helsta markaðstromp íslensk fæddra hrossa í samkeppni við stóðugt sterkari erlenda markaði.



Undanfarin ár hafa stóðréttir verið markaðssettar sem viðburður fyrir ferðamenn. Skipulagðar hafa verið ferðir og leiðsögn kringum stóðréttir og ferðamönnum gefst kostur á að aðstoða við rekstur stóðsins.



Erlendir áhugamenn og eigendur íslenskra hesta sækja landið heim til að upplifa íslenska hestinn í upprunalandinu, til að upplifa menninguna og mannlífið kringum íslenska hestinn.

### *Vaxandi ferðaþjónusta*

Stóðréttir eru ekki síst vettvangur hestamanna. Hross ganga þar kaupum og sölum. Þá eru stóðréttir ferðaþjónustunni mikilvægar enda eykst fjöldi erlendra ferðamanna stöðugt. Undanfarin ár hafa stóðréttir verið markaðssettar sem viðburður fyrir ferðamenn.

Erlendir áhugamenn og eigendur íslenskra hesta sækja landið heim til að upplifa íslenska hestinn í upprunalandinu, til að upplifa menninguna og mannlífið kringum íslenska hestinn. Skipulagðar hafa verið ferðir og leiðsögn kringum stóðréttir og boðið er upp á ýmsar vörur og þjónustu tengdar viðburðinum, svo sem hestaleigu, gistingu, akstur, veitingar, dansleiki, hestasýningar, minjagripi og hross. Vinsælust er efalaust Laufskálarétt í Skagafirði þar sem fjöldi manna er oftast margfaldur á við fjölda hrossa.

/GHP



# BOS geymslugámar og skemmur

Hinir vinsælu BOS geymslugámar aftur fáanlegir á Íslandi!

- Léttir og auðveldir í uppsetningu
- 10 ára ábyrgð gegn tæringu
- Þýsk gæðavara
- Sýningargámar á staðnum

Hafðu samband 568 0100

Bjóðum einnig vöruskemmur í ýmsum stærðum frá BOS.

Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is

ATHYGLI-Ágúst 2015



B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi 9.900 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is





Mynd: Josefine Unterhauser

Allt í gleri
ÚTI OG INNI

Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi
Sími: 54 54 300
ispan@ispan.is
ispan.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Íspan
GLER OG SPEGLAR



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 24. september



# HAUSTTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM



VH/14-04

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

www.volundarhus.is

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd
kr. 1.599.000,- án fylgihluta.
kr. 1.899.000,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,2m²
kr. 149.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 339.900,- m/fylgihlutum



28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400





# 2 eða 4 hraða
# Bor- og skrúfvélar
14,4 og 18 volt



ASCM 18 QX
- 18 volta
- 4 hraðar
- Tvær patrónur
- Kolalaus mótor
- Kraftur 90 Nm
- Þyngd: 2,0 kg

ASCD W4
- 18 volta
- Kraftur 158 Nm
- Fyrir ¼" skrúfbita
- 2200 rpm
- Þyngd: 1,5 kg



Frábær ending á rafhlöðum

RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Fréttaskýring

## Fjárfestar um allan heim leita að tryggum fjárfestingakostum í stað afar ótryggra verðbréfa:

# Mikil ásælni í ræktarland

## – tvinnast inn í fæðuöryggisáhyggjur þjóða og er hugsanlega að hluta undirrót átakanna um yfirráðin í Úkraínu

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Það hrikti í öllu efnahagskerfi heimsbyggðarinnar mánudaginn 25. ágúst þegar verðbréf hríðféllu á markaði í Kína. Mikil óvissa er um framhaldið og fjárfestar reyna að finna tryggari bakgrunn fyrir sitt fjármagn en þá fölsku froðu sem oft einkennir hlutabréf og önnur verðbréf.**

Á liðnum árum hafa fjárfestar víða um lönd verið að átta sig á að einhver besta tryggingin er í grunni matvælaframleiðslu heimsins. Fólk mun alltaf þurfa mat hvernig svo sem ástand fjármálakerfisins er og pólitískar sveiflur í heiminum. Því er undirstaða matvælaframleiðslunnar, þ.e. ræktarlandið sjálft, líklega besta tryggingin sem völ er á. Það verður aldrei verðlaust, nema þá að menn eyðileggi landið með eiturefnum eða fórni því á annan hátt. Án efa verða vatnsréttindi sífellt verðmætari og næst á óskalista fjárfesta. Ekki er heldur laust við að farið sé að örla á vaxandi áhuga peningamanna á íslenskum bújörðum.

Samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) er nýtanlegt landbúnaðarland um 33% alls þurrlendis jarðar eða nær 14 milljónir ferkílómetra, en einungis 9,3% eru talin hæf til akuryrkju.

Þetta land hefur vakið áhuga áhættufjárfesta, fjárfestingarfélaga og stórfyrirtækja sem ein öruggasta fjárfestingarleið sem til sé. Það þurfi jú alltaf að framleiða mat. Talið er að á næstu misserum og árum muni matvælaverð hækka mikið vegna hækkandi leigu á ræktarlandi sem er í auknum mæli að lenda í höndum fjárfesta.

### *Þjóðir heims reyna að tryggja sér aðgengi að mat*

Fjöldi þjóða hefur sett sér það markmið að eignast ræktarland utan sinna landamæra. Þar hafa m.a. verið nefnd arabaríkin við Persaflóa, Kína, Suður-Kórea, Indland, Japan, Bandaríkin og fleiri lönd.

### *Aukin átök um eign á ræktarlandi*

Margvíslegar fréttir hafa borist af uppkaupum á ræktarlandi á liðnum árum. Eða því sem kallað hefur verið „Land Grabbing“, það er þegar peningamenn hrifsa til sín land í skjóli fjárhagslegrar stöðu sinnar. Sumir hafa fullyrt að þessar fréttir væru verulega ýktar. Svo virðist samt sem yfirtaka og uppkaup erlendra fjárfesta á landi kunni m.a. að vera ein af undirrótum þess sem er nú að gerast í Úkraínu. Eitt er víst að þar eru Rússar að missa mikilvæg fyrri ítök í sinni gömlu matarkistu.

### *Þjóðverjar áhyggjufullir*

Fréttamiðlar Deutsche Welle (DW) í Þýskalandi, greindu frá því 2011 að Ilse Aigner, þáverandi landbúnaðarráðherra Þýskalands (2009–2013) og fyrrverandi ráðgjafi Angelu Merkel þýskalandskanslara, að þjóðir heims yrðu að fara að verja sína þegna fyrir ásælni fjárfesta í land (land grabbing). Benti hún á að á árinu 2010 hafi Kínverjar keypt yfir 2,8 milljónir hektara af landi í Kongó. Fjölmargar aðrar þjóðir hafi tekið þátt í svipuðum kaupum, einnig Þjóðverjar. Ríkin væru dregin áfram af væntingum um að ná til sín sífellt meira landi til að framleiða mat fyrir sínar eigin þjóðir. Þetta var einmitt eitt meginstefið á ársfundi FAO í Róm það sama ár sem ráðherrann var þátttakandi í. Sagði Aigner þessi jarðakaup hluta af þeim vanda sem skapaðist vegna hlýnunar loftslags.

### *Lítið hægt að gera*

Þá var Ilse Aigner spurð um hvort FAO hefði nokkuð að segja um að 50 milljónir hektara hafi þegar verið keyptir upp í Afríku og hvort það væri ekki of seint að gera eitthvað í málinu.

„Það eina sem við getum gert er að koma í veg fyrir sölu á meira landi, nema salan sé beinlínis til hagsbóta fyrir íbúana. Það er engin leið að þvinga þjóðir til slíks í gegnum frjálsa samninga, en við nýtum þróunaraðstoð til að reyna að koma á samvinnu sem gæti haft einhver áhrif.“

### *Barist fyrir afléttingu banns á landsölu til útlendinga í Úkraínu*

Eini gallinn frá sjónarhóli fjárfesta er að æ fleiri lönd eru farin að setja takmarkanir á landakaup útlendinga. Þar má t.d. nefna Brasilíu, Argentínu og fleiri ríki Suður-Ameríku og í Austur-Evrópu eins og Ungverjaland. Tekist hefur verið á um málið í Úkraínu þar sem mikil þörf er á erlendu fjármagni. Þar sem slíkar fjárfestingar eru ekki heimilar reyna fjárfestar að fara aðrar leiðir, ýmist með því að fá innlenda aðila til að leppa fyrir sig viðskipti, eða ná langtíma leigusamningum með kaupréttarákvæðum.

Í október 2012 var banni á kaupum útlendinga á landi í Úkraínu, öðru en ræktarlandi, aflétt. Í maí 2015 hvatti viðskiptaráð Úkraínu (UCAB) stjórnvöld til að aflétta einnig banni við kaupum útlendinga á ræktarlandi í gegnum sérstakan landakaupamarkað sem tæki til starfa 1. janúar 2016. Þannig væri hægt að laða að erlent fjármagn til að laga efnahagsstöðu landsins.

Slíkt bann, eða öllu heldur frestur á heimild til landsölu, hefur gilt um áratugi. Var það fest í lög 2004 og framlengt síðan á þriggja ára fresti. Það mun að óbreyttu renna út 31. desember næstkomandi. Núverandi landbúnaðarráðherra, Olexiy Pavlenko sagði í apríl að að bannið kynni að verða framlengt. Mikið baktjaldamakk virðist vera í gangi til að reyna að tryggja að bannið verði ekki framlengt.

### *Hvað býr að baki viðskiptabannsins?*

Mikil umræða hefur verið um viðskiptabann Rússa á íslensk matvæli sem kom í kjölfar viðbragða Rússa við viðskiptabanni Evrópusambandsins og Bandaríkjanna sem sett var á um mitt sumar 2014. Hvað raunverulega liggur að baki þessu viðskiptabanni er erfitt að segja en fróðlegt er að skoða málið í samhengi við það sem er að gerast í viðskiptum með ræktarland víða um heim.

Athygli vekur að bannið nær einkum til matvæla auk sumra tegunda hergagna. Gas er t.d. undanskilið. Það sem átti að setja pólitískan þrýsting á Rússa virðist vera að snúast upp í andhverfu sína. Rússar tóku strax þá stefnu að efla eigin landbúnað sem þýðir að danskir, finnskir og pólskir bændur eru trúlega búnir að tapa þar umfangsmiklu sölu landbúnaðarafurða sinna til langrar framtíðar.








Úkraína var matarkista Sovétríkjanna sálugu og hefur síðan oft verið kölluð brauðkarfa Evrópu (Europe's bread basket).

### *Átökin um svörtu moldina*

Á undanförnum árum hafa borist fréttir af ásælni stórfyrirtækja í Evrópu, Bandaríkjunum og Kína í ræktarland í Póllandi og í Úkraínu. Pólskir bændur hafa mótmælt þessu harðlega á undanförnum misserum eins og ítrekað hefur verið greint frá í Bændablaðinu.

Í Úkraínu er ásælni útlendinga enn meiri, enda þykir ræktarland þar vera eitt það besta í heimi. Svarta moldin (Black Soil) er það sem einkennir ræktarland Úkraínu. Þar er talið að finna megi um 30% af allri svartri mold heimsins, eða um 42 milljónir hektara. Þar er jafnframt talin vera vagga akuryrkjumenningarinnar í heiminum.

Íbúar Úkraínu fyrir utan Krímskaga töldust þann 1. júlí síðastliðinn vera rúmlega 42,8 milljónir. Um 31% íbúanna lifa í dreifbýlinu. Ræktanlegt land á íbúa er mjög hátt eða 0,71 hektari sem er þriðja hæsta hlutfall í heimi. Til samanburðar er það 0,38 hektara á íbúa á Íslandi, 0,16 hektarar í Noregi og 0,43 hektarar á íbúa í Danmörku.

### *Ræktarlandið þrisvar sinum stærra en Ísland*

Úkraína er – eða öllu heldur var – að Krímskaga meðtöldum, 603.550 ferkílómetrar að stærð. Þar af er ræktarland 71,3% (samkvæmt tölum World Bank) og akurlendi um 326.700 ferkílómetrar (32,7 milljónir hektara) eða rúmlega 54% af heildinni. Ræktarlandið er því ríflega þrisvar sinnum stærra en Ísland. Ef Krímskaginn, sem nú er talinn hluti af Rússlandi er dreginn frá, þá telst 69% Úkraínu vera ræktarland.

Graslendi þekur um 78.400 ferkílómetra (13%), ávaxta-, vínrækt og plantekrur þekja um 22,500 ferkílómetra (4%), skógar þekja 94.000 ferkílómetra (15,6%) en mestu skógarnir eru á flatlendinu í norðurhluta landsins og í Karpatafjöllum og á Krímskaga þar sem skógar þekja um 27% þeirra svæða.

Skógarnir skila árlega miklum verðmætum. Samkvæmt hagstofu Úkraínu nam heildar timburframleiðslan frá janúar til júní 2015 samtals 4.268.300 rúmmetrum. Er það nýtt til helminga sem smíðaviður og sem eldsneyti. Skógarnir eru líka mikilvægir til að viðhalda jarðvegi, við vatnsvernd og endurnýjun gróðursvæða.



Svarta moldin (Black Soil) er það sem einkennir ræktarland Úkraínu. Þar er talið að finna megi um 30% af allri svartri mold heimsins, eða um 42 milljónir hektara.

### *Áhugi fjárfesta vakinn*

Yfirvöld í Úkraínu fóru markvisst að vinna að því að markaðssetja þessi gæði 2011 með uppsetningu fjölda matvælamarkaða, til að efla framleiðslu og hækka verð til útflutnings. Mykola Prysyazhnyuk, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, lýsti því yfir að hægt væri að þrefalda landbúnaðarframleiðslu landsins. Með opnun markaðar með land þyrfti ekki „nema“ um 30 milljarða dollara til að kaupa upp ræktarland í Úkraínu. Samkvæmt vefsíðu Agri Money.com hafði Yulia Tymoshenko, fyrrverandi forsætisráðherra, þó áætlað að verðmæti alls ræktarlands í Úkraínu næmi um 400 milljörðum dollara.

Núverandi landbúnaðarráðherra, Oleksiy Pavlenko, sagði í fjölmiðlum í janúar síðastliðnum að auka mætti kornframleiðsluna í landinu úr 62 milljónum tonna í fyrra í 100 milljón tonn. Varla verður það þó gert nema með ræktun á erfðabreyttum kornafbrigðum (GMO). – Það var eins og við manninn mælt, erlendir fjárfestar hafa runnið á lyktina.

### *Brauðkarfa Sovétríkjanna sálugu verði brauðkarfa ESB*

Úkraína var brauðkarfa Sovétríkjanna sálugu og hefur síðan oft verið kölluð brauðkarfa Evrópu (Europe's bread basket). Samkvæmt frétt Russia Insider er markmið ESB-ríkjanna og fleiri nú að breyta fyrrum sovéskri brauðkörfu í evrópska brauðkörfu.

Sovétríkin ráku á sínum tíma m.a. samyrkjubú með bændum og svokölluð ríkisbú í Úkraínu. Árið 1980 voru 9.067 bú í Úkraínu þar sem hvert bú hafði yfir að ráða á bilinu 5.100–5.700 hekturum. Þar af voru 9.963 samyrkjubú og 2.104 svokölluð ríkisbú. Þessi bú stóðu undir um 90% af landbúnaðarframleiðslu Úkraínu en smábændur um 10% samkvæmt opinberum tölum.

Landið fékk sjálfstæði árið 1991 í kjölfar falls Sovétríkjanna. Í framhaldinu var jarðnæði skipt upp í minni jarðir sem flestar voru þó í eigu ríkisins. Þannig urðu fljótlega til um 40.000 býli sem hvert um sig réði að meðaltali yfir um 22,6 hekturum. Eignarhald einkaaðila fór vaxandi. Fljótlega kom í ljós að býlin voru vart sjálfbær og þá skapaðist þörf á samnýtingu og leigu á jörðum. Sala á jörðum til útlendinga hefur þó verið óheimil. Erlendir fjárfestar fóru hins vegar þá leið að leigja til sín land í gegnum innlend félög, með forkaupsrétti á landi.

Eftir að Rússar innlimuðu Krímskaga hvatti Alþjóðabankinn (World Bank) til að landbúnaðurinn yrði opnaður, ekki síst í austanverðri Úkraínu nær landamærum Rússlands. „It's time to think about privatisation,“ sagði Heinz Strubenhoff, fjárfestingastjóri landbúnaðarmála í Úkraínu hjá Alþjóðabankanum.

Þá var bent á af ráðgjafa hjá France's Credit Agricole Bank í Úkraínu, að íbúar landsins hefðu ekki efni á að fjárfesta í landbúnaði til að auka framleiðsluna. Ef landið yrði opnað fyrir fjárfestum myndu erlendir spákaupmenn hagnast mest á því. Úkraínskir bændur yrðu þá einungis leiguliðar fjárfesta í eigin

heimalandi. Benti hann jafnframt á að þá þegar væru um 20% af besta ræktarlandinu í höndum stórfyrirtækja í gegnum langtíma leigusamninga.

### *Einn stærsti kornframleiðandi heims*

Samkvæmt tölum FAO var Úkraína mesti kornframleiðandi Evrópu 1990 og í fjórða sæti á heimsvísu, næst á eftir Bandaríkjunum, Kína og Kanada. Árið 2013 var kornframleiðsla landsins talin vera sú þriðja mesta í heiminum og var landið í sjötta sæti hvað hveitiuppskeru varðar. Árið 2013 voru úkraínskir bændur samt aðeins taldir skila 60% uppskeru á hvern hektara í samanburði við bandaríska kollega sína og í því telja menn felast mikla vaxtarmöguleika. Er þar ekki síst horft til ræktunar á erfðabreyttu korni frá bandaríska fyrirtækinu Monsanto sem nú virðist einmitt vera farið að hasla sér völl í Úkraínu.

Í kreppunni í kjölfar falls Sovétríkjanna varð ákveðin upplausn sem olli því að uppskera í Úkraínu dróst verulega saman. Sem dæmi þá gaf hver hektari af sér um 3.510 kg af korni árið 1990, en uppskeran var komin niður í 1.930 kg á hektara árið 1999. Heildar kornframleiðsla landsins árið 1990 var rúmlega 51 milljón tonna en var komin í tæplega 25 milljónir tonna árið 1999. Þann 1. ágúst 2015 var kornuppskeran aftur komin á skrið og í rúmlega 29 milljónir tonna. Það er heldur meira en á sama tíma í fyrra og uppskerutímanum langt í frá lokið. Búist er við að uppskeran verði því vel ríflega 62 milljónir tonna í ár, en hún var 39 milljónir tonna árið 2010.

### *Milljónir búfjár*

Í Úkraínu voru rúmlega 4,4 milljónir nautgripa þann 1. júlí 2015 og rúmlega 7,7 milljón svín. Kindur og geitur voru samtals tæplega 1,8 milljónir og alifuglar rúmlega 245,5 milljónir talsins samkvæmt tölum hagstofu Úkraínu.

Þá var kjötframleiðslan frá janúar til júlí 2015 komin í nærri 1,8 milljónir tonna. Mjólkurframleiðslan var komin í rúmlega 6,3 milljónir tonna og er þetta hvorutveggja heldur lakari framleiðsla en í fyrra.

### *Miklir hagsmunir í húfi*

Miklir hagsmunir eru í húfi þegar kemur að yfirráðum yfir þessu dýrmæta landi. Það varðar aðgengi að matvælaframleiðslu, fæðuöryggi þjóða og peningahagsmuni fjárfesta. Það er því ekkert skrítið að samfara aukinni eftirspurn eftir góðu ræktarlandi skuli Úkraína vera orðinn miðdepill átaka.

### *Hvaða „prinsipp“ er verið að tala um?*

Á Íslandi og víðar í Evrópu hefur verið dregin upp sú einfalda mynd af stöðunni að átökin snúist eingöngu um pólitík og hugmyndafræðilegan ágreining ráðamanna í Rússlandi og á Vesturlöndum. Einnig persónulegt valdapot Pútíns, forseta Rússlands. Þá er mikið talað um það „prinsipp“ að Rússar virði landamæri sjálfstæðra ríkja.

Sams konar rök voru notuð þegar ákveðið var að ráðast inn í hið olíuríka land Írak. Í bakhöndinni höfðu menn árás Íraka á Kúveit sem afsökun. Bæði Rússar og vesturlönd hafa með álíka rökum barist um Afganistan sem vitað er að býr yfir gríðarlegum auðlindum í formi málma. Menn pössuðu sig þó mjög á að nefna aldrei að efnahagslegir hagsmunir hafi verið undirrót átakanna. Átökin í báðum þessum löndum snerust gjörsamlega í höndum innrásarherja. Sömu sögu er að segja af Líbíu og Sýrlandi.

Hlaðið var undir öfgasinnaða hryðjuverkahópa á báða bóga sem hvorki vesturlönd né Rússar hafa lengur nokkra stjórn á. Afleiðingin er hrein skelfing og uppgangur hryðjuverkahópa eins og Isis. Örvinglaðir flóttamenn flýja nú ógeðið hundruðum þúsunda saman frá þessum svæðum og inn í Evrópu. Sér engan veginn fyrir endann á þeim vanda sem það getur skapað.




Athygli vekur að ekki skuli vera sett viðskiptabann á Sádi-Arabíu sem fullyrt hefur verið að styðji Isis-samtökin fjárhagslega. Það skyldi þó aldrei vera að ríkir olíuhagsmunir risafyrirtækja og ríkja á vesturlöndum spili þar stóra rullu?

### *Viðskipti með land í Úkraínu auðvelduð með aðstoð ESB*

Nú er svo komið að umtalsvert úkraínskt ræktarland er komið undir yfirráð útlendinga, oftast annarra en Rússa. Þar með eru komin rök fyrir afskiptum erlendra ríkja. Að sjálfsögðu eykst um leið krafan á að þessir fjárhagslegu hagsmunir verði varðir með hervaldi ef ekki vill betur. Þar njóta menn væntanlega stuðnings úkraínskra þjóðernissinna. Á sama tíma horfa Rússar fram á að missa aðgengi að þessu mikilvæga ræktarlandi.

Evrópusambandið hefur komið með beinum hætti að borðinu samkvæmt frétt EU CO-OPERATION NEWS. Er það gert í gegnum sérstakt verkefni sem kallað er „Aðstoð við þróun opins og gagnsæs markaðar með land í Úkraínu“. Það mun væntanlega stuðla að enn frekari innkomu erlendra fjárfesta á ræktarlandi á svæðinu. Verkefnið hófst í september 2014 og átti að ljúka í september 2015. Undirtónninn í þessari aðstoð er að bæta efnahag Úkraínu og tryggja fæðuöryggi og þá væntanlega um leið að tryggja aðgengi ESB-landanna að brauðkörfunni góðu.

### *Gríðarlegar fjárfestingar*

Samkvæmt tölum hagstofu Úkraínu námu beinar erlendar fjárfestingar í landinu frá janúar til júlí 2015 samtals rúmlega 42.851 milljón dollara, eða sem nemur rúmlega 5,5 billjónum íslenskra króna (5,5 milljón milljónum kr.). Athygli vekur að hlutfallslega mesta fjármagnið rennur í gegnum Kýpur eða rúmlega 12.274 milljónir dollara, en Kýpur er einmitt þekkt skattaskjól áhættufjárfesta af ýmsum toga sem fela vilja slóð sína.

Næstmest fjárstreymið kom frá Þýskalandi eða 5.489 milljónir dollara. Síðan kom Holland með 5.108 milljónir og Rússland með tæplega 2.686 milljónir dollara. Undanskildar eru fjárfestingar á Krímskaga sem Rússar telja nú sitt land og hagstofan kallar „tímabundið yfirtekið sjálfstætt lýðveldi á Krím“.

Ekki er auðvelt að finna upplýsingar í gögnum hagstofu Úkraínu í hversu miklum mæli þessar fjárfestingar tengjast kaupum eða leigu á ræktarlandi.

Í tölum um fjárfestingar Úkraínumanna erlendis kemur fram að í heild var fjárfest fyrir rúmlega 6.254 milljónir dollara. Vekur athygli að megnið af því fé hefur runnið í gegnum Kýpur eða nærri 5.818 milljónir dollara.

### *Snýst um milljónir hektara*

Á síðasta ári greindi Okland Institute frá því að vel yfir 1,6 milljónir hektara ræktarland í Úkraínu væri þá komið í hendur aðila sem væru með höfuðstöðvar í öðrum ríkjum. Var þá talið að kaup eða leiga útlendinga á ræktarlandi væru enn meiri eða nær 2,2 milljónum hektara.

Í frétt Okland um málið var greint frá því að fjárfestar á bak við þessa leigutöku eða landakaup kæmu frá ýmsum löndum. Til dæmis væri Trigon Agri í Danmörku með tök á 52.000 hekturum, en fyrirtækið er skráð á verðbréfamarkaði NASDAQ í Stokkhólmi. Er fyrirtækið sagt hafa byggt upp sjóð til þessara kaupa með finnsku áhættufjármagni. Stærstu hluthafarnir á bak við þetta félag voru þá JPM Case í Bretlandi með 9,5%, Swedbank með 9,4%, UB Securities í Finnlandi með 7,9%, Euroclear Bank í Belgíu með 6,6% og JP Morgan Clearing Corp í Bandaríkjunum með 6,2%.

Fyrirtækið á einnig stærsta kúabú í Eistlandi með miklu landi og vel á annað þúsund mjólkurkýr. Þá keypti fyrirtækið 36 þúsund hektara land í Penza í Rússlandi í fyrra.

Þá var greint frá því að United Farmers Holding Company sem er í eigu fjárfesta í Sádi-Arabíu, réðu yfir 33.000 hektara ræktarlandi í Úkraínu í gegnum fyrirtækið Continental Farmers Group PLC.

Eins hafði fyrirtækið Agro Generation í Frakklandi keypt 33.000 hektara land í Úkraínu, en 6% hlutur í því félagi var í eigu fjárfestingafélagsins Sigma Bleyzer í Texas í Bandaríkjunum.

Eftirlaunasjóðurinn NCH Capital í Bandaríkjunum var sagður vera með hald á 450.000 hekturum í fyrra, en sjóðurinn hóf að ásælast land í Úkraínu 1993, strax eftir fall Sovétríkjanna.

### *Fjárfest í gegnum innlenda leppa*

Erlendir fjárfestar hafa líka fjárfest í gegnum félög með úkraínskri stjórn. Sum þeirra eru talin undir stjórn nýríkra úkraínskra oligarka sem fela slóðir sínar í erlendum skattaparadísum.

Þá hefur verið bent á, m.a. í Russia Insider, að úkraínskir embættismenn hafi verið að nýta aðstöðu sína í landakaupamálum. Er þar t.d. bent á Yury Kosyuk, eiganda MHP, eins stærsta landbúnaðarfyrirtækisins í landinu hafi verið yfirmaður í forsætisráðuneytinu 2014 og barist fyrir aflléttingu á sölubanni lands til útlendinga.

Í skoðanakönnun sem Ukraine Agribusiness Club lét gera í maí síðastliðnum kom fram að 70% bænda í Úkraínu voru á móti aflléttingu landsölubanns til útlendinga 2016. Um 56% þeirra voru á móti slíkum áformum um alla framtíð. Andvígastir slíkum áformum voru þeir bændur sem skuldsettastir voru.

Roman Topolyuk, landbúnaðarsérfræðingur hjá Concord Capital, bendir á að það séu einkum stórfyrirtæki með mikil ítök í landbúnaði vegna veðsetninga sem vildu aflétta banninu.

### *Monsanto veðjar á Úkraínu*

Í grein eftir Vlatimir Platov í New Estern Outlook í lok apríl á þessu ári var greint frá því að bandaríska risafyrirtækið Monsanto væri farið að fjárfesta í stórum stíl í úkraínskum landbúnaði. Monsanto er lang öflugast á heimsvísu í framleiðslu á erfðabreyttu korni sem það á jafnframt einkarétt á. Bandaríska fyrirtækið Cargill Agrarian Holding er líka að hasla sér þar völl sem og DuPont Chemical Concern.

Frederic Mousseau, yfirmaður Oakland Institute í Kaliforníu, segir að það sem er að gerast í Úkraínu megi jafna við að vestræn fyrirtæki séu hreinlega að kaupa upp landið. Vestrænir bankar og sjóðir hafa lánað miklar fjárfúlgur til stjórnvalda í Úkraínu og fái væntanlega í staðinn breytingar á strangri landbúnaðarlöggjöf, m.a. hvað varðar bann við ræktun á erfðabreyttum matvælum og notkun skordýraeiturs.

Á vefsíðu Oriental Review fyrr á þessu ári var greint frá því að bandaríska landbúnaðarrisafyrirtækið Monsanto væri um það bil að ná fótfestu í Úkraínu. Hafi fyrirtækið róið að þessu öllum árum ásamt fyrirtækjunum DuPont, Pioneer og John Deer sem öll hafi verið að reyna að koma sér inn á þennan stærsta landbúnaðarmarkað í Austur-Evrópu.

„Þetta mun fljótlega gjörbreyta framboði á landbúnaðarvörum innan ESB-landanna og landbúnaðarframleiðslu og eyðileggja stöðu evrópskra bænda,“ segir í umfjölluninni.

Í nóvember 2013 lagði bandalag akuryrkjufyrirtækja í Úkraínu fram uppkast að lögum sem heimila áttu notkun erfðabreyttra korntegunda.

Bændur í samtökum úkraínskra kornframleiðenda virðast uggandi yfir stöðunni, en OR vitnar í tilkynningu frá þeim. Þar segir m.a. að leyfum til beitingar líftækni í landinu muni fjölga á komandi árum samkvæmt samkomulagi Bandaríkjanna og ESB (Article 404). Það hafi ESB samþykkt í blindni sem bestu lausnina hvað varðar landbúnaðarstefnuna. Það mun gera úkraínska bændur háða kornafbrigðum frá Bandaríkjunum. Það sé afleiðing af óvæginni herferð fyrir innleiðingu á líftækninni (GMO) á innri markaði ESB.

Í grein OR er sagt að Monsanto veðji á stóraukna ræktun á erfðabreyttu korni í Úkraínu. Þar muni fyrirtækið beita fyrir sig áhrifum í gegnum lánastarfsemi. Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn með aðstoð Alþjóðabankans og annarra fjármálastofnana tryggi nú öll sín lán í veðum í úkraínsku landi. Þá séu heimabankar farnir að skilyrða lán til bænda með því að þeir noti eingöngu ákveðin kornafbrigði í sinni ræktun. Það vilji bara svo einkennilega til að framleiðandi þeirra kornafbrigða sé enginn annar en Monsanto.

Bandarískir fjárfestar róa á þessi sömu mið. Þannig var greint frá því fyrr á þessu ári að þeir hafi keypt 50% hlut í fjárfestingasjóðnum Siguler Guff & Co í úkraínsku borginni Illichivsk. Sjóðurinn sérhæfir sig í útflutningi landbúnaðarafurða.

Monsanto hefur sýnt áhuga á að flytja höfuðstöðvar sínar til Bretlands eða Sviss af skattalegum ástæðum og væntanlega líka til að fá beinan aðgang að Evrópumarkaði. Þann 15. ágúst síðastliðinn bárust fréttir af því að yfirtökutilboði Monsanto á svissneska landbúnaðar- og líftæknifyrirtækinu Syngenta upp á 47 milljarða dollara hafi verið hafnað. Syngenta er með gríðarleg ítök í landbúnaði og á þar fjölda einkaleyfa og um allan heim. Þá hefur það fjárfest gríðarlega í margvíslegri akuryrkju, m.a. í Brasilíu, Zambíu, Arentínu, Kína, Indónesíu, Jövu, Þýskalandi, Póllandi, Svíþjóð og í fjölda annarra landa.

### *Falleg markmið á pappírunum*

Í desember 2013 greindi fulltrúi Monsanto frá því á US-Ukraine-ráðstefnu í Washington að fyrirtækið teldi mikilvægt að skapa jákvætt andrúmsloft í Úkraínu og hvetti til fjárfestinga og frekari þróunar í landbúnaði. Sett var í gang svokallað alþýðlegt þróunarverkefni í landinu sem kallað var „Kornkarfa framtíðarinnar (Grain Basket of the Future')“. Var verkefnið sniðið fyrir íbúa dreifbýlisins „svo þeir fengju að kynnast því hvernig þeir geti bætt stöðu sína sjálfir í stað þess að bíða eftir ölmusu“. Sannarlega falleg markmið til að flagga opinberlega.

Fréttamiðillinn NOVOROSSIA Today (Nýja-Rússland) sagði að þessi „stuðningur“ væri hins vegar augljóslega miðaður við að koma stóru bandarísku landbúnaðarrisunum til góða. Það yrði í gegnum skilyrt lán Alþjóða gjaldeyrissjóðsins (IMF) og Alþjóðabankans sem ætlað væri að lyfta banni af sölu jarða til einkageirans og útlendinga. Til gamans má geta þess að nafnið Novorossiya var eitt sinn notað yfir það landsvæði sem nú heitir Úkraína.

### *Áhyggjur – en samt ekki*

Þýskir embættismenn hafa, vegna innleiðingar heimildar til að nota erfðabreytt afbrigði í Úkraínu, viðrað ótta sinn um að þannig muni erfðabreytt matvæli koma bakdyramegin inn í Þýskaland í gegnum þýskt eignarhald í úkraínskum landbúnaði. Þar yrðu Þjóðverjar í verulegum vanda því opinberlega er mikil andstaða þar í landi við ræktun og nýtingu á erfðabreyttu korni. Þetta er m.a. einn helsti ásteytingarsteinninn í viðræðum um fríverslunarsamning við Bandaríkin. Stjórnvöld í Kiev eru samt sögð hafa litlar áhyggjur af þessu. Ekki er heldur annað að sjá en að með afstöðu sinni „kói“ Íslendingar með án mikillar íhugunar á öllu því sem þarna er að gerast. Passi þar fyrst og fremst að ganga í takt við ESB, Bandaríkin, svokallaðar vinveittar þjóðir á vesturlöndum og um leið fjölþjóðleg stórfyrirtæki. Gallinn er, að ekki er víst að það fari endilega saman við íslenska þjóðarhagsmuni. */HKr.*



„Ég er alsæl með að vera komin norður aftur, þannig að betra gerist það varla, að vera í skemmtilegri vinnu með frábæru fólki og hafa fjölskylduna í næsta nágrenni. Þetta er bara draumur í dós,“ segir Erna Kristín sem stendur hér við afgreiðsluborðið á Kjarnalundi. Myndir / MÞÞ

## Erna Kristín Hauksdóttir, hótelstjóri á Hótel Kjarnalundi:

# Spennandi verkefni að byggja upp nýtt hótel

**Erna Kristín Hauksdóttir er hótelstjóri á Hótel Kjarnalundi, nýju hóteli sem opnað var fyrir gestum 22. júní síðastliðinn í Kjarnaskógi við Akureyri.**

„Það hefur gengið mjög vel hjá okkur frá því við opnuðum og það er ekki síst að þakka góðum og samhentum hópi starfsfólks. Það er mikið lán að hafa á að skipa svo frábæru starfsfólki, hér er valinn maður í hverju rúmi og það skiptir sköpum,“ segir Erna.

Starfsemin fer vel af stað, hótelið er vel bókað út sumarið. „Staðsetningin skapar okkur nokkra sérstöðu, við erum umvafin fallegri náttúru sem gestir kunna vel að meta, þeir endurnærast á sál og líkama í námunda við afslappað umhverfi skógarins.“

Erna Kristín flutti til Akureyrar á liðnu vori til að taka að sér stjórn hins nýja hótels. Segja má að hún sé að leita í heimaslóðir á nýjan leik eftir nokkurra ára fjarveru, en hún ólst upp á Skeiði, næst innsta bænum í Svarfaðardal. Þar var í hennar barnæsku rekið loðdýrabú, bæði með refi og minka. Samhliða því var einnig rekið sauðfjárbú eða þar til riðuveiki kom upp í dalnum sem olli því að fé var skorið niður, m.a. á Skeiði, og bændur þar tóku upp nýja búgrein, loðdýrarækt. Síðar þegar halla fór undan fæti í þeirri grein brugðu foreldrar hennar búi og fluttu til Dalvíkur.

### *Beið ekki skaða af dvölinni á heimavistinni*

„Þegar ég horfi til baka var þetta yndislegur tími og ég er þakklát fyrir að hafa alist upp í sveit, en man samt að mér þótti það ekki sérlega skemmtilegt á miðju gelgjuskeiði. Þá fannst manni þetta dálítið of afskekkt,“ segir Erna Kristín.

Á þeim tíma sem hún var að alast upp sóttu börnin grunnskólanám í Húsabakkaskóla. Heimavist var þá enn við lýði og börnin dvöldu í skólanum frá mánudegi til föstudags. „Ótrúlegt en satt, flestir komu heilir út úr þeirri vist,“ segir hún, en heimavistir hafa nú verið aflagðar alls staðar á landinu. „Mér líkaði bara vel að vera á heimavist og hlaut ekki skaða af, þvert á móti kenndi það mér margt, eins og að fylgja reglum og taka tillit til annarra, það er ágætt að læra það ungur.“

### *Með bleikt naglalakk í fæðingarorlofið*

Erna Kristín segir að hún hafi sterkar taugar til sveitarinnar.

„Það blundar alltaf í mér svolítil sveitastelpa, ég velti því oft fyrir mér að gaman væri að prófa á ný að búa í sveit. Besta vinkona mín býr í Reykjadal og þangað kemst ég á hverju vori í fæðingarorlof eins og við köllum það þegar ég mæti í sauðburðinn. Háannatíminn í sauðfjárbúskap, sauðburður, göngur og réttir er tími sem ég kann vel að meta og reyni hvað ég get að taka þátt í. Síðasta vor mætti ég í hótelgallanum með bleikt naglalakk og svissaði mér beint inn í fjárhús eftir að hafa skipt um föt. Það er mjög hressandi og endurnærir hvern mann sem tækifæri hefur á að vera með.“

Flestir krakkar úr Svarfaðardal fóru í 10. bekk til Dalvíkur, en sá bekkur var ekki kenndur í Húsabakkaskóla. Erna Kristín valdi hins vegar að ljúka grunnskólagöngunni austur á Laugum í Reykjadal, en þá leið hafði bróðir hennar áður valið. Þar tók hún einnig fyrsta árið í framhaldsskóla, en lauk stúdentsprófi frá Framhaldsskólanum á Húsavík árið 1995.

„Mig langaði að prófa eitthvað nýtt, flestir fór til Dalvíkur og þaðan til Akureyrar í skóla, en með því að fara austur má segja að ég hafi hoppað yfir Akureyri og hef aldrei átt þar heima fyrr en ég flutti núna í vor. Mér líkaði vel á Húsavík, þetta voru frábær ár, við leigðum saman nokkrir krakkar og skemmtum okkur prýðilega öll framhaldsskólaárin,“ segir Erna Kristín.




„Þetta er spennandi verkefni og ég er þakklát fyrir það tækifæri sem bauðst við að byggja upp þennan hótelrekstur frá grunni,“ segir Erna Kristín hótelstjóri.

### *Lærði bæði mannfræði og sálfræði*

Eftir stúdentspróf vann hún eitt ár í Reykjavík, en hafði lítið haft af höfuðborginni að segja fram að því, farið þangað í heimsóknir 4–5 sinnum áður. Erna Kristín skráði sig síðan í nám í mannfræði við Háskóla Íslands og lauk BA-prófi í greininni.

„Mannfræðin er áhugaverð og skemmtileg grein, en ég vissi alltaf að ég myndi ekki starfa við hana, hún er hins vegar ágætis veganesti út í lífið,“ segir hún. Því tók hún þá ákvörðun að læra líka sálfræði og sá fyrir sér að starfa sem sálfræðingur.

„Ég ætlaði að opna stofu, mér fannst það heillandi tilhugsun að reka eigin sálfræðistofu og vinna frá 10 til 2,“ segir hún og brosir við tilhugsunina.

Eftir að hafa einnig lokið BA-prófi í sálfræði fór Erna Kristín í meistaranám í félagssálfræði í Amsterdam í Hollandi.

„Ég sótti þar um, fékk inngöngu, pakkaði niður og fór út,“ segir hún, en þetta var árið 2007. Allt á uppleið og búið að fullvissa hana um að næg verkefni á hennar sviði biðu á Íslandi að námi loknu. Það fór á annan veg, efnahagshrun haustið 2008 hafði í för með sér að hvarvetna var skorið niður og fátt um atvinnutækifæri fyrir nýútskrifaða sálfræðinga.

„Menn hvöttu mig nú bara til að halda mig úti, vera ekki að koma heim, þangað væri ekkert að sækja. Ég fór eftir þeim ráðum og leitaði að vinnu úti,“ segir hún en m.a. starfaði

hún á írskum bar í Amsterdam og líkaði vel. Ákvað svo að halda áfram námi og komst að sem doktorsnemi við háskóla í Leuven í Belgíu þangað sem hún hélt í febrúar 2010.

*Doktorsnámið átti ekki við mig*

„Fljótlega eftir að ég hóf vinnu við doktorsverkefnið fann ég að þetta átti ekki alls kostar við mig, ég var hvorki alsátt við verkefnið sjálft né leiðbeinandann. Ég sá því sem betur fer fljótlega að mér líkaði ekki nægilega vel til að vilja sinna þessu í fjögur ár bara til að ljúka náminu. Þannig að ég ákvað að hætta fremur en að halda áfram með hálfum huga. Ég er sátt við þá ákvörðun,“ segir Erna Kristín. Hún dvaldi þó áfram í Belgíu og vann m.a. við að byggja upp nýtt Park Inn hótel þar í landi ásamt fleira fólki.

„Ég kom heim og fékk vinnu á dvalarheimili í Reykjavík, það er yndislegt að starfa með gamla fólkinu og mjög gefandi, nema hvað það gefur ekki mikið í vasann,“ segir hún. Hugurinn leitaði norður yfir heiðar þar sem fjölskyldan býr og hún var að skima eftir starfi á þeim slóðum þegar hún rakst á auglýsingu þar sem óskað var eftir starfsfólki á nýtt hótel, Kjarnalund, sem var að hefja starfsemi.

„Ég sótti um, fór í viðtal og út úr því kom að ég var ráðin í stöðu hótelstjóra. Ég pakkaði því niður í snarheitum og flutti norður.“

*25 ný herbergi fyrir næsta sumar*

Hótel Kjarnalundur er 46 herbergja hótel, í jaðri Kjarnaskógar, vinsælasta útivistarsvæði Akureyringa, ein svíta er á hótelinu en annars eru misstór herbergi, frá 12 fermetrum upp í 25, þannig að gestir geta valið á milli herbergja í ólíkum verðflokkum. Gott aðgengi er fyrir fatlaða á hótelinu og eru 6 herbergi sérútbúin fyrir hjólastóla.

Á annarri hæð hússins er veitingasalur sem tekur 80 manns í sæti, morgunverður er þar í boði og sjá starfsmenn um hann, en Kaffi Torg sér um kvöldverðarhlaðborð fyrir gesti. „Það samstarf hefur gengið ofsalega vel,“ segir Erna Kristín, en til framtíðar er fyrirhugað að opna veitingasalinn fyrir almenna gesti.

„Við erum smám saman að byggja upp, tökum þetta skref fyrir skref,“ segir hún. Í náinni framtíð stendur einnig til að koma upp heilsulind á hótelinu með heitum pottum, infrarauðum saunaklefa, nuddherbergi og líkamsræktarsal. Þegar er byrjað að bjóða upp á nudd á hótelinu.

„Við höfum ýmislegt á prjónunum og eigum eftir að gera fleiri breytingar. Það stendur til að taka úr umferð innisundlaug sem er á fyrstu hæð hússins og koma þar upp herbergjum. Líkast til verður unnið við það í vetur og þá bætast a.m.k. 12 herbergi við hjá okkur næsta sumar,“ segir Erna Kristín.

„Við erum ekki aðilar að neinni hótelkeðju, þetta er nýtt og sjálfstætt hótel og skapar okkur svigrúm til að þróa starfsemina eftir eigin höfði.“

*Spennandi verkefni að byggja upp frá grunni*

Hótelið verður opið allt árið og segir hún að ýmsar hugmyndir séu í gangi til að laða að gesti á þeim árstíma. Fjölmargir leggi leið sína norður til að fara á skíði og þá eru fyrir hendi í Kjarnaskógi troðnar skíðagöngubrautir sem vel eru nýttar. Jólahlaðborð eru á döfinni, tekið verður á móti starfsmannafélögum og fyrirtækjum sem vilja halda árshátíðir svo eitthvað sé nefnt. „Það eru margar hugmyndir á lofti og við munum vinna úr þeim á næstu vikum,“ segir hún.

„Þetta er spennandi verkefni og ég er þakklát fyrir það tækifæri sem bauðst við að byggja upp þennan hótelrekstur frá grunni. Og ég er alsæl með að vera komin norður aftur, þannig að betra gerist það varla, að vera í skemmtilegri vinnu með frábæru fólki og hafa fjölskylduna í næsta nágrenni. Þetta er bara draumur í dós.“ /MÞÞ

## Húnavatnssýsla:

# Góður gangur hefur verið í laxveiðinni í sumar

**Góður gangur hefur verið í laxveiði í Húnavatnssýslum í sumar og að líkindum kemst það í sögubækur, metveiði hefur verið bæði í Blöndu og Miðfjarðará.**

Laxá á Ásum nálgast sín bestu veiðiár á áttunda og níunda áratugnum. Veiðin í Víðidalsá hefur líka verið með ágætum eftir nokkuð slök ár og Svartá og Vatnsdalsá hafa gefið góða veiði í sumar.

*Hrútafjarðará nálgast nýtt met*

Landssamband veiðifélaga birti á dögunum yfirlit yfir helstu laxveiðiár landsins og samkvæmt því er Blanda komin í 4.538 veidda laxa, Miðfjarðará í 4.978 laxa, Víðidalsá í 1.289 laxa, Laxá á Ásum í 1.472 laxa og Vatnsdalsá í 1.040 laxa. Svartá var komin í 496 laxa en mesta skráða veiði í ánni er frá árinu 2010 þegar 572 laxar voru skráðir. Hrútafjarðará er komin í 640 laxa og nálgast nýtt met.



Vikuveiðin í Blöndu var í síðustu viku komin niður í 235 laxa en í vikunni á undan veiddust 286 laxar. Mest var vikuveiðin í lok júlí en þá komu á land 734 laxar eða tæplega 8 laxar á stöng á dag. Vikuveiðin í Miðfjarðará var 533 laxar á 10 stangir en vikan þar á undan gaf 742 laxa, sem líklega er Íslandsmet í laxveiði á einni viku í sjálfbærri á. Ekki vantar nema 22 laxa upp á að áin nái 5.000 löxum en það mun þá vera í fyrsta skipti sem sjálfbær laxveiðiá nær þeirri tölu.

*Flestir laxar í Ytri-Rangá*

Af helstu laxveiðiám landsins hafa flestir laxar veiðst í Ytri-Rangá og Hólsá eða 5.631 lax. Næstflestir laxar hafa veiðst í Miðfjarðará eða 4.978 og Blanda er í þriðja sæti með 4.538 laxa. Alls hafa veiðst 49.086 laxar í 75 aflahæstu laxveiðiám landsins. Þar af eru sjö laxveiðiár úr Húnavatnssýslum sem hafa gefið samtals 14.453 laxa eða tæplega 30% af heildinni. /MÞÞ









SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**Stór eða lítil**
- allt eftir þínum óskum

**Umhverfisvæn hús**
úr krosslímdu tré

**Bjóðum einnig**
glugga, hurðir og
untanhússklæðningar
sem hæfa þínu húsi

**Af hverju kroslímt tré?**

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálaftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - allt að 10% meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

IDEX

www.idex.is

Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is



Eyrún Huld Ásvaldsdóttir með Hröfnu, dóttur sinni, stundum kölluð Krumma, sem situr í sínu sæti, Krummusætinu.

## Snjöll heimasmíðuð lausn fyrir börn á hestbaki varð að fullunninni markaðsvöru:

# Krummusæti fyrir börn

## – Eyrún Huld Ásvaldsdóttir kynnti hönnun sína á Heimsmeistaramótinu í Herning

**„Þetta hefur verið strembið, en líka mjög skemmtilegt. Það er gaman að sjá hugarfóstur sitt komið svona langt, verða til úr nánast engu og að fullunninni vöru," segir Eyrún Huld Ásvaldsdóttir, hugmyndasmiðurinn á bak við svonefnt Krummusæti.**

Þarna er um að ræða aukasæti framan á hnakki, sérstaklega hannað fyrir börn sem fara á hestbak með fullorðnum. Nafnið dregur sætið af dóttur Eyrúnar, Hröfnu Lilju, sem stundum er kölluð Krumma. Eyrún kynnti Krummusætið á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Herning í Danmörku og segir viðtökur hafa verið afskaplega góðar. „Við erum mjög ánægð með þá athygli sem við höfum fengið hér úti, það er virkilega gaman hversu vel hefur gengið," segir Eyrún Huld.

### *Fyrsta minningin úr reiðtúr með pabba*

Eyrún ólst upp á Hömrum ofan Akureyrar þar sem nú er Útilífsmiðstöð og tjaldsvæði. Foreldrar hennar voru þar með búskap, kýr, svín og hesta.

„Fyrsta minning mín er að ég fór á hestbak með pabba og týndi öðru stígvélinu mínu," segir hún en áhugi fyrir hestamennskunni kviknaði strax á unga aldri. Frá Hömrum lá leið fjölskyldunnar austur í Álftafjörð en á unglingsárum slitnaði þráðurinn um skeið og var ekki tekinn upp á ný fyrr en Eyrún flutti með eiginmanni



Krummusætið hefur fengið mikla og jákvæða athygli á Heimsmeistaramótinu í Herning í Danmörku. Hér er unnið við að gera kynningarbásinn kláran.

sínum, Baldri Jónassyni, að Bæ III, skammt norðan við Drangsnes. Þar fékk hún sér hesta aftur, alls þrjá, og flutti tvo þeirra með sér þegar fjölskyldan fluttist til Akureyrar árið 2011.

### *Sú stutta varð fljótt hænd að hestunum*

Dóttir Eyrúnar og Baldurs var þá eins árs, fæddist árið 2010. Hún fór fljótt að fylgja mömmu sinni í hesthúsið og að bregða sér með henni á bak.

„Hún sýndi strax mikinn áhuga á hestamennskunni, varð hænd að hrossunum og við byrjuðum á að teyma undir henni. Svo vildi hún ólm koma með mér á bak, fara í fullorðinsreiðtúr. Það er ekki gott, hvorki fyrir knapann né barnið, að setja það framan á hnakkinn svo ég fór að skoða hvað væri í boði," segir Eyrún.

> Sætið sjálft er samsett úr skel úr trefjagleri, setan er úr minnissvampi og það er klætt með leðri að ofanverðu. Undirlagið er klætt rúskinni, sem gerir það stamt og lítt hreyfanlegt. Einnig eru stillanlegir púðar undir sætinu sem stilla það af á hnakknum.

### *Tempurkoddi, belti og axlabönd*

Byrjaði hún á að leita á netinu, en fann ekkert sem hentaði og hún hafði hugsað sér. Einungis voru til tvöfaldir hnakkar og barnahnakkar til að festa aftan við venjulegan hnakk. Þá greip hún til þess ráðs að reyna að útbúa sæti fyrir Hröfnu.

„Ég byrjaði bara sjálf að fikra mig áfram. Það fyrsta sem ég gerði var að taka tempurkodda og skera hann aðeins til og festi okkur mæðgur svo saman með belti af Baldri og það þróaðist svo út í axlabönd með áföstu belti sem fór utan um okkur báðar. Þetta var allt heimagert og það efni sem tiltækt var notað. Þetta var betra en að nota bara hnakkinn en alls ekki nógu gott þannig að ég hélt áfram að velta þessu fyrir mér. Á þeim



**„Við höfðum að leiðarljósi að sætið þyrfti að vera lítið og þægilegt fyrir barnið að sitja í því," segir Eyrún Huld.**

tíma datt mér ekki í hug að þessi hugmynd mín, sem átti nú bara að vera heimasmíðuð lausn fyrir okkur Hröfnu, myndi vinda svona upp á sig eins og raun ber vitni," segir Eyrún.

### *Fékk byr undir báða vængi*

Hún hafði verið á Punktinum og konurnar þar hvöttu Eyrúnu til að taka þátt í Atvinnu- og nýsköpunarhelgi í Háskólanum á Akureyri í fyrravor og vinna þar með hugmynd sína.

„Ég lét til leiðast og skráði mig eftir svolitlar fortölur, ég hafði á þeim tíma sjálf ekki mikla trú á að eitthvað yrði úr þessu," segir Eyrún. Skemmst er frá því að segja að hugmynd hennar hreppti þriðja sætið og 200 þúsund króna peningaverðlaun til að þróa hana áfram. „Það gaf mér byr undir báða vængi, ég fór þá fyrst að meðtaka það að eitthvert vit var í þessu hjá mér," segir hún.

Eyrún fór í framhaldinu til forsvarsmanna Tjald- og seglaþjónustunnar og ræddi við þá um hugsanlegt samstarf við þróun vörunnar. Vel var tekið í erindið og tóku starfsmenn fyrirtækisins þátt í þróunar- og framleiðsluferlinu strax í upphafi.

### *Hönnun hefur tekið breytingum*

„Við höfðum að leiðarljósi að sætið þyrfti að vera lítið og þægilegt fyrir barnið að sitja í því," segir hún. Hönnunin hefur tekið breytingum á því ári sem unnið hefur verið að verkefninu, það á við bæði um útlit og lögun og einnig urðu festingarnar einfaldari. Eyrún segir að alls hafi verið gerðar sjö prufur þar til niðurstaða fékkst.

Sætið sjálft er samsett úr skel úr trefjagleri, setan er úr minnissvampi og það er klætt með leðri að ofanverðu. Undirlagið er klætt rúskinni, sem gerir það stamt og lítt hreyfanlegt. Einnig eru stillanlegir púðar undir sætinu sem stilla það af á hnakknum. Belti fylgir með sem festir barnið við knapann, hann er því sjálfur með lausar hendur til að stýra hestinum. Sætið er fest á einum stað með reim sem gengur undir hnakkinn og aftur í reiðafestinguna, þannig að auðvelt er að festa það og taka af.

### *Dregur ekki milljónir upp úr vasanum sjálfur*

Næsti áfangi í ferlinu varð í desember síðastliðnum þegar Eyrún hlaut styrk úr Vaxtasamningi Eyjafjarðar. Lokaáfangi þess samnings er nú senn á enda og annar tekur við, en Eyrún hlaut einnig styrk frá Atvinnumálum kvenna á liðnu vori og er hann um það bil að hefjast. Sá styrkur verður nýttur til markaðsstarfs.

„Það má segja að boltinn hafi heldur betur farið að rúlla, því auðvitað dregur maður sjálfur ekki milljónir upp úr vasanum til að sinna verkefni á borð við þetta. Þetta er dýrt og það er ómetanlegt að fá þann stuðning sem ég hef fengið. Ég er afskaplega þakklát fyrir þann velvilja sem verkefni mínu hefur verið sýndur," segir hún. Framleiðsla á Krummusæti er þegar hafin og sala hefst innan tíðar. Eyrún segir að einungis eigi eftir að fara í gegnum öryggisprófanir hjá Miðstöð slysavarna barna og að þeim loknum geti sala hafist.

### *Á heimsmeistaramótinu í Herning*

Eyrún hefur þegar kynnt Krummusætið á gömlum heimaslóðum fyrir austan, m.a. á Hornafirði og Breiðdalsvík, og hlaut góðar viðtökur. Þá er hún að undirbúa ferð í Skagafjörð, Húnavatnssýslur og á höfuðborgarsvæðið. Þaðan lá leiðin á Heimsmeistaramótið í Herning í Danmörku en þar hefur Eyrún staðið vaktina í liðinni viku.

„Viðtökur hafa verið mjög góðar og jákvæðar, það líst öllum mjög vel á þetta og það er virkilega ánægjulegt. Ég finn fyrir miklum áhuga."

Og af því Eyrún er komin út fyrir landsteinana ætlar hún einnig að fara með Krummusætið til Noregs og koma við bæði í Osló og Þrándheimi.

/MÞÞ












**Vinnufatabúðin í Reykjavík 75 ára og hóf starfsemi á meðan Reykjavík var vart annað en sveitaþorp:**

# Hefur alla tíð þjónað fólki á landsbyggðinni og gerir enn

## – á upphafsárunum var ekki óalgengt að sjá hesta, kýr og annan búfénað á götum bæjarins

**Vinnufatabúðin við Laugaveg 76 heldur upp á 75 ára afmæli sitt um þessar mundir. Verslunin hefur alla tíð haft náin tengsl við fólk af landsbyggðinni og gerir enn. Í tilefni afmælisins er boðið upp á afslætti og ýmislegt til gamans gert.**

Á starfstíma verslunarinnar hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar. Þá hefur Reykjavík breyst frá því að vera hálfgert sveitaþorp þar sem starfræktur var bæði sauðfjár- og kúabúskapur, í það að verða nýtískuleg borg þar sem búskapurinn er nær alveg horfinn. Í þá daga var ekki óalgengt að sjá bændur og aðra koma ríðandi niður Laugaveginn í kaupstaðarferð og giltu þá sérstakar umferðarreglur fyrir hross sem reyndar voru að hluta í gildi fram yfir aldamótin 2000. Sem dæmi þá var Norðurmýrin nánast eitt samfellt tún fram undir 1940 þegar Vinnufatabúðin var stofnuð, þótt einhver hús hafi verið komin við Rauðarárstíg.

Þorgeir Daníelsson er þriðji ættliður eigenda Vinnufatabúðarinnar. Hann hóf störf í búðinni fyrir 55 árum þegar hann var aðeins 14 ára gamall og hefur starfað þar allar götur síðan. Hann tók við rekstrinum af föður sínum ásamt bróður sínum, Daníel, 1967 og ráku þeir hana saman til 1997. Frá þeim tíma hefur Þorgeir rekið Vinnufatabúðina ásamt eiginkonunni, Hildi Símonardóttur.



Þorgeir Daníelsson er þriðji ættliður eigenda Vinnufatabúðarinnar. Hann hóf störf í búðinni fyrir 55 árum þegar hann var aðeins 14 ára gamall og hefur starfað þar síðan. Mynd / HKr.

### *Þrengt að hefðbundinni verslun*

Þorgeir segir mikið hafa breyst í borginni frá því hann hóf störf í Vinnufatabúðinni árið 1960. Þróun miðborgarinnar hafi verið hröð, ekki síst við tilkomu aukins straums ferðamanna á allra síðustu árum. Nú óttast hann og margir aðrir kaupmenn gömlu verslananna við Laugaveginn um sinn hag. Finnst sumum nóg komið af svokölluðum lundabúðum, hótelum og veitingastöðum sem hafa verið fylgifiskur fjölgunar ferðamanna.

Þorgeir segir mikið skilningsleysi ríkja meðal ráðamanna borgarinnar. Það hafi leitt til þess að þeim Íslendingum fækki stöðugt sem leiti á Laugaveginn beinlínis til að versla. Verið sé að þrengja að hefðbundinni verslunarstarfsemi bæði við Laugaveginn og víðar á miðborgarsvæðinu. Hildur tekur undir þetta.

„Mér finnst að verið sé að keyra þessa atvinnustarfsemi hægt og bítandi niður. Hótelbyggingar rísa við annarrar hvorrar hlið og bílastæði skortir hvort sem við erum að tala um bílastæðahús eða aðrar lausnir. Endurbætur á umhverfinu – til dæmis á götum – taka of langan tíma sem kemur illa niður á verslunarrekstrinum. Við skulum vona að borgaryfirvöld sjái að sér að þessu leyti því það væri veruleg afturför í miðborginni okkar ef verslunarreksturinn hrekst á brott,“ segir Hildur.

### *Verslunin væri ekki til án landsbyggðarfólksins*

Hún segir að allan þennan tíma sem Vinnufatabúðin hafi starfað hafi verið lögð áhersla á sölu á vönduðum fatnaði. Þá hafi þjónusta við landsbyggðarfólk verið í öndvegi og sé enn.

„Ef við hefðum ekki notið tryggðar þessa ágæta fólks þá væri Vinnufatabúðin örugglega ekki til," segir Hildur.

Vinnufatabúðin hafi alltaf flutt inn vandaðan fatnað frá Casual sem er bæði vinnu- og betri fatnaður. Hugtakið vinnufatnaður hafi breyst í tímans rás frá því að vera flíkur sérstaklega ætlaðar til úti- og erfiðisvinnu yfir í frjálslegan fatnað til daglegra nota. Viðskiptavinahópurinn sé fólk á öllum aldri sem fáist við hin ýmsu störf í margbreytilegu samfélagi.

### *Stofnuð 1940*

Vinnufatabúðin var stofnuð 1940 þegar Þórarinn Kjartansson, eigandi Gúmmívinnustofunnar, seldi vinnustofuna og setti þess í stað fataverslun á stofn á jarðhæð hússins. Þórarinn réð saumakonu sem saumaði herrabuxur og stytti skálmar og lengdi allt eftir þörfum hvers og eins viðskiptavinar og oft á meðan beðið var.

Þórarinn lést síðla árs 1952 en eftir lát hans sáu Guðrún og Níels, sonur þeirra, um reksturinn. Níels lést ungur af slysförum og tók þá Daníel bróðir hans við ásamt móður sinni þar til Guðrún lést í febrúar 1967. Vinnufatabúðin hefur alla tíð verið í eigu afkomenda Þórarins og Guðrúnar. Um árabil ráku bræðurnir Þorgeir og Daníel Daníelssynir verslunina saman. Árið 1997 tóku Þorgeir og Hildur kona hans við versluninni.

### *Hjólbarðaviðgerðir og gúmmískór*

Saga hússins við Laugaveg er þó öllu lengri en saga Vinnufatabúðarinnar. Hana má rekja aftur til 1910 að Jón Þorsteinsson söðlasmiður lét reisa

## Má eigi ríða hraðar en á hægu brokki

**Reykjavík þurfti að takast á við sífellt stærri vandamál vegna aukinnar umferðar bíla og hestvagna þegar leið á 20. öldina. Þetta kom bersýnilega í ljós þegar skemmtiferðaskip hafði viðdvöl í bænum sumarið 1925. Jókst þá umferð í miðbænum það mikið að það lá við umferðaröngþveiti. Brást þá Knud Zimsen, þáverandi bæjarstjóri, við með því að taka sjálfur við umferðarstjórn.**

Í lögreglusamþykkt Reykjavíkur sem gilti frá 1891 og að einhverju leyti fram yfir aldamót 2000, segir m.a. í III kafla „um reið og akstur á götunum, rekstur gripa og fjenaðar o. fl – ***26. gr***.“:

„Þeir sem ríða eða aka um göturnar, skulu viðhafa tilhlýðilega aðgæzlu, einkum er þeir fara fyrir götuhorn eða fram úr garðshliðum. Á götum, torgum og annarsstaðar á almannafæri má eigi ríða hraðar en á hægu brokki, og skulu þeir, sem ríða eða aka, ef þörf gjörist, í tækan tíma gjöra viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga. Á stjettum má enginn ríða eða aka.

Þegar hestum er beitt fyrir sleða, skal festa við þá hæfilegar bjöllur, svo að til þeirra heyrist í tæka tíð.

***27. gr.***

Listamenn og aðrir ferðamenn mega eigi binda hesta sína, eða láta þá standa á götum bæjarins eða stjettum. Með áburðarhesta skal eigi hafa lengri viðdvöl á götum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

***28. gr.***

Bæjarmenn mega ekki láta hesta sína ganga lausa á götum bæjarins frekar en nauðsynlegt er til að hleypa þeim í fjöru eða til vatns; fælnir og slægir hestar mega alls eigi ganga lausir, nje heldur þeir hestar, er leika sjer eða fara á hlaupum um göturnar. Frá 15. apríl á vorin til þess er hestar eru teknir úr haga á haustin má alls enginn hestur ganga laus um bæinn.

***29. gr.***

Sauðfjenaður bæjarmanna má eigi ganga laus um bæinn frekar en nauðsynlegt er til að reka hann úr og í haga eða fjöru eða til vatns, og má engan sauðfjenað hafa í bænum frá 1. maí til 10. okt. Fyrir vestan og norðan línu úr markasteininum á Skildinganeshólum í upptök Rauðarárlækjar og þaðan eins og lækurinn ræður og þjóðvegurinn inn að Fúlutjarnarlæk, nema hann sje í öruggri vörslu.

***30. gr.***

Naut, sem færð eru til bæjarins, skulu ávallt leidd í bandi nægilega traustu og tveir fullorðnir karlmenn að minnsta kosti fylgja hverju nauti.“



**Þessi mynd af tveimur konum á hestbaki að spjalla við gangandi konu var tekin í Bankastræti í Reykjavík á árunum 1920 til 1930. Báðar konurnar sitja á venjulegum hnökkum, en ekki söðlum eins og algengt var með konur fyrr á öldinni. Í baksýn er bókaverslun Þórs B. Þorlákssonar í Bankastræti 11 og við hlið hennar verslunin Vísir að Laugavegi 1.**
Mynd / Jóhannes Guðmundsson gullsmiður / Ljósmyndasafn Reykjavíkur



**Þórarinn Kjartansson, stofnandi Vinnufatabúðarinnar, var með fyrstu mönnum á landinu sem tóku ökupróf og eignaðist bifreið.** Hér **styður hann sig við hægra frambrettið á Ford-bifreið sinni á Laugaveginum, líklega árið 1914. Við stýrið situr Jón Sigmundsson bílstjóri, en fyrir aftan hann sitja Hafliði Hjartarson og Stefán Ólafsson. Á framrúðunni má sjá miða sem á stendur „Kjósið Sigurð Jónsson og Svein Björnsson, en þeir voru báðir í framboði í alþingiskosningum sem fram fóru 11. apríl 1914.** Mynd / Karl Christian Nielsen / Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

húsið – tvílyft steinhús 14 x 14 álnir að grunnfleti, með 33/4 álna háu risi. Gísli Þorbjörnsson málaflutningsmaður eignaðist húsið nokkrum árum síðar og sótti um leyfi til borgaryfirvalda að byggja við það. Nokkur ár tók að fá leyfið og húsið var þá komið í eigu Þórarins Kjartanssonar, kaupmanns frá Núpskoti á Álftanesi, sem lengi var með starfsemi þar. Árið 1921 fær Þórarinn leyfi til að byggja kvist til suðurs á húsið og stækka þannig þakhæðina. Um svipað leyti byggir hann 32 fermetra skúr á lóðinni.

Þórarinn hafði farið til Danmerkur þar sem hann lærði gúmmíviðgerðir á árum heimsstyrjaldarinnar fyrri. Eftir heimkomuna setti hann á stofn verkstæðið Gúmmívinnustofuna, sem annaðist viðgerðir á bifreiðahjólbörðum og dekkjum á reiðhjól. Gúmmívinnustofan var fyrst til húsa á horni Ingólfsstrætis og Grundarstígs þar til Þórarinn keypti húsið á Laugavegi 76 og flutti starfsemina þangað.

Talið er fullvíst að Þórarinn hafi verið fyrstur manna á landinu til að setja upp dekkjaviðgerðarverkstæði. Hann varð þekktur fyrir fleira, meðal annars að búa til gúmmílímið Gretti, sem flestir muna eftir sem komnir eru á miðjan aldur og var meðal annars notað til þess að líma saman gúmmískó sem gerðir voru úr slöngum innan úr hjólbörðum og þóttu mikil framför þar sem vatnsheldur skófatnaður var þá lítt þekktur með þjóðinni. Einnig voru í Gúmmívinnustofunni framleiddar vatnsheldar svuntur fyrir fiskverkunarhúsin, efnið í þær var innflutt en böndin á þær voru límd með líminu góða.

Þórarinn var með fyrstu mönnum á landinu sem tóku ökupróf og eignaðist bifreið. Hann ók á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, eins konar áætlunarferðir, við erfiðar aðstæður, á þeim tíma voru bæði bifreiðar og vegir landsins á bernskuskeiði. Kona Þórarins var Guðrún Daníelsdóttir. Faðir hennar – tengdafaðir Þórarins – var Daníel Daníelsson, ljósmyndari og síðar dyravörður í stjórnarráðinu. Daníel lærði ljósmyndun hjá Sigfúsi Eymundssyni og var um tíma með verslun og greiðasölu að Sigtúnum við Ölfusárbrú. Kona Daníels var Níelsína Ólafsdóttir, dóttir Ólafs Jónssonar, kaupmanns í Hafnarfirði, og konu hans, Kristínar Ólafsdóttur, hreppstjóra í Hafnarfirði. Um Daníel var ort vísa þegar hann annaðist um dyr stjórnarráðsins og mun hún hafa birst í Seglinum á umbrotatímum í stjórnmálunum.

*Daníel sá er dyrnar opnar*
*dyrnar opnaði fljótt og vel.*
*Jónasi gerðust glyrnur hvassar*
*og gaut þeim skáhallt á Daníel.*

Þarna er að sjálfsögðu ort um Jónas Jónsson frá Hriflu sem var áberandi í pólitíkinni á fyrri hluta liðinnar aldar og gustaði jafnan nokkuð um.



**Vinnufatabúðin í dag.** Mynd / HKr.



*Stór fjölskylda og byggt stórt*

Hildur segir að Þórarinn hafi ekki látið sitja við kvistbygginguna og skúrinn því árið 1928 hafi hann fengið leyfi til þess að stækka grunnflöt hússins og byggja ofan á það enda um stóra fjölskyldu að ræða. Í febrúar árið 1931 kemur fram í virðingarskjali að þar séu íbúðar- og verslunarhús, járnhæð, tvær hæðir og portbyggt ris með kvisti.

Hildur Símonardóttir segir húsnæði og umgjörð Vinnufatabúðarinnar hafa lítið breyst frá því að Þórarinn var þar að versla. Verslunarplássið hafi þó verið stækkað með því að taka vegg sem var á milli Vinnufatabúðarinnar og sjoppunnar sem þar var og einnig hafi vinnu- og geymsluherbergi verið bætt við verslunina. Fyrir nokkrum árum voru gerðar breytingar á innréttingum án þess þó að ný innrétting væri sett upp.

Samkvæmt íbúaskrá frá árinu 1930 búa í húsinu tvær fjölskyldur: Þórarinn Kjartansson og kona hans, Guðrún Daníelsdóttir, ásamt sjö börnum sínum, því elsta fæddu 1919 og því yngsta fæddu 1929. Á árinu 1951 var byggður stór kvistur á norðurhlið hússins þar sem voru innréttuð tvö íbúðarherbergi og eldhús til viðbótar eldhúsinu sem þar var. Á jarðhæð hússins hefur alla tíð verið atvinnurekstur. Þar voru matvörubúðin Liverpool og Höfði, Gúmmívinnustofan var í vesturenda hæðarinnar, þar sem núna er snyrtivöruverslun. Fjölskylda Þórarins og Guðrúnar bjó á hæðinni en efsta hæðin og risið var í leigu. Í austurenda verslunarhæðarinnar var lengi rekin sælgætisverslun, einnig var í húsinu úrsmiður með verslun og vinnustofu, einnig var þar gjafavörubúð og fleiri verslunarfyrirtæki. /HKr.


# Bændur athugið

Hjá Slippfélaginu færðu gæða málningu fyrir íslenskar aðstæður

Gæði - Reynsla - Þjónusta

Hafið samband og fáið faglega ráðgjöf
Sendum hvert á land sem er



Veljum íslenskt

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Opnunartími: Virka daga: 08.00 – 18.00 Laugardaga: 10.00 – 14.00
Borgartúni 22 Rvk. - Dugguvogi 4 Rvk. - Dalshrauni 11 Hafnarfirði - Gleráreyrum 2 Ak.
Sími: 588-8000 www.slippfelagid.is



45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2014.

# Sprækari kálfar með Sprayfo

Hollenska Sprayfo mjólkurduftið er gæðavara



Kr. 10.990 án vsk.
25 kg

Sprayfo BLUE
Hentar sérstaklega á seinni hluta mjókurskeiðs.
Sameinar gæði og gott verð.



Kr. 9.390 án vsk.
25 kg

- Úrvals leysanleiki
- Minni skita
- Hár meltanleiki
- Góð nýting
- Hagstætt verð



Sprayfo ROYAL
Auðugt af undanrennudufti.
Inniheldur mótefnavaka.
Allt prótein er unnið úr mjólk.

Fæst í verslunum Líflands og hjá endursöluaðilum

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík Óseyri, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi Borgarbraut, Borgarnesi | www.lifland.is lifland@lifland.is

LÍFLAND


„Það er greinilega mikil þörf fyrir starfsemi af þessu tagi,“ segir Elmar Þór Magnússon, sem rekur Hundahótel Norðurlands að Jórunnarstöðum í Eyjafjarðarsveit. Hér er hann með „hótelgestinum“ Freyju, sú hvíta, og heimilishundinum Gutta.
Myndir / MÞÞ

**Hundahótel Norðurlands á Jórunnarstöðum í Eyjafjarðarsveit:**

# Oft erfiðara að fá pössun fyrir hundinn en börnin

**„Það er greinilega mikil þörf fyrir starfsemi af þessu tagi,“ segir Elmar Þór Magnússon, sem rekur Hundahótel Norðurlands að Jórunnarstöðum í Eyjafjarðarsveit. Mikið hefur verið að gera í sumar, aukningin frá því í fyrrasumar, þegar starfsemin hófst, nemur um 150%.**

„Þetta er þjónusta sem sárlega vantaði hér um slóðir, það sýna þær góðu viðtökur sem við höfum fengið,“ segir hann. Gamalt fjós var tekið undir starfsemina og það lagað að henni. Nú eru 15 búr á hótelinu og stendur til að fjölga þeim um 6 í haust til að annað sívaxandi eftirspurn.

Elmar er Suðurnesjamaður, fæddur og uppalinn í Garðinum og stundaði sjómennsku frá unglingsaldri, var bæði á stærri og minni bátum til 25 ára aldurs. Hann lærði smíðar og starfaði við þá iðn þar til hann flutti norður í Eyjafjörð fyrir rúmum tveimur árum, í mars árið 2013 þegar hann stóð á fertugu. „Ég hafði aldrei verið í sveit áður, en það er nú skemmst frá því að segja að mér líður mjög vel í sveitinni,“ segir hann.

*Gengu frá kaupum í snatri*

Elmar og þáverandi kona hans, Helga Andersen, höfðu um skeið látið sig dreyma um að flytjast í sveit og höfðu augastað á Suðurlandi. „Við vorum að leita að sveitabæ á


Elmar gerði fjósið á staðnum upp og kom þar fyrir búrum fyrir hundagæsluna.



Gestabókin á Jórunnarstöðum er á vegg í eldhúsinu.


Við hundahótelið er Elmar að útbúa útisvæði við hvert hundabúr og miðar vel með það verkefni. Í hlöðunni, sem er áföst, stendur til að bæta við 6 búrum fyrir hundagæsluna, en einnig er hann að breyta húsnæðinu og hyggst hefja þar svínarækt á haustdögum.

Suðurlandi þar sem við gætum skapað okkur atvinnu, langaði að fara í ferðaþjónustu, setja t.d. upp smáhýsi og bjóða upp á gistingu, það var ein hugmyndin,“ segir Elmar. Erfiðlega gekk að finna bæ á viðráðanlegu verði sunnan heiða. Leikar fóru svo að Helga rak augun í auglýsingu á netinu um að Jórunnarstaðir í Eyjafjarðarsveit væru til sölu, þau brunuðu strax norður til að skoða og leist vel á. Í framhaldinu lögðu þau fram tilboð í jörðina og því var tekið. Elmar varð fertugur meðan á þessu stóð, um miðjan mars árið 2013, hann skellti upp afmælis- og kveðjuveislu og hélt svo af stað norður í land.

„Þetta gerðist allt frekar snögglega, tók rétt um það bil viku frá því við sáum auglýsinguna og þar til ég var kominn norður.“

*Úr nautum yfir í svín*

Nautaeldi var stundað á Jórunnarstöðum á þeim tíma, þar voru 60 gripir fyrir þegar Elmar og Helga tóku við búskapnum og fóru þau mest upp í 110 gripi. Þau hafa smám saman síðan trappað sig niður, hættu að kaupa kálfa síðasta haust og eru með um 30 gripi nú. Elmar hefur hug á að taka upp svínarækt

á staðnum. Hann hefur þegar hafist handa við framkvæmdir, ætlar að breyta hlöðu sem fyrir er á bænum og koma þar fyrir 15 gyltum til að byrja með, en stefnir að því að á næstu 3–4 árum verði þær um 120 talsins. „Ég stefni að því að hafa allt tilbúið hér í október, en auðvitað má segja að ekki blási byrlega í svínaræktinni um þessar mundir. Verkfall dýralækna á liðnu vori hefur sett sitt strik í reikninginn hjá svínabændum, verðið lækkaði töluvert í kjölfarið og það er á brattann að sækja. En svona er þetta bara, það skiptast á skin og skúrir í þessu eins og öðru og ég hafði tekið þessa ákvörðun áður en verkfallið hófst. Ætli ég haldi mig ekki við hana,“ segir Elmar.



**Líf og fjör hjá hundunum á Jórunnarstöðum.**

### *Byrjað með 7 búr og stefnir í 21*

Elmar hefur um ævina verið mikill hundavinur og átt hunda frá unglingsárum. Hugmyndin að því að opna hundahótel kviknaði fljótlega eftir að hann kom norður. Hann tók gamalt fjós sem fyrir var á staðnum undir þá starfsemi, gróf það allt út og tók í gegn. „Þetta var heilmikil vinna, við gjörbreyttum fjósinu, klæddum veggi með pallíettum, máluðum og gerðum þetta eins fínt og hægt er,“ segir Elmar. Hann smíðaði einnig öll búrin sjálfur og sinkhúðaði þau.

„Við byrjuðum með þessa starfsemi í júní í fyrra og þá með 7 hundabúr, en við vorum farin að taka á móti hundum áður en við opnuðum formlega, það hafði spurst út að til stæði að opna hundahótel og fólk var farið að hringja og spyrjast fyrir,“ segir Elmar. Nú er hann með alls 15 búr á staðnum og stefnir að því að bæta 6 við í haust, þannig að alls verði þau 21. Þá er hann einnig að smíða útisvæði í tengslum við hvert búr þannig að hundarnir geti sjálfir farið út að vild. Þær framkvæmdir eru á lokastigi. „Það stendur líka til að byggja nokkuð stórt opið gerði á túni framan við bæinn,“ segir hann. Aðstaðan verður því eins og best verður á kosið.



**Elmar Þór með þrjá „Pug“-hvolpa sem komu í heiminn 1. júlí síðastliðinn.**



**Heimasmíðað rúm fyrir hótelgesti á Hundahóteli Norðurlands.**

### *Tæplega 70% hundanna frá Akureyri*

Hundarnir sem dvelja á Hundahóteli Norðurlands koma víða að, en flestir eiga þeir heima á Akureyri, næsta þéttbýlisstað við Jórunnarstaði. Elmar segir að allt að 70% hundanna komi þaðan. Húsvíkingar hafi í töluverðum mæli notað þjónustuna og fengið dvöl fyrir hunda sína á hótelinu.

„Það er líka svolítið um að íbúar af Austurlandi hafi komið hingað með sína hunda á meðan þeir skella sér í frí, við höfum fengið hunda frá Reyðarfirði og Fáskrúðsfiði og það eru líka dæmi um að íbúar af höfuðborgarsvæðinu kjósi að aka hundum sínum norður í gæslu á meðan þeir eru í burtu,“ segir Elmar.

„Við reynum að hafa þetta heimilislegt og eins sveiganlegt og hægt er og kappkostum að veita persónulega þjónustu þannig að þetta verði sem þægilegast fyrir kúnnann,“ segir hann og bætir við að orðsporið sem af starfseminni fer sé besta auglýsingin. Flestir koma með hundana á hótelið en Elmar hefur líka af og til náð í dvalargesti sína til Akureyrar ef þannig stendur á hjá eigendum hundanna.

### *Brennandi áhugi fyrir hundum*

„Þetta er mjög skemmtilegt, margir hundanna hafa komið hér oft og eru heimavanir, en svo bætast sífellt nýir í hópinn. Þetta eru skemmtilegir karakterar og mann langar næstum að eiga annan hvern hund sem hingað kemur,“ segir Elmar. Vissulega sé mjög bindandi að starfrækja hundahótel og ekki mikið svigrúm til að bregða sér af bæ nema í örskamma stund í einu.

„Þetta er auðvitað mjög bindandi, maður er við þetta frá morgni til kvölds og eflaust á þetta starf ekki við alla, það þarf að hafa brennandi áhuga fyrir hundum.“ Dagurinn byrjar á því að hleypa þarf hundunum út, hverjum á fætur öðrum, fara í gönguferðir, gefa þeim að borða og hirða um þá, þrífa búr, teppi og bæli sem þeir liggja á. „Það skortir ekki verkefnin.“

### *Met um verslunarmannahelgi*

Hótelið var opnað í júní í fyrra og hefur starfseminni vaxið fiskur um hrygg á því rúma ári sem liðið er. Alls nemur aukningin um 150% þegar saman eru borin sumrin 2014 og 2015. Enda stendur til að stækka og Elmar hefur þegar hafist handa við að bæta við plássi fyrir fleiri búr. Hann stefnir að því að búrin verði orðin ríflega 20 þegar líður á haustið. Um verslunarmannahelgina síðustu voru til að mynda alls 30 hundar í gæslu á Jórunnarstöðum og er það met. Þá voru hundar einnig hýstir inni á heimili Elmars. „Það var ansi líflegt hjá mér þá helgi,“ segir hann og viðurkennir að hann eigi erfitt með að neita þegar beðið er um pláss. „Maður reynir að gera allt, það er oft erfiðara fyrir fólk að fá pössun fyrir hundinn sinn en börnin, það er bara svoleiðis.“

### *Annar bragur í sveitinni en á Suðurnesjum*

Elmari líkar vel í Eyjafjarðarsveit en segir umhverfið allt með öðrum hætti en á æskuslóðum sínum á Suðurnesjum. Há fjöll allt um kring, mikill gróður og kyrrð.

„Þetta er bara allt öðru vísi en það sem ég er vanur, annað landslag og mikil kyrrð, það er ágætt að losna við rokið og rigninguna og þann eril sem einkenndi gömlu heimabyggðina. Nágrannarnir eru alveg hreint frábærir og hafa reynst mjög vel, eru boðnir og búnir að aðstoða með alla skapaða hluti og hafa lánað tæki og annað. Það má segja að við höfum kastað okkur beint út í djúpu laugina þegar við fluttum hingað, alls óvön búskap og sveitastörfum, en allt hefur blessast þó stundum hafi nú gengið á ýmsu. Það hafa engin stóráföll orðið og almennt gengið mjög vel,“ segir Elmar. /MÞÞ




limtrevirnet.is



Þarft þú að gefa fé?

-við framleiðum þrjár útfærslur af gjafagrindum

Gjafagrind til notkunar úti eða á taði, fyrir allt að 30 kindur.
· Létt og meðfærileg
· Sterk
· Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni

Rúllugrindur fyrir stórgripi
· Frábær hönnun
· Mjög einföld í notkun
· Sterk og meðfærileg

Gjafagrind til notkunar innandyra, fyrir allt að 70 kindur.
· Þrjár gerðir
· Sterk
· Auðveld í notkun
· Sérstakar slæðigrindur
· Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni





LímtréVírnet
Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350
Aðalskrifstofa – Borgarbraut 74 – 310 Borgarnes
Söluskrifstofa – Vesturvör 29 – 200 Kópavogur
Netfang – sala@limtrevirnet.is




# Fjárréttir og stóðréttir árið 2015

**Bændablaðið birtir yfirlit um fjár- og stóðréttir árið 2015.**

Á listanum er að finna upplýsingar um réttardaga og sumum tilvikum tímasetningar. Víða eru fyrri og seinni réttir og eru dagsetningar tilteknar í listanum þar sem við á.

Rétt er að minna á að villur geta slæðst inn í lista af þessu tagi og eins geta náttúruöflin orðið til þess að breyta þarf tímasetningum á smalamennsku og þar með réttahaldi. Eru lesendur því hvattir til að hafa samband við heimamenn á hverjum stað til að fullvissa sig um réttar dag- og tímasetningar.

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið tjorvi@bondi.is. Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og eru aðgengilegar á vef Bændablaðsins, bbl.is.

/TB

## Suðvesturland

| | |
|---|---|
| Fossvallarétt við Lækjarbotna (Rvk/Kóp) | sunnudaginn 20. sept. um kl. 11.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | sun. 20. sept. um kl. 13.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sun. 20. sept. um kl. 15.00 og 11. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugard. 26. sept. um kl. 13.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 19. sept. kl. 14.00 |

## Vesturland

| | |
|---|---|
| Arnarhólsrétt í Helgafellssveit | sunnudaginn 20. sept. kl. 11.00 |
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 26. sept. |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | sunnudaginn 13. sept. |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | sunnud. 20. sept. um kl. 11.00 |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | sunnudagana 13. og 27. sept. kl. 14.00 |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | laugardagana 19. sept. & 13. okt. |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | sunnudaginn 13. sept. |
| Fróðárrétt í Fróðárhreppi | laugardaginn 19. sept. |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | sunnudaginn 20. sept. kl. 12.00 |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 26. sept. |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | þriðjudaginn 15. sept. |
| Hamrar í Grundarfirði | laugardaginn 19. sept. og 3. okt. |
| Hellnarétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 19. sept. |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | mánudaginn 14. sept. |
| Hornsrétt í Skorradal, Borg. | sunnudaginn 13. sept. kl. 10.00 og fös. 25. sept. |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | sunnudagana 27. sept. og 4. okt. kl. 10.00 |
| Kaldárbakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu | sunnudaginn 6. sept. |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | laugardagana 12. og 26. sept. |
| Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. | laugardaginn 12. sept. |
| Mýrar í Grundarfirði | laugardaginn 19. sept. og 3. okt. |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | þriðjudaginn 22. sept. |
| Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. | laugardaginn 5. sept. |
| Núparétt á Melasveit, Borg. | sunnud. 13. sept. kl. 13.00 og laugard. 26. sept. |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | miðvikudaginn 16. sept. kl. 9.00 og sunnud. 4. okt. |
| Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf. | laugardaginn 19. sept. |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | föstudaginn 2. okt. kl. 10.00 |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | sunnudaginn 20. sept. |
| Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg. | laugardaginn 19. sept. og 26. sept. |
| Skarðsrétt á Skarðsströnd, Dal. | sunnudaginn 20. sept. kl. 11.00 og 4. okt. kl. 14.00 |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | sunnudaginn 20. sept. kl. 11.00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj. str., Borg. | sunnudagana 20. sept. kl. 10.00 og 4. okt. |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | mánudaginn 14. sept. |
| Tungurétt á Fellsströnd, Dal. | laugardaginn 12. sept. og föstudaginn 18. sept. |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | laugardaginn 19. sept. kl. 13.00 og 11. okt. |
| Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf. | sunnudaginn 20. sept. |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | mánudaginn 14. sept. kl. 7.00 |
| Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf. | laugardaginn 19. sept. |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 26. sept. |

## Vestfirðir

| | |
|---|---|
| Arnardalsrétt í Arnardal í Skutulsfirði | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Broddanes, Strand. | sunnudaginn 20. sept. kl. 16.00 |
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahrepp, A-Barð. | laugardaginn 12. sept. |
| Grund í Reykhólahreppi, A-Barð. | föstudaginn 18. sept. |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði | laugardaginn 26. september. |
| Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand. | laugard. 19. sept. um kl. 16.00 |
| Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V.-Barð. | sunnudaginn 27. sept. kl. 14.00 |
| Kinnarstaðarétt í Reykhólahr., A-Barð. | laugardagur 19. sept. kl. 18.00 |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | sunnudaginn 20. sept. kl. 14.00 |
| Kirkjubólsrétt í Engidal í Skutulsfirði | laugardaginn 26. sept. |
| Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 19. sept. |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | laugardaginn 19. sept. |
| Melarétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 12. sept. |
| Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. | laugard. 19. sept. um kl. 14.00 |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | laugardaginn 12. sept. kl. 16.00 |
| Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand. | sunnudaginn 13. sept. kl. 14.00 |
| Staður, Reykhólahreppi | föstudaginn 18. sept. kl. 16.00 |
| Syðridalsrétt í Bolungarvík | laugardaginn 19. sept. |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | laugardaginn 26. sept. |

## Norðvesturland

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 12. sept. kl. 8.00 |
| Beinakeldurétt, A-Hún. | þriðjudaginn 15. sept. kl. 9.00 |
| Fossárrétt í A-Hún. | laugardaginn 5. sept. |
| Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. | laugardaginn 12. sept. |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | laugardaginn 5. sept. kl. 16.00 |
| Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. | laugardaginn 5. sept. kl. 9.00 |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. | laugardaginn 5. sept. |
| Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún. | laugardaginn 29. ágúst kl. 16.00 |
| Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún. | sunnudaginn 6. sept. kl. 10.00 |
| Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. | laugardaginn 12. sept. kl. 8.30 |
| Sveinsstaðarétt, A-Hún. | sunnudaginn 13. sept. kl. 10.00 |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | föstudaginn 11. sept. kl. 12.00 |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. (seinni réttardagur) | laugardaginn 12. sept. kl. 9.00 |
| Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún. | föstudaginn 11. sept. kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 12. sept. kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugardaginn 12. sept. kl. 12.00 |

## Mið-Norðurland

| | |
|---|---|
| Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyf. | laugardaginn 12. sept. |
| Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyf. | laugardaginn 12. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | laugardaginn 12. sept. |
| Flókadalsrétt í Fljótum, Skag. | sunnud. 13. sept. um kl. 13-14. |
| Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði | föstud. 18. sept. um kl. 13.00 |
| Hlíðarrétt í Skagafirði | sunnudaginn 20. sept. |
| Hofsrétt í Skagafirði | laugardaginn 19. sept. |
| Holtsrétt í Fljótum, Skag. | laugardaginn 12. sept. |
| Hólsrétt við Dalvík | sunnudaginn 20. sept. |
| Hraunarétt í Fljótum, Skag. | þriðjudaginn 8. sept. |
| Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 5. sept. kl. 16.00 |
| Kleifnarétt í Fljótum, Skag. | laugardaginn 5. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði | sunnudaginn 13. sept. |
| Mælifellsrétt í Skagafirði | sunnudaginn 13. sept. |
| Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit | sunnudaginn 6. sept. kl. 15.00 |
| Ósbrekkurétt í Ólafsfirði | fös. 18. sept. og laugardaginn 19. sept. kl. 14.00 |
| Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyf. | laugardaginn 12. sept. |
| Reykjarétt í Ólafsfirði | miðvikudaginn 9. sept. og fimmtud. 10. sept. |
| Sauðárkróksrétt, Skagafirði | laugardaginn 5. sept. |
| Selárrétt á Skaga, Skag. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | laugardagana 5. sept. & 19. sept. |
| Siglufjarðarrétt í Siglufirði | laugard. 19. sept. um kl. 13.00 |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skag. | mánudaginn 14. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 5. sept. |
| Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skag | laugardaginn 12. sept. |

| | |
|---|---|
| Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyf. | föstudaginn 11. sept. |
| Staðarrétt í Skagafirði | sunnudaginn 6. sept. |
| Stíflurétt í Fljótum, Skag. | föstudaginn 11. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal | sunnudaginn 13. sept. um kl. 13.00 |
| Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skag. | laugardagana 5. sept. & 12. sept. |
| Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyf. | laugardaginn 12. sept. |
| Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyf. | laugardaginn 12. sept. |
| Þverárrétt í Hörgársveit | mánudaginn 14. sept. kl. 10.00 |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit, Eyf. | sunnudaginn 6. sept. kl. 10.00 |

## Norðausturland

| | |
|---|---|
| Álandstungurétt í Þistilfirði | laugardaginn 19. sept. |
| Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S-Þing. | sunnudaginn 6. sept. |
| Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 12. sept. |
| Dálkstaðarétt á Svalbarðsströnd, S-Þing | laugard. 12. sept. um kl. 13.00 |
| Fjallalækjarselsrétt | sunnudaginn 6. sept. |
| Garðsrétt í Þistilfirði | sunnudaginn 6. sept. |
| Gljúfurárrétt í Höfðahverfi, S-Þing. | laugard. 12. sept. um kl. 15.00 og sunnud. 20. sept. |
| Gunnarsstaðarétt í Þistilfirði | laugardaginn 12. sept. |
| Hallgilsstaðarétt á Langanesi | föstudaginn 18. sept. |
| Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S-Þing | sunnudaginn 6. sept. kl. 10.00 |
| Hraunsrétt í Aðaldal, S-Þing. | sunnudaginn 13. sept. kl. 10.00 |
| Hvammsrétt í Þistilfirði | laugardaginn 12. sept. |
| Illugastaðarétt í Fnjóskadal S-Þing. | sunnudaginn 6. sept. kl. 9.00 |
| Katastaðarétt í Núpasveit, N-þing. | sunnud. 13. sept. um kl. 9.00 |
| Leirhafnarrétt í Núpasveit, N-Þing | sunnud. 20. sept. um kl. 9.00 |
| Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S-Þing. | sunnudaginn 13. sept. kl. 9.00 |
| Mánárrétt á Tjörnesi | laugardaginn 12. sept. |
| Miðfjarðarnesrétt á Langanesi | mánudaginn 14. sept. |
| Miðfjarðarrétt | miðvikudaginn 9. sept. |
| Mýrarrétt í Bárðardal, S-Þing. | laugardaginn 5. sept. kl. 8.00 |
| Ósrétt á Langanesi | föstudaginn 18. sept. |
| Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N-Þing. | mánudaginn 14. sept. |
| Skógarrétt í Reykjahverfi, S-Þing. | laugardaginn 12. sept. kl. 14.00 |
| Svalbarðsrétt | sunnudaginn 13. sept. |
| Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N-Þing. | sunnudaginn 13. sept. kl. 10.00 |
| Tungugerðisrétt á Tjörnesi | sunnudaginn 13. sept. |
| Tungurétt í Öxarfirði, N-Þing. | laugardaginn 12. sept. |
| Tunguselsrétt á Langanesi | mánudaginn 14. sept. |
| Víðikersrétt í Bárðardal, S-Þing. | sunnudaginn 30. ágúst kl. 17.00 |
| Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, S-Þing. | laugardaginn 12. sept. kl. 17.30 |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | miðvikudaginn 16. sept. |

## Austurland

| | |
|---|---|
| Melarétt í Fljótsdal, N-Múl. | laugardaginn 19. sept. kl. 13.00 |
| Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði | sunnudaginn 27. sept. kl. 13.00 |
| Teigsrétt, Vopnafirði | sunnudaginn 6. sept. |

## Suðausturland

| | |
|---|---|
| Borgarhafnarrétt, Suðursveit, A-Skaft. | laugard. 5. sept. um kl. 16.00 |
| Fossrétt á Síðu, V-Skaft. | laugardaginn 12. sept. kl. 13.00 |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V-Skaft. | laugardaginn 19. sept. |
| Lögrétt Álftveringa í landi Holts og Herjólfsstaða | Uppl. liggja ekki fyrir. |
| Skaftárrétt, V-Skaft. | laugardaginn 12. sept. kl. 9.00 |

## Suðurland

| | |
|---|---|
| Austur-Landeyjaréttir við Miðey, Rang. | Uppl. liggja ekki fyrir. |
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn. | sunnudaginn 20. sept. kl. 17.00 |
| Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang. | mánudaginn 14. sept. |
| Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang. | sunnudaginn 20. sept. |
| Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang. | sunnud. 20. sept. um kl. 10.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. | laugardaginn 19. sept. kl. 15.00 |
| Hrunaréttir í Hrunamannahr., Árn. | föstud. 11. sept. um kl. 10.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn. | laugard. 19. sept. um kl. 14.00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | fimmtud. 24. sept. um kl. 12.00 |
| Laugarvatnsrétt, Árn. | sunnudaginn 13. sept. kl. 16.00 |
| Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum | laugard. 19. sept. um kl. 11.00 |
| Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. | laugard. 12. sept. um kl. 9.00 |
| Selflatarrétt í Grafningi | mánud. 21. sept. um kl. 9.45 |
| Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang. | sunnudaginn 20. sept. |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnud. 20. sept. um kl. 9.00 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. | föstudaginn 11. sept. |
| Tungnaréttir í Biskupstungum | laugardaginn 12. sept. kl. 9.00 |
| Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang. | sunnudaginn 20. sept. |
| Þóristunguréttir, Holtamannaafr., Rang. | sunnudaginn 20. sept. um kl. 10.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 20. sept. um kl. 16.00 |

## Stóðréttir haustið 2015

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A-Hún. | laugardaginn 26. sept. kl. 16.00 |
| Árhólarétt í Unadal, Skag. | föstudaginn 25. sept. kl. 13.00 |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | föstudaginn 25. sept. |
| Flókadalsrétt, Fljótum, Skag. | laugardaginn 3. okt. |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A-Hún. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 26. sept. |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 3. okt. kl. 13.00 |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V - Hún. | laugardaginn 5. sept. kl. 9.00 |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skag. | sunnudaginn 13. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 19. sept. |
| Skrapatungurétt í A-Hún. | sunnudaginn 20. sept. kl. 11.00 |
| Staðarrétt í Skagafirði. | laugardaginn 19. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 3. okt. um kl. 12.00 |
| Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skag. | föstudaginn 25. sept. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A-Hún. | laugardaginn 26. sept. kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V-Hún. | laugardaginn 3. okt. um kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V-Hún. | laugardaginn 26. sept. kl. 12.30 |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 3. okt. kl. 10.00 |





RITCHIE

# Fjárvogir



Ritchie fjárvogirnar eru mjög þægilegar og einfaldar í notkun. Allar aðgerðir vogarinnar, þ.e. hleypa lambi inn, vigta og hleypa lambi út er hægt að framkvæma án þess að færa sig úr stað.

Hægt er að fá búrið með skífumáli eða tölvu:

# Fjárgangar



Fjárgangarnir frá Ritchie hafa vakið mikla lukku og reynst vel. Þetta er lítil fjárfesting sem einfaldar til muna alla meðhöndlun á sauðfé og sparar mannskap.

Sauðféð er vel skorðað af í ganginum og hægt er að þrengja hann að neðan svo lömb geti síður snúið við. Á öðrum enda gangsins er flokkari sem flokkar í 2 áttir, á hinum endanum er fallhlíð sem stýra má með reipi, þannig að ávallt er staðið við flokkarann. Allar einingar eru léttar og meðfærilegar þannig að auðvelt er að færa fjárganginn til og pakka honum saman. Allar eininga eru heitgalvanhúðaðar.

# Gerðisgrindur




Léttar meðfærilegar grindur sem hægt er að raða saman á einfaldan hátt. Á öðrum enda hverrar grindar eru 3 augu sem hægt er að festa næstu grind í. Engin þörf á lykkjum eða teinum. Grindurnar eru heitgalvanhúðaðar og koma í 2 lengdum: 1,2 m og 1,8 m

Margir notkunarmöguleikar.

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500

**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555

**Vefsíða:** www.thor.is



Hitabeltisgróður við eitt gróðurhúsið í þjóðargrasagarðinum á Kúbu.

Myndir / VH

# Þjóðargrasagarðurinn á Kúbu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Kúba er eyja í Karíbahafi þar sem meðalhitinn er 21° gráða á Celsíus og þar vaxa rúmlega 9.000 tegundir af plöntum. Nánast er hægt að rækta hvað sem er á Kúbu sem sést á því að ef fræ lendir í mold spírar það og víða má sjá heilu trén vaxa í sprungum utan á húsum í gamla miðbænum.**

Þrátt fyrir þetta er takmarkað af matjurtum í boði í verslunum og helstu ræktunarplöntur eru sykurreyr, sem notaður er í romm, kaffi og tóbaksplöntur í vindla. Þjóðargrasagarðurinn á Kúbu er með yngri grasagörðum í heimi. Uppbygging hans hófst árið 1968 og hann var opnaður almenningi árið 1984.

Garðurinn er um 25 kílómetra suður af Havana, á landi sem áður var nytjað til beitar. Hann er um 600 hektarar að stærð og í honum eru þrjú lítil vötn, yfir 180 þúsund tré og ríflega fjögur þúsund tegundir af plöntum. Um 200 þúsund gestir heimsækja garðinn árlega.



Kaktusar í eyðimerkurloftslagi.

### *Gróður frá löndunum í kringum miðbaug*

Í garðinum, sem er skipt í svæði eftir löndum, má skoða plöntur sem eru upprunalega frá Ástralíu, eyjum í Kyrrahafinu, Suðaustur-Asíu, Indlandi, ákveðnum svæðum í Afríku, Mið-Ameríku og Mexíkó en 120 hektarar eru tileinkaðir flóru Kúbu. Það sem fyrir augu bar var því talsvert ólíkt því sem sjá má í grasagörðum á norðlægari slóðum.

Pálmar af öllum stærðum og gerðum eru í garðinum. Mér var sagt að alls væru pálmategundirnar 150 og þar af yxu 40 villtar á Kúbu. Í fyrstu fannst mér þeir nánast allir eins en þegar ég fór að skoða þá betur kom í ljós mikill munur á blaðgerð og áferð stofnsins. Mér kom á óvart að rekast á furur í garðinum og voru tvær tegundir mest áberandi, Pinus cubensis og Pinus caribaea.




Inngangurinn að Jardin Botanico Nacional á Kúbu.

### *Talsverður undirbúningur*

Daginn áður en ég og samferðakona mín, Guðrún Helga Tómasdóttir, fórum í garðinn var samið við leigubílstjóra um verð, klukkan hvað skyldi lagt af stað og hvað ferðin tæki langan tíma. Bílstjórinn var hinn almennilegasti og mjög hjálplegur og kannski um of því þegar við komum á staðinn var hann búinn að útvega okkur leiðsögukonu til að fylgja okkur um garðinn. Gallinn var bara sá að hún talaði ekki orð í ensku og við skiljum ekki nema hrafl í spænsku. Hún gat að vísu gert sig skiljanlega um hvað leiðsögnin kostaði en lengra náði það ekki og það tók talsverðan tíma að koma konunni í skilning um að við vildum fá að ganga um garðinn ein.



Garðurinn er á landi sem áður var notað til beitar.

Undirbúningur fyrir ferðina tók aftur á móti mest alla nóttina og um tíma hélt ég að ekkert yrði úr heimsókninni. Skömmu eftir miðnætti byrjaði ég að svitna herfilega og tveimur tímum síðar var ég kominn inn á klósett þar sem gusur komu hvor úr sínum endanum til skiptis og stundum báðum í einu. Þegar losuninni lauk og ég leit í spegil var ég grár í framan eins og aska í vindlaöskubakka, sem voru á öllum borðum á hótelinu, og hélt ég að þetta væri mín síðasta stund. Samferðakona mín rumskaði ekki við



Boðið er upp á sýningarferðir með þessu skemmtilega farartæki.



Í garðinum eru 35 kílómetrar af göngustígum.




Nóttin fyrir heimsóknina var erfið vegna matareitrunar og satt best að segja hef ég verið betur á mig kominn en í garðinum.

óhljóðin í mér og svaf alla nóttina og kenndi sér einskis meins.

Ég var aðein hressari þegar kom að brottför klukkan níu árdegis og ákvað því að fara í garðinn því alls óvíst var hvort tækifærið byðist aftur.

Í garðinum tóku veikindin sig aftur upp og mér varð svo brátt að ég þurfti að hlaupa bak við pálma og létta á mér og nota gras á afturendann, eins og í sveitinni í gamla daga. „Shit happens“ víðar en á Íslandi.



Guðrún Helga skannar matseðilinn.



Illa þefjandi planta sem laðar að sér flugur sem sækja í hræ.



Lendi fræ í mold spírar það og víða í gamla bænum má sjá tré vaxa utan á húsum og skemma þau.



Bjúgu sem vaxa á trjám.

### *Gróðurhús og bonsaigarður*

Þrjú stór gróðurhús í garðinum eru opin almenningi og í raun svolítið súrrealískt að skoða plöntur í gróðurhúsi í hitabeltinu. Ég áttaði mig svo á að gróðurhúsunum var ætlað að skapa ákveðið loftslag og gróðurhverfi eins og eyðimörk þar sem vaxa kaktusar og þykkblöðungar eða regnskógaloftslag fyrir vatnaliljur og hitabeltisburkna. Í einu gróðurhúsinu var svo safn bonsai-trjáa.

Utandyra skammt frá gróðurhúsunum er sýningarsvæði sem er helgað plöntunytjum og þar vaxa alls kyns lækninga-, litunar-, vefnaðar-, matarplöntur og plöntur sem tengjast helgihaldi. Þar er einnig beð þar sem



Rauðar hnetur eins og þessar var víða að sjá á pálmatrjám.

eingöngu vaxa eitraðar plöntur.

Þar sem við heimsóttum garðinn í nóvember voru aldin og fræ áberandi en fáar plöntur í blóma.

### *Gangan langa*

Í garðinum, sem er stór, eru 35 kílómetrar af göngustígum og ég er viss um að ég og Guðrún Helga höfum gengið hvern einasta metra af þeim. Í ákafa mínum til að sjá sem mest og kíkja yfir næstu hæð týndi ég áttum og við villtumst í garðinum. Við hefðum líklega þurft að eyða nóttinni þar hefði Guðrún ekki kunnið hrafl í spænsku og séð skilti sem vísaði á aðalinnganginn þar sem leigubíllinn beið okkar og ók heim á hótel þar sem ég lá í nokkra klukkutíma og jafnaði mig á matareitruninni.

Gamli traktorinn



# Glaðværi bóndinn

**Traktorarnir sem tíndir verða til að þessu sinni eru reytingur héðan og þaðan en eiga það sameiginlegt að hafa verið framleiddir í Bandaríkjunum á fyrrihluta og miðri síðustu öld.**



Nöfn dráttarvéla eru oftar en ekki kennd við stofnendur fyrirtækjanna sem framleiða þá. Hér er að finna skemmtilega undantekningu á því enda hlýtur nafnið Happy Farmer að teljast glaðværasta nafn sem nokkur dráttarvél hefur nokkurn tíma verið nefnd.

*Happy Farmer*

Nafnið Happy Farmer hlýtur að teljast glaðværasta nafn sem nokkur dráttarvél hefur nokkurn tíma verið nefnd. Fyrirtækið The Happy Farmer co. var stofnað í Minnesota í Bandaríkjunum árið 1915. Vörumerki fyrirtækisins var óvenjulegt á sínum tíma og var teikning af skælbrosandi bónda. Fyrstu traktorarnir sem Happy Farmer framleiddi voru litlar tvígengisvélar með opnum gírkassa. Til að byrja með voru dráttarvélarnar á þremur járnhjólum en seinna framleiddi fyrirtækið einnig fjögurra hjóla vélar.

Árið 1916 tilkynnti fyrirtækið að 500 og 1500 týpurnar sem þá voru á hönnunarstigi yrðu framleiddar í samstarfi við H.E. Wilcox Motors Co. og La Crosse Tractor Co. Þrátt fyrir að nálega 20.000 Happy Farmer-traktorar væru framleiddir endaði samstarfið illa fyrir Glaðværa bóndann og skömmu fyrir 1920 yfirtók La Crosse Tractor Co. fyrirtækið. Á meðan framleiðsla gekk vel var talsverður fjöldi véla fluttur út til Suður-Ameríku, Frakklands og Bretlandseyja.

*Keck Gonnerman*

Þrátt fyrir að Keck Gonnerman eða KG, eins og fyrirtækið var yfirleitt kallað, hafi verið þekktast fyrir framleiðslu á vélum og vélahlutum framleiddi fyrirtækið á tímabili dráttarvélar. Bræðurnir John og Louis Keck og samstarfsmaður þeirra, Louis Gonnerman, sameinuðu krafta sína árið 1873 og hófu framleiðslu á gufuvélum, þreskimaskínum og sögunarmyllum. Árið 1917 hófu þeir svo framleiðslu á dráttarvélum.

Ólíkt flestum dráttarvélaframleiðendum á þeim tíma sem framleiddu stóra og þunga traktora einbeitti KG sér af minni, léttari og ódýrari, 15 til 30 hestafla tveggja strokka vélum.

Fyrstu traktorarnir sem Keck Gonnerman setti á markað þóttu gamaldags í útliti og í raun úreltir í hönnun. Árið 1928 setti fyrirtækið á markað endurhannaða dráttarvél með nýju útliti. Vélin var 18 til 35 hestöfl og fjögurra strokka. Meðal nýjunga í hönnun traktorsins var að það mátti fá hann með eða án akstursljósa og rafmagnsstartara. Gamla góða sveifin var þrátt fyrir það enn á sínum stað.

Minni útgáfan af nýju traktorunum, týpa 22/45, var fljótlega leyst af stærri vél, 25/50 sem þótti þyngri í stýri enda tvisvar sinnum þyngri í kílóum talið. Þegar hér var komið sögu voru starfsmenn fyrirtækisins orðnir ríflega tvöhundruð.

Keck Gonnerman hætti framleiðslu á dráttarvélum árið 1937 en framleiðsla þess á vélahlutum hélt áfram til 1953. Það var síðan yfirfektið af Harrison and Spencer í Kaliforníu.




*Gibson*

The Gibson Manufacturing Corporation í Longmont í Colorado, var stofnað árið 1946 af Wilbert Gibson. Faðir Wilbert framleiddi sportbíla áður en seinni heimsstyrjöldin skall á og hannaði traktora í frístundum. Sonurinn sá gróðatækifæri í því að framleiða traktora í kjölfar stríðsins enda eftirspurnin gríðarleg. Þrátt fyrir að líftími fyrirtækisins væri skammur framleiddi það margar gerðir dráttarvéla. Heildarfjöldinn er í kringum 50 þúsund og voru vélarnar fluttar út til 26 landa.

Fyrsti traktorinn sem Gibson sendi frá sér, Model A, var eins strokka, sex hestöfl, með loftkældri vél og þriggja gíra. Dráttarvél vó ekki nema 397 kíló og þótti henta vel fyrir minni garðyrkjustöðvar. 1948 setti fyrirtækið Super D2 dráttarvélina á markað sem var stærri útgáfa af Model A. Model D fylgdi fljótlega en sú týpa var fjögurra strokka og 25 hestöfl og síðan Model I sem var 40 hestöfl.

Gibson var yfirtekið af iðnframleiðandanum Helene Curtis árið 1952 og framleiðslu á dráttarvélunum hætt. /VH

Utan úr heimi



Kínverjar hafa mikinn áhuga á að nýta sér úrræði Íra við að nota útibeit og færanlegar utanhúss mjaltagryfjur við mjólkurframleiðsluna.

## Kínverskur háskóli, landbúnaðaryfirvöld á Írlandi og Alltech í samstarf:

# Kínverjar sækja reynslu og þekkingu í mjólkuriðnaði til Írlands

**Framámenn í kínverskum og írskum mjólkuriðnaði hittust á fundi á Írlandi 1. september í höfuðstöðvum iðnaðarrisans Alltech í Meathsýslu. Verkefni fundarins var að búa til ramma að auknu samstarfi Kína og Írlands í mjólkuriðnaði.**



Prófessor Maurice Boland frá Alltech, ræðir þróunian við Li Shengli prófessor við Landbúnaðarháskóla Kína og dr. Mark Lyons aðstoðarforstjóra Alltech. Myndir / Altech

Undirbúningurinn að þessu hefur staðið í nokkurn tíma. Einn liður í því var heimsókn nema frá Landbúnaðarháskóla Kína (China Agricultural University) nú í sumar. Voru þeir á Írlandi í nokkrar vikur við að kynna sér sérstöðu Íra við að nota útibeit og færanlegar utanhúss mjaltagryfjur við mjólkurframleiðsluna.

*Þörf á að auka landbúnaðarframleiðsluna um 70%*

Er sérstaklega horft til þess að talið er að íbúar jarðar muni verða orðnir 9 milljarðar um 2050. Því þurfi framleiðsla á landbúnaðarvörum að aukast um 70% fram að þeim tíma til að mæta aukinni eftirspurn á fæðu. Kevin Tuck, framkvæmdastjóri Alltech á Írlandi, telur að í þessu felist mikil tækifæri fyrir írskan mjólkuriðnað til að reyna fyrir sér í Kína.

„Þótt veldisvöxtur hafi verið í kínverskri mjólkurframleiðslu á undanförnum árum, þá nær hú aldrei þeirri stöðu að geta annað eftirspurn eftir mjólkurvörum í takt við fólksfjölgun. Þar er Írland í einstakri aðstöðu til að deila þekkingu úr sínum „ósanngjarna“ mjólkuriðnaði með Kínverjum. Þegar ég tala um ósanngjarna framleiðslu á ég við mikla framleiðni og hagnað og viðurkennda sjálfbærni í greininni undir áætlun sem kölluð er „Grænn uppruni (Origin Green)“.“




Nemendur frá Landbúnaðarháskólanum í Kína, fulltrúar Keypak Group, DongYing Austasia Modern Dairy Farm, Tianjin Jia Made Livestock ásamt starfsmönnum Alltech.

*Undrandi á metnaði Íra*

Professor Li Shengli, hjá Landbúnaðarháskóla Kína, segir að hann hafi orðið undrandi í heimsókn sinni til Írlands. Með því að sjá þetta með eigin augum tryði hann því loks sem honum hafi verið sagt.

„Ég er mjög hrifinn af þeim metnaði sem Írar sýna í sínum landbúnaði.“ Sagði hann að sitt markmið væri að koma á tæknilegri samvinnu á milli kínverskra framleiðenda og framleiðenda á kjöti og mjólkuriðnaðarins á Írlandi.“

Mjólkurhneykslið í Kína 2008 þar sem óprúttnir framleiðendur blönduðu melamini í mjólkina til að auka hagnað sinn, olli straumhvörfum í þarlendri mjólkurframleiðslu. Þrátt fyrir öra þróun og aukna mjólkurframleiðslu í landinu eru kínverskir bændur miklir eftirbátar bænda í Evrópu hvað mjólkurframleiðni varðar. Þá er um 90% af mjólkinni í dag framleidd á stórum mjólkurbúum með yfir 100 kúm og er þar gjarnan beitt sjálfvirkum mjaltaþjónum eða mjaltagryfjum.



Færanleg mjaltagryfja á dráttarvagni.

Brendan Gleeson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra Írlands, sagði á fundinum með Kínverjunum, að meira hafi verið flutt út af írskum mjólkurvörum til Kína á fyrstu sex mánuðum þessa árs en allt árið 2014. Þá sagði hann að þrír af stærstu framleiðendum heims á mjólkurvörum fyrir ungbörn væru staðsettir á Írlandi. Sagði hann jafnframt að Írar myndu halda áfram að bæta aðgengið að kínverskum markaði. Slíkt muni auka möguleika til rannsókna og frekari þróunar sem leiði síðan til aukinnar samkeppnishæfni mjólkuriðnaðarins.

Þar kemur Alltech inn í spilið. Fram kom á fundinum að fyrirtækið hafi komið á fót 23 rannsóknarstöðvum hjá leiðandi háskólum í Kína. Þá starfi á þeirra vegum 90 vísindamenn í þremur líftækniverum á mismunandi stöðum í heiminum. Ein þeirra, Bioscience Centre, sé staðsett í Dunboyne í Meath-sýslu á Írlandi.

Alltech var stofnað af írskum frumkvöðlum og vísindamanninum dr. Pearse Lyons árið 1980. Alltech hefur m.a. unnið að plönturannsóknum og framleiðslu efna sem bæta eiga heilsu hjá mönnum og dýrum. Nú starfa um 4.200 manns hjá fyrirtækinu. Höfuðstöðvarnar eru rétt utan við Lexinton í Kentucky í Bandaríkjunum. /HKr.

CE

# Sveppasýkingar
- í húðfellingum -

## Einföld og áhrifarík, húðvæn meðferð

**Þægilegur grisjuborði, passar í nára, undir brjóst og magafellingar. Engin krem eða duft.**

Klínískar rannsóknir sýna bata á sveppasýkingu* hjá yfir 85% þátttakenda
*candida albicans





### Sorbact - Græn sáralækning

Fyrir tilstilli vatnsfælni bindast allir helstu sárasýklar og sveppir við umbúðirnar. Sýklarnir verða óvirkir og hætta að fjölga sér, án sýkla- eða sveppadrepandi efna. Virkar á VRE og MOSA sárasýkla. Skaðar ekki nýjar frumur. Ótakmörkuð notkun. Engar aukaverkanir. Ekkert ofnæmi.

Fæst í apótekum | Celsus ehf. | www.celsus.is

sorbact®
green wound healing

STRÚKTÚR

Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni

Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré



WWW.STRUKTUR.is

Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |

# JEPPADEKK



DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW

## MICKEY THOMPSON
**jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi**

**M/T** merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.
**Stærðir 32" - 54"**

Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

# *Bændablaðið*
## *Smáauglýsingar 56-30-300*
### *Næsta blað kemur út 24. september*

# NAUTSTERKUR SMÁRISI

**GIANT liðléttingar**
Nautsterkir, áreiðanlegir og endingargóðir með mikinn akstursrhraða.

**GIANT liðléttingar** eru knúnir öflugum Kubota dísilvélum með allt að 2.200 kg lyftigetu. Búnir sjálfvirkum Bosch Rexroth vökvadælum og tveggja drifa 4x4 með sjálfvirkri mismunadrifslæsingu á báðum öxlum sem veitir mjúka aksturseiginleika og hámarks afkastagetu.




GIANT

**Hafðu samband í síma 480 5600 eða á landstolpi@landstolpi.is og fáðu nánari upplýsingar**

Landstólpi er vaxandi fyrirtæki með kjarnastarfsemi í heildsölu og smásölu landbúnaðarvara og byggingu stálgrindarhúsa.

Landstólpi Gunnbjarnarholti 801 Selfoss s. 480 5600 landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is

LANDSTÓLPI





Úr fræinu er unnin olía sem er notuð í lækningaskyni og sem fæðubótarefni í matvæli. Úr trefjum hamps er búinn til pappír og vefnaðarvara.



Hugmyndir um neyslu á kannabis skiptast í svart og hvítt. Annar hópurinn telur neysluna skaðlausa og jafnvel mannbætandi. Hinn hópurinn segir neysluna stórhættulega og geta valdið alvarlegum sjúkdómum eins og þunglyndi og geðklofa.

# Cannabis sp. – misskilin nytjaplanta

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Af öllum þeim um það bil 400 þúsund plöntum sem greindar hafa verið í heiminum er engin jafn umdeild og á sama tíma jafn nytsamleg og *Cannabis sativa*.**

Plantan telst til tveggja heima. Nytjaplanta með marga möguleika til lækninga og iðnaðar og planta sem getur leyst úr læðingi hlátur og hughrif, vanlíðan og þunglyndi.

Samkvæmt flokkun grasafræðinnar er *Cannabis sativa* ein tegund sem skiptist í tvær undirtegundir, *C. sativa* og *C. indica*, eftir að plantan þróaðist við ræktun í mismunandi áttir frá upprunalegum heimkynnum sínum í Mið-Asíu og við Himalayafjöll. Undirtegundin *C. sativa* þróaðist í norður frá fjöllunum til textílgerðar en *C. indica* í suður sem vímugjafi. Um tíma var einnig talað um þriðju undirtegundina sem nefndist *C. ruderalis* en því er nú hætt.

### *Til aðgreiningar eru plönturnar kallaðar hampur og kannabis*

Undirtegundin *C. sativa*, hampur, hefur um aldaraðir gegnt veigamiklu hlutverki vegna þess hversu trefjaríkir stofnar plöntunnar eru. Trefjarnar hafa í aldaraðir verið nýttar til að spinna klæði og þær voru notaðar til að búa til segl og kaðla sem voru undirstaða landafundanna miklu. Í seinni tíð hafa yrki af *C. sativa* verið kynbætt þannig að þau veiti vímu.



Ræktun á iðnaðarhampi er leyfð í um 30 löndum og hefur samanlögð framleiðsla þeirra verið í kringum 175 milljón tonn á ári.

Kannabis er unnið úr þurrkuðum laufum, blómum og fræjum *C. indica*. Talið er að hermenn Napóleons hafi flutt þann sið að reykja plöntuna með sér til Evrópu eftir stríð þeirra í Egyptalandi þar sem slíkar reykingar voru vel þekktar. Efnið sem veldur áhrifunum sem sóst er eftir við neyslu heitir delta-9-tetrahydrocannabinol, skammstafað THC, og var fyrst einangrað árið 1964.

Ræktunarafbrigði, yrki og staðbrigði af báðum undirtegundum skipta hundruðum ef ekki þúsundum og því hugsanlega kominn tími til að greina þriðju undirtegundina sem mætti kalla *C. cultura*. Sem dæmi um heiti á yrkju má nefna BC Bud, G-13, Northern Lights, Purple Kush, Haze, Acapulco Gold og skúnkur.

### *200 milljónir neytenda*

Fyrir skömmu var sagt frá því í fjölmiðlum að Íslendingar neyttu þjóða mest af kannabis miðað við höfðatölu. Samkvæmt tölum fíkniefna- og afbrotamálaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (UNODC) eiga 18,3% Íslendinga á aldrinum 18 til 68 ára að hafa neytt kannabis árið 2012 sem er vel meira en gert er á Jamaíka. Eitthvað munu starfsmenn UNODC þó hafa reiknað skakkt og féll landið niður um 29 sæti þegar tölurnar voru endurskoðaðar.

Talið er að rúmlega 200 milljón manns á jörðinni neyti kannabis ólöglega, í afþreyingar- eða lækningaskyni, á hverjum degi. Áætluð ólögleg heimsvelta með kannabis er um 142 milljarðar bandaríkjadala á ári sem jafngildir rúmum 18.000 milljörðum í íslenskum krónum. Til samanburðar var verg landsframleiðsla Íslands árið 2014 rétt undir 2000 milljörðum króna.

Engar tölur eru til um heildarframleiðslu á kannabis í heiminum en í skýrslu Sameinuðu þjóðanna 2010, *World Drug Report*, er hún áætluð frá 13.300 til 66.100 milljón tonn og að land undir ræktun plöntunnar sé á bilinu 200 til 642 þúsund hektarar. Breiddin í tölunum sýnir hversu lítið er vitað um framleiðslu kannabis í heiminum.

Ræktun á iðnaðarhampi er leyfð í um 30 löndum og hefur samanlögð framleiðsla þeirra á honum legið í kringum 175 milljón tonn á ári. Árið 2010 framleiddu Kínverjar mest og Suður-Kórea næstmest. Í kjölfarið komu svo Holland, Síle og Austurríki.

Árið 2012 var mest ræktað af kannabis í Afganistan og nam ársframleiðslan um 3.000 tonnum á ári. Næst á eftir koma Mexíkó, Paragvæ og Bandaríkin en nánast ómögulegt er að segja til um hversu mikið er ræktað í hverju landi fyrir sig.

### *Kannabis gefur mest*

Séu bornar saman tölur um ræktun og hagnað af plöntuafurðum kemur í ljós að langmest er ræktað af hveiti, maís, hrísgrjónum og

sojabaunum í heiminum. Plantan sem aftur á móti gefur mest af sér í krónum og aurum er kannabis.

Reyndar er það svo að ef bornar eru saman tölur um verðmæti nokkurra plöntuafurða á ferkílómetra eru þrjá plöntur sem bera af og allar eru þær ólöglegar. Þetta eru kannabis, kókaín og ópíum, fjórða verðmesta plöntuafurðin eru tómatar. Árlegur afrakstur af ræktun kannabis á ferkílómetra er talinn vera um 47,6 milljónir bandaríkjadala.

### *Fyrst bannað í Bretlandi*

Reglur til að takmarka neyslu á kannabis voru fyrst settar í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1829 en kannabis var bannað í Bretlandi 1928 og árið 1937 í Bandaríkjunum. Lögin í Bandaríkjunum gerðu ráð fyrir að sérstakt leyfi þyrfti til að rækta og nota kannabis og hamp en þar sem leyfið var aldrei veitt var í raun um bann að ræða.

Viðhorf stjórnvalda í Bandaríkjunum breyttust í seinni heimsstyrjöldinni og var almenningur þá hvattur til að rækta iðnaðarhamp undir slagorðinu „*Hemp For Victory*“. Fatnaður bandarískra hermanna í því stríði var að mestu ofinn úr hampi. Ræktunin var stöðvuð aftur árið 1957.

Neysla á kannabis í afþreyingarskyni hefur um árabil verið leyfð í Hollandi og Úrúgvæ og í dag er ræktun og neysla á kannabis leyfð í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna.

Árið 1974 var á Alþingi ákveðið að taka upp hér á landi sömu lög um vímuefni og giltu í nágrannalöndunum á þeim tíma. Samkvæmt 3. grein laga númer 65/1974 um kannabisefni telst það ávana- eða fíkniefni sem ólöglegt er að stunda inn- og útflutning á, sölu, kaup, skipti, afhendingu, móttöku, framleiðslu, tilbúning og vörslu. Neysla er þar með ólögleg. Öll brot á þessum lögum geta leitt til handtöku, hárra sekta og fangelsisvistar.

### *Grasafræði, ræktun og útbreiðsla*

Einær, einkynja planta með öflugri trefjarót og stinnum og trefjaríkum stöngli sem getur náð sex metra hæð. Blöðin stakstæð, handskipt og grófsagtennt. Fjöldi smálaufa á hverju blaði eykst eftir því sem plantan eldist, eitt í fyrstu en geta orðið þrettán, sjö til níu blöð algengust. Smáblöðum á laufum fækkar að jafnaði í eitt næst blómunum. Blómin lítil, grænleit og mörg saman í hnapp á toppi plöntunnar eða blaðöxlum. Einstaka planta ber bæði karl- og kvenblóm. Vindfrjóvgandi í náttúrunni. Fræin olíurík, þrír til fjórir millimetrar að lengd eða svipuð að stærð og brennisteinn á eldspýtu.

Plantan er hraðvaxa og kýs sandblandaðan, næringarríkan og hæfilega rakan jarðveg. Kjörsýrustig er pH 6,5 til 7. Fræin geta spírað við 3° á Celsíus og eftir að plantan er komin á legg þolir hún allt að fimm gráðu frost. Yfirleitt er plantan ræktuð af fræi en auðvelt er að fjölga henni með græðlingum.

Í dag vex *Cannabis sp.* nánast á hvaða byggða bóli annaðhvort sem nýbúi í náttúrunni eða undir umsjón áhugasamra ræktenda. Best líður plöntunni í hlýju og röku loftslagi en hún þrífst einnig ágætlega á stöðum þar sem aldrei sér til sólar – undir raflýsingu.

### *Saga hampræktunar*

Samkvæmt kínverskri goðsögn færðu guðirnir mannkyninu eina plöntu að gjöf sem átti að uppfylla alla þarfir þess. Plantan er formóðir allra kannabis- og hampplantna í heiminum.

Fornminjar benda til að nytjar á *Cannabis sp.* nái að minnsta kosti tólf þúsund ár aftur í tímann og að fræ plöntunnar hafi verið nýtt til



Til aðgreiningar eru undirtegundir plöntunnar kallaðar hampur og kannabis.



Uppruni plöntunnar er í Mið-Asíu við Himalayafjöllin. Undirtegundin *C. sativa* þróaðist í norður frá fjöllunum til textílgerðar en *C. indica* í suður sem vímugjafi.

matar. Seinni tíma minjar benda til að fræin hafi verið notuð og við trúarlegar athafnir.

Talið er að Kínverjar hafi manna fyrstir ofið léreft úr hampi fyrir um 4.500 árum og um síðustu aldamót voru þeir stærstu framleiðendur á hampþræði í heiminum. Í kjölfar þeirra komu svo lönd eins og Úkraína, Rúmenía, Ungverjaland, Spánn, Síle og Frakkland.

Kannabis er fyrst getið í Vedabókum hindúa frá því um 2000 fyrir Krist þar sem plantan er kölluð fæða guðanna.

Elsta skráða vestræna heimild um notkun á kannabis er að finna í riti gríska sagnfræðingsins Heródotusar. Þar segir hann frá sið Skythia, þjóð sem bjó í Mið-Asíu, sem fólst í því að hafa með sér fræ kannabisplöntunnar í gufubað og kasta þeim á glóandi steina. Því næst önduðu þeir að sér reyknum og öskruðu af hlátri og gleði.

Á 17. og 18. öld réðu Rússar stórum hluta verslunar með hamp í heiminum og framleiddu þjóða mest af seglum og köðlum. Kaðlar úr hampi voru algengir í hengingarsnúrur við aftökur og eru það líklega enn í dag.

Spánverjar fluttu hampfræ með sér vestur yfir haf og hófu ræktun á honum í Síle 1545 en fyrsta hampinum var sáð í Norður-Ameríku 1607. Nánar tiltekið í Virginíu þar sem höfuðborg ríkisins Richmond byggðist upp í kringum þá ræktun.

Í frelsisstríði Bandaríkjanna undan Bretum bönnuðu hinir síðarnefndu innflutning á hampi til nýlendunnar og var hampræktun í Bandaríkjunum því mikil allt frá stofnun þeirra. Bæði George Washington og Thomas Jefferson, fyrsti og þriðji forseti Bandaríkjanna, ræktuðu hamp til iðnaðar. Því hefur verið haldið fram að sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna sé skrifuð á pappír sem unninn er úr hampi. Það mun aðeins vera að hluta til rétt því pappírinn er gerður úr blöndu að þráðum úr líni, hampi og bómull.

Hampur var lengi nothæfur sem gjaldmiðill í Bandaríkjunum og á tíma hægt að borga skatta með honum. Árið 1916 voru bændur í Bandaríkjunum skyldaðir til að rækta ákveðið magn af hampi árlega.

### *Nytjar*

Maríjúana eða kannabis er unnið úr laufblöðum plöntunnar, aðalleg *C.*


Kaðlar úr hampi voru algengir í hengingarsnúrur við aftökur og eru það líklega enn í dag.



Í seinni heimsstyrjöldinni var almenningur í Bandaríkjunum hvattur til að rækta iðnaðarhamp undir slagorðinu „*Hemp For Victory*“.

*indica*, en hass og hassolía úr blómunum. Plantan hefur lengi verið álitin lækningajurt og efni úr henni notuð til að lina þjáningar við langvarandi veikindi.

Deilur um hvort leyfa eigi notkun plöntunnar í lækningaskyni hafa staðið lengi. Í seinni tíð hafa stór lyfja- og líftæknifyrirtæki lýst áhuga á að rannsaka plöntuna enn frekar en þegar hefur verið gert og kanna betur möguleika hennar til lækninga.

Hugmyndir um neyslu á kannabis skiptast nánast í svart og hvítt þar sem annar hópurinn telur neysluna skaðlausa og jafnvel mannbæt-



Afrakstur ræktunar nokkurra nytjaplantna í bandaríkjadölum á hektara.

andi. Hinn hópurinn segir neysluna stórhættulega og getað valdið alvarlegum sjúkdómum eins og þunglyndi og geðklofa.

Neysla á kannabis er trúarlegs eðlis hjá rastaförum sem rekja uppruna sinn til Eþíópíu en búddistar líta almennt svo á að víman sem fylgir neyslu kannabis hafi slæm áhrif á hugleiðslu og tefji fyrir hreinsun hugans.

Nytjar á hampi, *C. sativa*, eru ótrúlega margar og ólíkar og hátt í 25 þúsund mismunandi vöruflokkar framleiddir úr honum. Úr trefjum hamps er búinn til pappír og vefnaðarvara. Fyrstu Levi‘s gallabuxurnar voru saumaðar úr striga sem var ofinn úr hampi og markaðssettar fyrir gullgrafara vegna þess hversu endingargóðar þær voru. Í dag er fatnaður sem í er hampþráður yfirleitt blanda af hampi, bómull eða silki til að mýkja áferðina. Hampþræðir eru notaðir sem íblöndunarefni við trefjaplast og að finna í gólfteppum, áklæði húsgagna og sem byggingarefni og einangrun í húsum, hjólhýsum og bifreiðum.

Bílaframleiðendur eins og Audi, BMW, Ford, GM, Chrysler, Honda, Iveco, Lotus, Mercedes, Mitsubishi, Porsche, Volkswagen og Volvo eru í síauknum mæli farnir að nota hamp við framleiðslu á innra og ytra borði bifreiða.

Plöntuhlutar hamps eru einnig notaðir sem dýrafóður og sem þekja til að halda niðri illgresi í gróðurhúsum. Tilraunir með að framleiða lífdísil úr hampi lofa góðu.

### *Fræolían til margra hluta nytsamleg*

Úr fræinu er unnin olía sem er notuð í lækningaskyni og sem íblöndunarefni í málningu, snyrtivörur og í iðnaði. Olían er notuð til matargerðar, sem íblandað fæðubótarefni í matvælum og í hampmjólk. Þurrkuð og mulin fræ þykja ágæt til baksturs. Auk þess sem fræin eru gefin sem dýra- og fuglafóður.

### *Hampur á Íslandi*

Fyrstu skráðu heimildir um ræktun á hampi á Íslandi er að finna í bréfi sem Vísi Gísli sendi syni sínum árið 1670 þar sem hann segir frá tilraunum sínum með að rækta innfluttar plöntur. Á listanum er meðal annars að finna bygg, kúmen, spínat og hamp.

Hampur er nefndur sem hugsanleg ræktunarplanta í Íslenskri urtagarðsbók sem Ólafur Olavius þýddi úr dönsku og gaf út árið 1770.

Í Garðagróðri eftir Ingólf Davíðsson og Ingimar Óskarsson, sem kom fyrst út árið 1950, segir meðal annars um hamp: „Úr stöngultrefjunum er unninn hampur, sem er hafður í kaðla, snæri, striga o.s.frv. Jurtin er ræktuð til skrauts, vegna þess hve blaðfalleg hún er. Þarf skjól. Gott er að binda hana við prik til stuðnings. Þrífst vel. Fjölgað með sáningu.“

Elsta örugga heimild sem greinarhöfundur hefur aflað sér um að kannabisafurð hafi verið flutt til landsins til skemmtibrúks er frá 1956. Það ár kom til lands djasspíanisti, ættaður frá Ghana, með alla vasa fulla af hassi. Hann reyndi að kynna efnið fyrir íslenskum djassistum, en þeim fannst það líkjast þurrum skít og kusu að halda sig við búsið.

Neysla á kannabis hófst fyrir alvöru á Norðurlöndunum á miðjum sjötta áratug síðustu aldar og hefur siðurinn að öllum líkindum borist hingað til lands frá Danmörku á þeim tíma.

Fyrir tæpum áratug var gerð tilraun með ræktun á iðnaðarhampi í Eyjafirði og gekk ræktunin vel en áform um áframhaldandi ræktun gengu ekki eftir.

Erfitt er að gera sér grein fyrir því magni af kannabis sem ræktað er á Íslandi. Í skýrslu Ríkislögreglustjóra um þróun afbrota árið 2010 kemur fram að lagt hafi verið hald á 100 til 200 kannabisplöntur á viku árið 2009 en 900 plöntur allt árið 2008. Ein skýringin á þessari aukningu kann að vera að ræktun innanlands hafi aukist vegna gjaldeyrishafta í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Hver svo sem ástæðan er þá er eftirspurnin greinilega mikil enda hagnaðarvonin mikil.

Sé miðað við að rækta megi tvær kannabisplöntur á fermetra undir lýsingu og hvor planta gefi af sér 200 grömm af þurrefni á fjögurra mánaða fresti, sem er varlega áætlað, eða 400 grömm samanlagt, má fá um 1.200 grömm af þurrefni á ári. Sé áætlað söluverð á hverju grammi 3.500 krónur og það margfaldað með 1.200 er afraksturinn af hverjum fermetra 4,2 milljónir króna á ári fyrir utan kostnað.

### *Vandræði með skiptimynt*

Að sögn þeirra sem til þekkja hafa komið upp nokkur vandræði og skiptimynt iðulega vandamál við verslun á kannabisvarningi eftir að hraðbankarnir drógu úr afgreiðslu á 500 króna seðlum og verðið á gramminu hækkaði úr 3.000 í 3.500 krónur.

Úttekt Landssambands kúabænda á afkomu kúabúa 2014:

# Tekjur af mjólkursölu jukust en samdráttur í tekjum af nautakjötsframleiðslu

**Í einni af ályktunum aðalfundar Landssambands kúabænda 2015, var stjórn samtakanna falið að leita samstarfs við bókhaldsskrifstofur búnaðarsambandanna og RML um gerð samantektar á afkomu kúabænda.**

Niðurstöður voru birtar þann 25. ágúst í samantekt Baldurs Helga Benjamínssonar, framkvæmdastjóra LK. Þar kemur fram að alls fengust 39 búreikningar af Suður-, Vestur- og Norðurlandi, með niðurstöðum fyrir árin 2013 og 2014. Reikningum frá einu búi var sleppt í uppgjörinu, þar voru á ferðinni óútkljáð lánamál sem höfðu óeðlilega mikil áhrif á heildarniðurstöðu fjármagnsliða. Alls eru því 38 bú með í uppgjörinu, sömu búin bæði árin.

Árið 2014 lögðu þau inn að jafnaði 277.000 lítra, sem var aukning um 22.500 lítra frá árinu áður; minnsta búið framleiddi rétt ríflega 100.000 lítra 2014 en það stærsta rúmlega 700.000 lítra það ár.

*Tekjuaukning í mjólkurframleiðslu*

Tekjur af mjólkursölu jukust um tæplega 2,8 milljónir kr, en tekjur af nautakjötsframleiðslu drógust saman um tæp 170.000 kr. Er það í ágætu samræmi við hreyfingar á markaði fyrir nautgripaafurðir á liðnu ári; mjólkurframleiðsla jókst en nautgripakjötsframleiðsla dróst saman. Talsverður samdráttur verður í liðnum ýmsar tekjur árið 2014, það kann að hluta að eiga sér skýringar í að t.a.m. bætur vegna kaltjóna voru miklar árið 2013 en óverulegar í fyrra. Nánari niðurstöður einstakra tekjuliða má sjá í töflunni hér til hliðar. Upphæðir eru í krónum.

*Aukinn fóðurkostnaður*

Kostnaður vegna fóðurkaupa hækkaði talsvert milli ára, eða um ríflega 900 þús. kr., eða um 16%, þar sem fóðurverð lækkaði milli ára, má ætla að notkunin hafi aukist um nærri 20%.

| Rekstrartekjur | 2013 | 2014 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| **Innlögð mjólk, ltr.** | **254.563** | **277.068** | **22.505** |
| Mjólk | 32.231.605 | 35.005.042 | 2.773.437 |
| Nautakjöt | 3.817.695 | 3.651.795 | -165.900 |
| Sauðfé | 534.622 | 600.703 | 66.081 |
| Aðrar búgreinatekjur | 7.076 | 862 | -6.214 |
| Aðrar tekjur | 408.642 | 661.889 | 253.247 |
| Ýmsar tekjur | 3.014.060 | 2.135.911 | -878.148 |
| **Rekstrartekjur alls** | **40.013.700** | **42.056.203** | **2.042.503** |

| Breytilegur kostnaður | 2013 | 2014 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Fóður | 5.547.927 | 6.453.969 | 906.042 |
| Áburður og sáðvörur | 3.843.721 | 3.201.046 | -642.675 |
| Búvélar | 2.605.569 | 2.604.548 | -1.021 |
| Rekstrarvörur | 1.690.289 | 1.748.240 | 57.951 |
| Þjónusta | 3.613.671 | 4.212.481 | 598.810 |
| **Breytil. kostn. alls** | **17.301.177** | **18.220.285** | **919.108** |

| Hálffastur kostnaður og launakostnaður | 2013 | 2014 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Hálffastur kostnaður | 4.674.584 | 5.024.040 | 349.456 |
| Laun og launatengd gjöld | 6.076.458 | 6.993.931 | 917.472 |
| Fyrningar | 4.786.932 | 5.401.669 | 614.737 |
| **Alls** | **15.537.974** | **17.419.640** | **1.881.665** |
| Rekstrargjöld alls | *32.839.152* | *35.639.925* | *2.800.773* |
| Hagnaður fyrir fjármagnsliði | 7.174.549 | 6.416.278 | -758.271 |
| **EBIDTA framlegð** | ***11.961.481*** | ***11.817.947*** | ***-143.534*** |

| Fjármagnsliðir | 2013 | 2014 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðb. | 198.747 | 247.213 | 48.466 |
| Endurreikningur lána | *3.240.733* | 0 | -3.240.733 |
| Vaxtagjöld | -2.389.521 | -2.724.782 | 335.261 |
| **Alls** | **1.049.959** | **-2.477.569** | **3.527.528** |
| Hagn. af. reglul. starfs. | *8.224.508* | *3.938.709* | *-4.285.799* |
| Fjárfesting | 7.474.583 | 6.963.653 | -510.930 |

*Minni áburðarkostnaður*

Áburðarkostnaður lækkaði hins vegar talsvert, eða um rúm 600 þús. kr. Áburður lækkaði nokkuð í verði milli áranna 2013 og 2014. Rekstur búvéla var óbreyttur milli ára, sem og liðurinn rekstrarvörur. Aðkeypt þjónusta jókst um tæp 600 þús. Í heild hækkaði breytilegur kostnaður um rúmlega 900 þús. krónur milli ára. Nánar má sjá sundurliðun á breytilegum kostnaði í töflunni sem hér fylgir.

*Kostnaðarhækkanir m.a. vegna launa*

Hálffastur kostnaður hækkaði um tæp 350 þús. milli ára, laun og launatengd gjöld hækkuðu um rúmlega 900 þús. kr. og fyrningar hækkuðu um rúm 600 þús. kr. enda fjárfestingar farnar að taka við sér að nýju eftir mikla lægð í kjölfar þess að viðskiptabankarnir fóru afvelta 2008. Sundurliðun á þessum gjaldaliðum er í töflunni hér fyrir neðan.

*Svipuð framlegð milli ára*

EBIDTA framlegð (búgreinatekjur að frádregnum breytilegum kostnaði, hálfföstum kostnaði og launum) er svipuð milli ára, tæpar 12 milljónir kr. 2013 og rúmar 11,8 milljónir kr. 2014. Fjármagnsliðir markast af leiðréttingu lána sem talsvert var um á árinu 2013, þannig að taka ber þann fyrirvara þegar hagnaður af reglulegri starfsemi þessi tvö ár er borinn saman. Einnig er leiðréttingin misjafnlega færð; stundum er hún færð á móti vaxtagjöldum. Í öðrum tilfellum er hún tilgreind sérstaklega og verður það að teljast æskilegasta formið.

Nánar má sjá fjármagnsliðina í töflunni hér til hliðar, sem og samanburð á fjárfestingum þessara búa árin 2013 og 2014, en hún var tæpar 7,5 milljónir árið 2013 og tæpar 7 milljónir árið 2014. Mikilvægt er að sjá að fjárfestingar búanna eru talsvert meiri en afskriftir þeirra.

Fram kom í umfjöllun Baldurs Helga að LK er nú komið með í hendur þokkalegt gagnasafn, sem hann telur að áhugavert væri að skoða nánar; breytileika einstakra kostnaðarþátta, þróun fastafjármuna og skuldastöðu. Stefnt er að greiningu á þessum þáttum fyrir haustfundi samtakanna í október n.k.



Helga Hallgrímsdóttir í Hvammi í Eyjafirði við mjaltir. Mynd / HKr.





Mylla IS2008258306 frá Hólum

Kynbótadómur 2015:
Sköpulag: 8,29 Hæfileikar: 8,42
Aðaleinkunn: 8,37
Kynbótamat: 124

Óskað er eftir skriflegum tilboðum sem berist skólanum í síðasta lagi 18. september og merkt með eftirfarandi hætti: **Háskólinn á Hólum, bt. Guðmundur B. Eyþórsson, fjármálstjóri.** Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

*Nánari upplýsingar veitir Víkingur Gunnarsson, vikingur@holar.is.*



# Evrópuverðið er ekki til

## – hvað skýrir breytilegt matvöruverð milli landa?

**Útgjöld til kaupa á matvörum vega um það bil 13,3% í útgjöldum íslenskra heimila samkvæmt vísitölu neysluverðs. Til samanburðar vega útgjöld til húsnæðis, þ.m.t. hiti og rafmagn, 28,3% og ferðir og flutningar 15,7%. Þetta eru líklega þeir útgjaldaliðir sem hljóta hvað mesta umfjöllun í fjölmiðlum en þó er tæplega á neinn hallað þó því sé hér haldið fram að sá fyrsti sé þar plássfrekastur.**













Fjölmargir sjá hag sinn í að benda á innlendan landbúnað og landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem megin ástæðu þess að matvælaverð sé hærra hér á landi en að meðaltali í löndum ESB.

En matvælaverð er mismunandi milli landa, munurinn er jafnvel gríðarlegur innan ESB sem þó hefur sameiginlega stefnu í landbúnaðarmálum, sameiginlega ytri tolla og löndin hafa mörg hver sameiginleg landamæri. Því er augljóst að matvælaverð ræðst af mun fleiri þáttum en landbúnaðarstefnu einni saman. Verða hér nefnd til nokkur atriði:

Opinberar kröfur til framleiðsluhátta eru að einhverju leyti mismunandi milli landa. Þannig eru gerðar meiri kröfur í umhverfismálum til danskra bænda en margra kollega þeirra innan ESB. Hér á landi má nefna strangar heilbrigðiskröfur í alifuglaeldi sem auka kostnað framleiðenda langt umfram það sem gerist hjá kollegum í nágrannalöndunum.

Skattar og gjöld á matvörur er augljós annar þáttur sem er mismunandi milli landa. Virðisaukaskattur á mat er t.d. frá 0% í Bretlandi upp í 25% í Danmörku og allt þar á milli innan ESB.

### *Ávöxtunarkrafa á fjármagn skiptir miklu máli*

En aðrir þættir ráða líka miklu um verð til neytenda sem einatt fá þó minni umfjöllun. Ávöxtunarkrafa á fjármagn er ein þeirra. Hér á landi eru vextir með því hæsta sem þekkist í Evrópu. Lögbundin lágmarksávöxtun lífeyrissjóða upp á 3,5% umfram verðbólgu hlýtur t.d. að halda uppi kröfu um arðsemi fasteignafélaga sem eiga m.a. verslunarhúsnæði.

Eftir því sem samkeppni á markaði, bæði í vinnslu, dreifingu og smásölu, er meiri því lægra verð má búast við til neytenda. Í skýrslu um finnskan landbúnað fyrir árið 2015 er því t.d. lýst að þýski matvörumarkaðurinn sé sá samkeppnishæfasti í Evrópu. Það byggi á gríðarlegri verðsamkeppni og því að hámarka tekjur með því að selja mikið magn á lágu verði. Framlegð í matvöruverslun er þar sú lægsta sem þekkist í Evrópu og þau fyrirtæki sem halda velli hafa náð mestum árangri í að lágmarka kostnað og geta því keppt við verð hvar sem er í Evrópu.



Erna Bjarnadóttir.

Stærð þýska matvörumarkaðarins leiðir af sér að meðalstór fyrirtæki eru á stærð við markaðsráðandi fyrirtæki í minni löndum. Vegna samruna fyrirtækja á undanförnum árum hefur hagkvæmni útflutnings aukist og Þýskaland er nú orðið stór útflytjandi á ódýrum matvælum í Evrópu. Þá eru stóru þýsku verslanakeðjurnar Aldi og Lidl komnar út um alla Evrópu og hafa komið sér upp öflugu dreifingarkerfi. Með því hefur markaður fyrir þýskar matvörur stækkað enn frekar.

Á sama tíma eru skýr merki um fákeppni á matvörumarkaði hér á landi. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá því í vetur kemur fram að arðsemi í dagvöruverslun erlendis mæld sem arðsemi eigin fjár sé 11–13% samanborið við 35%–40% hér á landi.

Enn eitt sem nefna má í samhengi við verðlag eru laun í viðkomandi landi. Laun allra sem starfa í virðiskeðjunni verða hluti af verði útseldrar vöru. Því hærri sem laun eru því hærra verður verðið. Það er því engin leið að ætla að bera saman verðlag í Búlgaríu og Íslandi eða Svíþjóð og Slóvakíu af þessum ástæðum einum. Þannig er fróðlegt að skoða samhengi þátta eins og launa og þjóðartekna við verðlag.

### *Samband launa og verðlags*

Myndin um verðlag sýnir samband launa sem árslauna í evrum árið 2010 samkvæmt Hagstofu Íslands og verðlags samkvæmt Hagstofu ESB, Eurostat. Myndin breytist lítið þótt aðeins sé horft á matvælaverð.

Það er hins vegar áhugavert að sjá hvernig myndin gerbreytist þegar skoðuð er tenging launa og verðs á raftækjum. Rétt er að benda á að landið sem sker sig algerlega úr með háu raftækjaverði þrátt fyrir að vera rétt um miðju hvað laun varðar árið 2010, er Ísland.

Annað atriði sem hlýtur að skipta neytendur máli er hve háu hlutfalli útgjalda sinna þeir verja til kaupa á brýnustu nauðsynjum eins og mat. Samkvæmt Eurostat verja rúmenskir neytendur tæplega 30% útgjalda sinna til kaupa á mat. Verðlag þar er hins vegar með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Skýr fylgni er þannig á milli verðlags á mat og þess hve háu hlutfalli útgjalda neytendur verja til kaupa á matvörum. Verðlag á matvörum er hvað hæst í Noregi, Sviss og Danmörku. Hlutfall útgjalda til neytenda til matvörukaupa í þessum löndum en hins vegar mun lægra en í þeim löndum þar sem verðlag er undir meðaltali ESB. Neytendur á Bretlandseyjum, Lúxemborg, Austurríki og Þýskalandi verja einna lægstu hlutfalli útgjalda sinna til matvörukaupa. Eins og áður segir er gríðarleg samkeppni á matvörumarkaði í Þýskalandi. Austurríki og Lúxemborg liggja að því og líklegt að áhrifa stóru þýsku verslanakeðjanna gæti þar auk þess sem meðaltekjur eru með því hæsta sem gerist í Lúxemborg. Í Bretlandi er enginn virðisaukaskattur á mat, markaðurinn gríðarstór og samkeppni mikil.

### *Lokaorð*

Framangreind umfjöllun leiðir í ljós að skýr tengsl eru á milli almenns verðlags og launa annars vegar og matvælaverðs hins vegar. Innan ESB er verðlag á matvörum nú um stundir hæst í Danmörku. Enginn mun hins vegar halda því fram að innan ramma danskrar löggjafar og á dönskum launum sé hægt að bjóða upp á pólskt matvælaverð.

Á sama hátt er erfitt að sjá hvernig gera má kröfu um að matvælaverð á Íslandi yrði svipað og í Þýskalandi eða Slóveníu. Markaðurinn er lítill hér á landi, margoft hefur verið sýnt fram á að innfluttar matvörur án tolla eru dýrari hér á landi en í ESB, vextir eru háir og samkeppni greinilega minni en í stórum löndum á meginlandi Evrópu. Evrópuverð á matvörum er þannig ekki til heldur eru það aðstæður í hverju landi sem hafa mótandi áhrif á matvælaverð.

*Erna Bjarnadóttir*
*hagfræðingur og forstöðumaður félagssviðs Bændasamtaka Íslands*

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

HUMBAUR álkerrur.

Bændur og verktakar !
erum að fá sendingu af þessum vinsælu 2,5 tonna álkerrum. Mál innan 3.0x1.5m.
Verð 560.000 m/vsk og skráningu.



Erum að taka við pöntunum í aðrar gerðir af Humbaur kerrum.t.d. sturtu,véla,bíla og flatvögnum.

Topplausnir
www.Topplausnir.is - S: 5177718




• Fjórhjóladrifin
• Diesel
• Vinnuhæð: 16,4 m
• Pallhæð: 14,4 m
• Lárétt útskot: 9,3 m
• Lyftigeta: 230 kg
• Aukabúnaður: Rafmagns- og lofttenglar í körfu
• Til afgreiðslu strax

Hafðu samband 568 0100

Ýmsar aðrar ATN spjót- og skæralyftur til afgreiðslu með stuttum fyrirvara.

Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is

ATHYGLI-Ágúst 2015

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Lífrænt umhverfi fjölbýlishúsa

**Bændablaðið er víðlesnasta blað landsins um þessar mundir. Upplag þess dreifist nokkuð jafnt til heimila landsins, hvort sem þau eru til sveita eða í þéttbýli. Því er upplagt að taka fyrir dálítið vanræktan kafla í íslenskri garðamenningu. Það eru fjölbýlishúsalóðirnar.**

Því miður má víða sjá að betur mætti þar fara. Í síðasta pistli fjallaði ég nokkuð um garða og garðahugtök almennt. Því finnst mér að bæta megi þessu við.

### *Markmið – gæðakröfur? Hvað sætta menn sig við?*

Mikilvægt er að setja skýr markmið um hirðingu fjölbýlishúsalóða. Við markmiðasetningu er nauðsynlegt að hafa skilgreiningar á hreinu. Gæðakröfur og markmið verða að haldast í hendur og taka mið af þörfum, en ekki endilega vilja, íbúanna og staðreyndum sem liggja fyrir varðandi notkun svæðisins. En umfram allt ætti það að vera svo að íbúar fjölbýlishúsa ættu að líta á lóðina sem garðinn sinn og láta sér annt um hann.

### *Skilgreiningar – Hvað er hvað og hvaða tilgangi þjónar hvert?*

Skilgreiningar fela í sér lýsingu á hverju hugtaki og útskýra merkingu þess. Menn leggja oft mismunandi skilning í hugtök. Ef skilgreiningar eru óljósar og á reiki, er óhjákvæmilegt að misskilningur verði. Misskilningur milli verkkaupa og verksala veldur oftast óánægju og ósætti, sem svo oftar en ekki endar með málaferlum.

Við útboð á öllum verkum verður að skilgreina hvert viðvik. Skilgreina þarf gæðakröfur: Hvað er ákjósanlegt, viðunandi/ásættanlegt og hvað er óviðunandi. Hver eru viðmiðin? Tilgreina þarf umfang verkþátta, stærðir, flatarmál, fjölda/magn. Tilgreina þarf tíðni ákveðinna verkþátta sem koma fyrir oftar en einu sinni, s.s. slátt, rakstur, kantskurð, illgresishreinsun o.s.frv.

Skilgreiningar eru á reiki. Það sem einn kallar skjólbelti, kallar annar hekk eða limgerði. Svo eru aftur hugtök sem flestir eru sammála um og hafa eina merkingu í öllu samhengi, t.d. sumarblómabeð og hellulögn. Aftur á móti getur hugtakið „grasflöt“ haft ansi loðna merkingu eftir því hver um fjallar.

Hin almenna merking á hugtakinu „grasflöt“ spannar yfir öll grassvæði kringum byggð og byggingar og slegin eru á sumrin, en eru þó ekki eiginleg tún sem ræktuð eru til heyfengs. Best væri að nefna þær einu nafni „**grasfleti**“, í et. „**grasflötur**“. Samt er þar lítill munur á í rauninni. Því allt of oft eru **grasfletirnir** fyrrverandi tún og hafa fortíð sem heyvellir einhversstaðar í ótilgreindum sveitum áður en þau voru flutt að sem „túnþökur“ til að hylja svaðið sem óhjákvæmilega myndaðist við byggingaframkvæmdirnar. Grasfletir af þessu tagi eru kannski oftast nefndir „**bletturinn**“ eða „**lóðin**“ í daglegu tali Og þeir eru í yfirgnæfandi meirihluta fjölbýlishúsalóða í þéttbýli landsins, og geta aldrei orðið „**grasflatir**“ í stífri fagskilgreiningu þess hugtaks. En þeir þurfa sinningu og viðhald engu að síður. Og oft er hægt að ná þeim fullboðlegum, sé í það lögð vinna og fjármagn.



Mikilvægt er að setja skýr markmið um hirðingu fjölbýlishúsalóða. Myndir / VH

Með „fullboðlegum“ á ég við að grasfletirnir fái jafnan heildarsvip, fagurgrænan. Lítið sem ekkert af blómjurtum má sjást þar, engin mosamyndun og að þeir þoli eðlilega umferð án þess að þjappast og svaðast niður. Góð undirvinna fyrir þökulögn gerir eftirleikinn auðveldari. En því miður er það oft svo að þökunum er skellt beint á moldina eftir grófa jöfnun og sléttun með vinnuvélum. Góð undirvinna felst í því, að eftir jöfnun með vinnuvélum þyrfti að lofa moldinni að þorna, a.m.k. í yfirborðinu, og setja síðan um 10 cm lag af sandi ofan á hið væntanlega grassvæði. Tæta þarf sandinn nokkuð niður í jarðveginn sem undir er og fínjafna svo fyrir tyrfinguna í stinnan og jafnan flöt. Sandurinn hleypir lofti að grasrótunum svo að torfið rótar sig fyrr og betur, og allar lagfæringar og leiðréttingar síðar meir verða auðveldari. Í kaupbæti er miklu minni hætta á að grasflöturinn sígi til vandræða og slitstyrkur hans eykst til mikilla muna. Reglulegt viðhald er fólgið í slætti, sem getur verið tvisvar til fimm sinnum yfir sumarið, Ef grasflöturinn er aðallega vaxinn grófum tún- og fóðurgrösum verður áferðin aldrei viðunandi. En fáir kippa sér upp við að þar sjáist eitthvað af blómjurtum s.s. túnfífill, túnsúra, sóleyjar, skarifífill og smári. Þessar tegundir eru slegnar niður við hvern slátt og tóra áfram án þess að pirra nokkurn alvarlega.

### *Leið að markmiðum – árangur, ánægja*

Markmiðin sem hver húsnefnd setur sér varðandi lóðina, eða segjum heldur garðinn, kring um húsið sitt, hlýtur að taka mið af notagildinu, þótt fegurðarsjónarmið séu að sjálfsögðu höfð með. En fegurðarsjónarmiðin, ein og sér, geta ekki alveg staðið undir væntingum eða viðmiðum allra íbúanna. Hin fullkomna fegurð er sjaldan langvarandi undir þeim kringumstæðum sem blokkarlóðir bjóða uppá. Hér erum við ekki að tala um sjálfbært landslag, og við verðum því að grípa inn í eðlilegt samspil tímans og náttúruaflanna. Með tímanum sjúskast öll mannvirki og slitna við umgang og notkun, einnig garðurinn. Það kallar á viðhald, og allt viðhald kostar peninga.

Umhirða og viðhald er aðferð til að aftra niðurníðslu mannvirkja og gróðurs. Garðar og lóðafrágangur eru mannvirki, ekki síður en húsin sjálf.

Í garðinum eru stéttar og stígar yfirleitt hellulagðar, en stundum steinsteyptar eða lagðar timbri. Hellur ganga til og sporðreisast, stéttar gliðna, steypa springur og sígur, timbur fúnar og fjalir losna. Allt slíkt allar á tafarlausa úrbót vegna slysahættu sem af getur stafað. Stígar og stéttar við fjölbýlishús eru sjaldan gerðar úr náttúrugrjóti, en gætu átt við ef hugmyndin er um 100% „náttúrulegan“ garð og það samræmist aðliggjandi landslagi. Náttúrugrjót kallar á staðarmat og sérmeðferð hverju sinni. Það er yfirleitt dýrara í útvegun og lagningu en steinsteyptar hellur, en fellur vel inn í náttúrulegt umhverfi. En viðhald þarf það engu að síður eigi það ekki að sökkva í svörð á nokkrum árum.

Bílastæðin geta líka verið steinsteypt, malbikuð eða lögð olíumöl. Sjaldan eru einföld grúsplön látin nægja sem bílastæði við fjölbýlishús núorðið. Hvert sem yfirborðið er, þarf að þrífa það og halda í upprunalegu ástandi eftir bestu getu.

### *Gróður og leiksvæði*

Á fjölbýlishúsalóðum er „bletturinn“ eða „grasflöturinn“ yfirleitt lítið notaður til dvalar og sjaldgæft er að sjá börn að leik „á blettinum“. Barnaleikirnir einskorðast við „leiksvæðin“, en þó er oft, þar sem gott samkomulag er í „blokkinni“, að íbúarnir halda grillveislu eða einhverja slíka samkomu á lóðinni einu sinni til tvisvar á ári. Alveg er líka hugsanlegt að hafa þar einhverja matjurtarækt ef samstilltur áhugi er fyrir slíku.

Leiksvæðin eru kafli út af fyrir sig. Nú er í gildi löggiltur staðall um hvernig slík svæði skulu vera og hvernig skuli gengið frá leiktækjum, og þar má í engu fúska. Sandkassar, rólur, vegasölt og önnur slík tæki verða að vera af viðurkenndum gerðum og e-merkt ásamt merki framleiðanda (sem ber ábyrgð á þeim í einhver ár eftir uppsetningu).

**Blómabeð** þarf að stinga upp og halda lausum við óvelkominn gróður.

Í **sumarblómabeð** þarf að planta á vorin, og ef til vill setja þar niður haustlauka á haustin. Vikuleg umhirða og arfareyting nauðsynleg á sumrin.

Í **fjölæru beðunum** er gróður sem kemur upp og blómgast ár eftir ár, en þeim þarf engu að síður að sinna af kunnáttu og natni allt sumarið ef þau eiga að vera öllum til augnayndis.

**Steinhæðir** eru mjög kræfar á vinnuframlag eigi þær að vera til prýði. Annars er hætt við að þær verði bara að grýttri óræktarbeðju, sem er ekki einu sinni hægt að slá með þráðorfi. Sama gildir um grjóthleðslur með gróðri. Þar þarf virkilega að haga gróðurvali með lágmarkshirðingu í huga.

**Trjágróður** á lóðum kemur einkum fyrir á þrennan hátt. Þ.e. sem stakstæð tré eða runnar, trjá- og runnabeð og í þriðja lagi limgerði (hekk). Afar sjaldgæft er að eiginleg skjólbelti séu höfð á lóðum, þótt ef til vill gegni trjá- og runnabeðin sama tilgangi.

**Stakstæð tré** og stakstæðir runnar standa, eins og gefur að skilja, ein og sér úti á lóðinni. Stundum er samt plantað saman nokkrum einstaklingum með góðu millibili í fyrstu til að skapa massann, en svo grisjað vel eftir að hæfilegum þroska er náð.

**Trjá- og runnabeð** voru oftast höfð á útjöðrum lóða. En með nýju byggingareglugerðinni á það ekki lengur við, því halda þarf trjágróðri á lóðamörkum neðan við tilgreind hæðarmörk (180 cm) og öllum trjám þarf að planta a.m.k. fjórum metrum frá lóðamörkum. En runna sem auðveldara er að stýra í hæð og umfangi er sjálfsagt að nota sem ramma um garðinn og planta þeim „smekklega“ á hæfilega breiða ræmu við lóðamörk, og þá með góðu og gagnkvæmu samþykki grannanna. Ef lóðin er stór má gera á henni svolítinn lund úr trjám, með skuggþolna runna, t.d. rifs sem undirgróður, en gæta verður að lóðamörkum og skuggaáhrifum.

**Limgerði** má líka nota sem „girðingu“ milli grannlóða, og þá í sameign og samvinnu við nágrannann. Limgerði eru klippt reglulega, í sumum tilvikum allt að þrisvar á sumri. En þó borgar sig samt í lengdina að velja hægvaxta og þéttar runnategundir í limgerðið. Samt er ekkert sem beinlínis mælir gegn því að nota ýmsar víðitegundir umhverfis lóðir, einkum í nýjum og ógrónum hverfum, en þá þarf að hafa það í huga að þær vaxa hratt upp, þurfa miskunarlausa klippingu og endast í mesta lagi í 10–15 ár. Þá skal þeim skipt út fyrir nettari tegundir. Nett limgerði eru líka heppilegar milligerðir þar sem skipta þarf lóðum upp í mismunandi rými. En limgerði eru samt ekki vel til þess fallin að þola mikinn ágang eða hnjask. Oft getur reynst betur að hafa lágvaxna og grannslegna blómrunna frívaxandi í þéttri röð í þeirra stað.



Blómabeð þarf að stinga upp og halda lausum við óvelkominn gróður.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Sigurður Jarlsson
Ráðunautur
í jarðrækt
sj@rml.is

# Hversu langt er síðan tekin voru jarðvegssýni hjá þér?

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins vekur athygli á breyttu fyrirkomulagi jarðvegssýnatöku.**

Um áraraðir hafa jarðvegssýni hér á landi verið tekin úr efstu 5 cm túna. Víða í nágrannalöndum okkar er því þannig háttað að sýni eru tekin úr efstu 10 cm túna og um 15 cm úr akurlendi. Í fyrra byrjaði RML að taka sýni með þessum hætti. Það er mat sérfræðinga að niðurstöður þessara sýna séu mun áreiðanlegri en sýna sem tekin eru úr minni dýpt.

Til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða á sýrustigi og magni plöntunærandi efna í efsta jarðvegslagi túna og akra er æskilegt að taka úr þeim jarðvegssýni á 5–8 ára fresti.

Í haust mun RML bjóða upp á jarðvegssýnatöku og túlkun á niðurstöðunum eins og áður. Unnið er samkvæmt gjaldskrá en gera má ráð fyrir að kostnaður við sýnatöku, efnagreiningu og túlkun á þremur jarðvegssýnum gæti orðið um 38.500 + VSK. Ef við gerum ráð fyrir að jarðvegssýnataka sé viðhöfð á sjö ára fresti þýðir þessi liður í bússtjórninni 5500 krónur á ári sem er léttvæg upphæð í samanburði við önnur útgjöld í fóðuröflunarkostnaði meðal bús.

Jarðvegssýni sem ráðunautar RML taka í haust verða send til greiningar hjá Efnagreiningu ehf. á Hvanneyri. Mælt verður sýrustig og 10 stein- og snefilefni, P, K, Ca, Mg, Na, S, Fe, Cu, Mn og Zn.

Þegar niðurstöður efnagreininga liggja fyrir munu ráðunautar RML fara yfir niðurstöður þeirra og senda bændum túlkun á þeim sem mun nýtast við gerð áburðaráætlana og öðrum verkefnum er tengjast jarðræktinni.

Varðandi jarðvegssýnatöku er rétt að nefna að það er óæskilegt að taka sýni þar sem búfjáráburður hefur verið borin á síðsumars eða í haust.

Jarðvegssýnataka mun hefjast upp úr miðjum september. Æskilegt er að sem flestar pantanir liggi fyrir þá. Hægt er að panta rafrænt á heimasíðu rml.is, eða með því að hringja í síma 516-5000.




Dragspilsdraumar:

## Hildur og Vigdís þenja nikkuna

**Út er kominn hljómdiskurinn Hildur Petra og Vigdís – Dragspilsdraumar. Á disknum er að finna lög þar sem Hildur Petra Friðriksdóttir og Vigdís Jónsdóttir spila á harmonikku.**

Diskurinn inniheldur fimmtán lög, bæði danslög og dægurlög útsett fyrir harmonikkur. Tvö laganna eru eftir Hildi Petru og Vigdísi. Hildur Petra og Vigdís hafa spilað saman á harmonikku í nokkur ár auk þess sem þær eru hluti af hljómsveitinni Við og við sem spilar með þeim á þessum diski auk fleiri hljóðfæraleikara.

Þetta er í fyrsta skiptið sem tvær konur á Íslandi gefa út geisladisk með harmonikkutónlist. Diskurinn er seldur í verslunum víða um land. /VH



Tré á jörðinni fleiri en talið var:

## Þrjár trilljónir trjáa

**Að mati vísindamanna við Yale-háskóla eru um það bil þrjár trilljónir trjáplantna á jörðinni. Talan er talsvert hærri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir eða um 400 billjón tré.**

Nákvæmt gerir talningin ráð fyrir að tré á jörðinni séu 3.040.000.000.000 að tölu.

Matið er gert út frá loftmyndum og samanburði á talningu á trjám í skógum á jörðu niðri. Miðað við töluna þrjár trilljónir eru um 420 tré fyrir hvert mannsbarn á jörðinni.

Aðstandendur áætlunarinnar vona að upplýsingarnar komi til með að nýtast við margs konar rannsóknir, meðal annars í tengslum við áætlunargerð vegna landnýtingar, líffræðilegrar fjölbreytni og við rannsóknir á loftslagsbreytingum. /VH

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300





Neðansjávargarðyrkja:

# Matjurtir ræktaðar í stórum blöðrum

**Út af ströndum Norður-Ítalíu er verið að gera tilraunir með að rækta matjurtir í litlum gróðurhúsablöðrum neðansjávar. Verkefnið kallast Nemógarðarnir.**



Blöðrunnar eða gróðurhúsin eru fest við sjávarbotninn þannig að þau haldast á um átta metra dýpi eftir að dælt hefur verið í þau lofti. Verkefnið sem kallast Nemógarðarnir er unnið í samvinnu kafara og garðyrkjufræðinga.

Verkefnið var sett á laggirnar árið 2012 og í dag eru ræktunarblöðrurnar sjö og í þeim eru ræktuð jarðarber, kryddjurtir og salat. Þar sem verkefnið er enn á tilraunastigi er ekki um neina stórræktun að ræða enda ekki pláss fyrir nema 22 plöntur í hverri blöðru.

Í fyrstu fór langur tími í að hanna blöðrurnar og velja hvaða efni ætti að nota í þær. Núverandi hönnun lofar góðu og segja talsmenn tilraunanna að kominn sé tími til að stækka þær og auka þannig ræktunina.

Rannsóknir sýna að plöntur, að þörungum undanskildum, þurfa ljós af ákveðinni bylgjulengd sem eyðist út neðan við tíu metra dýpi í sjó. Hugmyndin um að nota blöðrur fyrir ræktun neðansjávar er því byltingarkennd og leysir það vandamál að þurfa að notast við raflýsingu.

Aðstandendur tilraunarinnar segja að þær lofi góðu og ekki leiki nokkur vafi á að neðansjávargarðyrkja eigi eftir að aukast í framtíðinni á sama tíma og fólki fjölgar og land til ræktunar minnkar. /VH



Fornleifarannsóknir:

# Stonehenge stærra en talið hefur verið

**Fornleifafræðingar á Bretlandseyjum telja sig vera búna að finna leifar af steinagerði sem bendir til þess að minjarnar við Stonehenge séu mun stærri en áður hefur verið talið.**

Með jarðsjá hefur tekist að greina tæplega hundrað bautasteina sem eru allt að 4,5 metrar að lengd. Steinarnir sem liggja á hliðinni mynda svo reglulega röð að ómögulegt er annað en að menn hafi komið þeim fyrir. Til aðgreiningar frá því steinagerði sem þekkist í dag er farið að kalla nýja fundinn ofurgerðið vegna stærðar þess.

Síðastliðin fimm ár hefur verið unnið að því að skanna stórt svæði nálægt Stonehenge með jarðsjá og verið er að teikna það upp með steinafundunum merktum inn. Stór hluti ofurgerðisins liggur skammt frá



Stonehenge, í um þriggja kílómetra fjarlægð, og er það talið vera hluti af helgu svæði sem tengist steinagerðinu fræga.

Reynist rétt vera að um ofurgerði sé að ræða er það stærsta steinagerði sem fundist hefur í Evrópu og væntanlega munu rannsóknir á því veita nýja innsýn í sögu og tilgang Stonehenge. /VH



Við ána Rín er hver fermetri nýttur fyrir vínvið enda með gjöfulli svæðum til slíkrar framleiðslu. Myndir / SS

# Hús tekið á evrópskum bændum

## – fyrri hluti

**Dagana 21.-30. júlí sl. fór hópur ungra bænda í fagferð til Evrópu en tilgangur ferðarinnar var að halda upp á útskrift hópsins frá Hvanneyri.**

Líkt og oft er með ferðir sem þessar var um blandaða ferð að ræða, þ.e. bæði var áhersla lögð á faglegar heimsóknir á sviði landbúnaðar en einnig hugað að því að næra sálina með annars konar afþreyingu en helstu viðkomustaðir ferðarinnar voru stórborgirnar Hannover, Köln, Koblenz, Lúxemborg og Brüssel. Alls voru 8 bú heimsótt í ferðalaginu ásamt því að farið var á landbúnaðarsýninguna Libramont í Belgíu, en greint var frá þeirri landbúnaðarsýningu í síðasta Bændablaði.

***Kóki heimsóttur***

Fyrsti dagurinn var í raun mest ferðadagur en flogið var árla morguns frá Íslandi og lent í Hamborg. Þaðan var svo ekið til Hannover, þar sem gist var í tvær nætur. Fyrsta faglega heimsóknin var svo farin til hins heimsfræga hestamanns Kóka en þrátt fyrir að hann og allir starfsmenn hans væru á haus í undirbúningi fyrir aðkomu TopReiter að heimsmeistaramóti íslenskra hesta í Danmörku, þá gaf hann sér góðan tíma til þess að sýna hópnum búgarðinn og hina umsvifamiklu starfsemi sem þar fer fram.

***Farið í Claas-verksmiðju***

Frá Kóka var haldið á ný til Hamborgar og nýttu margir sér tækifærið í Hannover að gera góð innkaup í mörgum af helstu verslunarkeðjum heimsins sem þar eru, en aðrir fóru í hinn þekkta dýragarð Erlebnis sem er 150 ára í ár eða tóku bara lífinu með ró. Þriðja daginn var haldið til bæjarins Koblenz en á leiðinni þangað var komið við í verksmiðju Claas í Harsewinkel þar sem hópurinn fékk afar greinargóða kynningu á starfsemi Claas. Frá Harsewinkel var áð í stórborginni Köln þar sem ein mikilfenglegasta dómkirkja heims er, en hún er m.a. á heimsminjaskrá UNESCO. Gist var í Koblenz í tvær nætur en



Hinn alþekkti hestamaður Kóki (Herbert Ólason) með einn af glæsilegri hnökkum frá fyrirtæki sínu, Top Reiter. Þessi hnakkur er m.a. gerður úr krókódílaskinni.

borgin iðar af mannlífi og ferðafólki enda einkar áhugaverður staður fyrir ferðafólk, borgin stendur við ármótin þar sem Mósel og Rín renna saman.

***„Víndalurinn“***

Þriðja faglega heimsókn ferðarinnar var á vínbúgarð Adolf Störzel við bæinn Rüdesheim, sem stend-



**Pascal og Birkele Vaessen búa afar snotru búi í Lúxemborg og drýgja tekjurnar með mjólkurframleiðslunni m.a. með sölu kynbótagripa.**

ur við ána Rín. Bú þetta er eitt af ótal mörgum meðfram ánni, en dalverpið sem Rín hefur grafið má víst hæglega kalla „Víndal“ enda er magn af vínframleiðendum slíkt á svæðinu. Hópurinn fór í afar áhugaverða gönguferð um landsvæði búsins og var byrjað á því að fara með vírkláfi efst upp í hæðina ofan við Rüdesheim og svo gengið niður að bænum á ný og í leiðinni var vínviður skoðaður og ólíkar víngerðir smakkaðar. Bú Adolfs framleiðir árlega um 8.000 vínflöskur af hektaranum og er heildarframleiðsla búsins um 60–80 þúsund flöskur af léttvíni, stærsti hluti framleiðslunnar Riesling-vín, eða um 80%. Nánar má fræðast bæði um starfsemi Kóka, framleiðslu Claas-verksmiðjunnar og um vínbú Adolf Störzel með því að glugga í 19. tölublað Bændablaðsins árið 2013.

### *Rúmlega tvö þúsund bú*

Þó svo að Lúxemborg sé ekki þekkt landbúnaðarland, þá er þar umsvifameiri landbúnaður en margur heldur. Í Lúxemborg býr rúmlega hálf milljón manna og þar af starfa í kringum 50 þúsund manns við landbúnað og afleidd störf.

Landið er afar lítið, 2.586 ferkílómetrar að stærð, og er í 130–560 metra hæð yfir sjávarmáli. Á þessum örfáu ferkílómetrum eru rúmlega tvö þúsund bú og er búrekstur aðalstarf á um 1.400 búum, en á hinum er búskapur rekinn samhliða annarri vinnu. Þessi rúmlega tvö þúsund bú eru með 131 þúsund hektara lands og er meðalbúið því með rúmlega 60 hektara lands en um helmingur landsins er nýttur til grasframleiðslu, fjórðungur til framleiðslu á maísvotheyi, en kornframleiðsla, skógrækt og garðyrkjuframleiðsla er svo stunduð á síðasta fjórðungnum að jafnaði. Þrátt fyrir smæð og hæð landsins er sem sagt töluverður landbúnaður í Lúxemborg og var tekið hús á þremur bændum þar.

### *Hollenskir bændur í Lúxemborg*

Fyrsta heimsókn hópsins var til hollensku bændanna Pascal og Birkele Vaessen, en þau eru með kúabú við þorpið Vianden, rétt við landamærin á milli Lúxemborgar og Þýskalands.

Bú þeirra er eitt af um 600 kúabúum í Lúxemborg, en meðalfjöldi kúa á búum í Lúxemborg er um 45 kýr. Þau Pascal og Birkele eru af hollenskum uppruna en faðir Pascal keypti landið og hóf búskap þarna 1965 með nokkrar mjólkurkýr í básafjósi en í dag eru þau með 90 kýr í lausagöngu og notast svo við hefðbundinn mjaltabás. Þau eru einnig vel sett með land en alls tilheyra búinu 120 hektarar og er um helmingur landsins nýttur fyrir maísframleiðslu, fjórðungur fyrir grasrækt og afgangurinn í kornrækt.

### *Fá 39 krónur fyrir mjólkurlítrann*

Bú þeirra hjóna leggur inn mjólk hjá Arla en þau sögðu að afurðastöðvaverðið væri nú allt of lágt og að þau væru nálægt því að borga með hverjum lítra en alls fengu þau 27 evrusent fyrir lítrann, eða sem svarar um 39 krónum. Skýringin á því af hverju ekki er tap á búinu felst í útsjónarsemi þeirra en þau framleiða einkar góða kynbótagripi og selja til lífs, nokkuð sem skilar sér vel og búinu miklum aukatekjum enda fá þau um 1.500 evrur (215 þúsund krónur) fyrir 14–15 mánaða gömul kynbótanaut og sama verð fyrir nýbornar kvígur. Þess utan fá þau styrki frá Evrópusambandinu, alls um 300 evrur á hektarann (um 43 þúsund krónur), en aðrir styrkir eru óverulegir til þeirra bús.

### *Langlífar kýr*

Í ræktun þeirra á hinum svartskjöldóttu kúm notast þau við erfðaefni frá öllum mögulegum löndum en oftast segjast þau kaupa sæði frá Hollandi, Kanada, Bandaríkjunum og Skandinavíu.

Meðalnytin er reyndar ekki sérlega há eða um 10 þúsund lítrar eftir 305 daga mjaltaskeið og með prótein upp á 3,4% og fitu upp á 4,0%. Fyrst það er ekki afurðasemin sem þau rækta eftir lék hópnum forvitni á að vita hvað annað réði för og ekki stóð á svörum.

Þeirra aðal ræktunaráhersla er góð ending kúnna en þegar við heimsóttum fjósið voru í því fjórar kýr (af þessum 90) sem höfðu framleitt meira en 100 þúsund lítra mjólkur og alls voru 11 kýr komnar yfir 8 mjaltaskeið í fjósinu og sá ekki á kúnum þrátt fyrir aldur og reynslu.

### *Bræður og synir*

Frá þeim Pascal og Birkele var haldið til kúabóndans Marc Vaessen en hann var með nýlegt bú með mjaltaþjónum og 250 mjólkurkúm. Þaðan var svo haldið til Van Laar-fjölskyldunnar en þar búa tveir eldri bræður ásamt þremur af sonum þeirra. Þetta var afar myndarlegt kúabú með 300 mjólkurkýr og fjóra Lely mjaltaþjóna.

Bræðurnir tveir eru nú orðnir fullorðnir og að draga sig út úr rekstrinum en synir þeirra, þrír talsins, að taka við búinu en því tilheyra einnig 250 hektarar lands. Fjósið með mjaltaþjónunum var nýbyggt og glæsileg bygging sem var um 100 metra löng og 38 metra breið. Eftir því var tekið hve kýrnar voru hreinar í lausagöngunni. Sögðu bændurnir að það sæist einnig í mjólkurtankinum enda væri einungis ein kýr í lyfjameðferð af þessum 300 og engin önnur í frátöku á mjólk. Meðalnyt búsins var um 10 þúsund lítrar, frumutalan um 170 þúsund og líftalan 4–6 þúsund. Ekki beint hægt að kvarta yfir svona fínum tölum.

### *Ungir bændur fá hærri styrki*

En ný og glæsileg bygging kostar sitt og þegar afurðastöðvaverðið er lágt er von að spurt sé út í rekstur búsins. Þeir sögðu hann nokkuð góðan enda hefði fjárfestingakostnaðurinn verið lægri en margir halda.

Almennir byggingastyrkir til bænda í Lúxemborg séu 30% en sé bóndinn skilgreindur sem „ungur bóndi“ þá fær hann 35% byggingastyrk, þ.e. 35% byggingakostnaðarins endurgreiddan frá hinu opinbera í Lúxemborg. Skilgreiningin á því að flokkast sem ungur bóndi í Lúxemborg er að vera á aldrinum 20–40 ára og að hafa ekki staðið fyrir búrekstri í meira en fimm ár.

### *Framleiða umhverfisvæna orku*

Allt þak hins stóra fjóss var klætt með sólarrafhlöðum en í Lúxemborg eru veittir sérstakir styrkir til þeirra sem taka að sér raforkuframleiðslu með þeim hætti. Spurðir um rekstrarforsendurnar voru þær sagðar allgóðar enda væru sólarsellurnar með 15 ára tryggt raforkuverð og uppgreiðslutími fjárfestingarinnar væru 10 ár. Ef ekkert bilaði ættu því síðustu fimm árin að skila góðum tekjum til búsins.

Eftir tvo áhugaverða daga á landbúnaðarsýningunni Libramont var haldið frá Lúxemborg til Brüssel í Belgíu, þar sem áð var í einn dag áður en haldið var í lokahluta ferðarinnar. Síðasti heili ferðadagurinn var svo nýttur afar vel með fjórum faglegum heimsóknum: á kúabú með SAC mjaltaþjón, í hollenska fyrirtækið H.A. De Bruijn en það framleiðir m.a. innréttingar fyrir búfjárhús, á geitabú með 950 mjólkandi geitur og að síðustu á holdakúabú með hina heimsfrægu Belgian Blue nautgripi. Frá þessum heimsóknum verður greint frá síðar.

*Snorri Sigurðsson*
*Ráðgjafi hjá Seges P/S*
*sns@seges.dk*

mast Matvælastofnun

## Héraðsdýralæknir Austurumdæmis

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf héraðsdýralæknis í Austurumdæmi með aðsetri á Egilsstöðum.
Um fullt starf er að ræða og æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Skipulag og ábyrgð á eftirliti með heilbrigði og velferð dýr
- Skipulag og ábyrgð á eftirliti með frumframleiðslu matvæla, slátrun og vinnslu dýraafurða
- Framkvæmd opinbers eftirlits
- Sóttvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum dýra
- Skýrslugerðir
- Skipulag vaktþjónustu í umdæminu
- Ábyrgð á rekstri umdæmisskrifstofu

**Hæfniskröfur:**

Umsækjendur skulu hafa dýralæknismenntun. Gerð er krafa um færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku ásamt góðri almennri tölvukunnáttu. Öguð vinnubrögð, góðir skipulagshæfileikar og geta til að starfa sjálfstætt eru áskilin. Góð framkoma og lipurð í samskiptum er mikilvæg.

**Frekari upplýsingar um starfið:**

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Gíslason, forstjóri **jon.gislason@mast.is** og Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir **sigurborg.dadadottir@mast.is** í síma 530 4800.

Umsókn sendist í tölvupósti á netfangið **starf@mast.is** merkt „Héraðsdýralæknir Austurumdæmis“. Umsóknarfrestur er til og með **21.09.2015**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Vakin er athygli á því að umsóknin gildir í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Dýralæknafélags Íslands.
Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á **www.mast.is.**

**BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR**
**frá Ifor Williams**

Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum
þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Þorvaldur Kristjánsson
Ábyrgðarmaður
í hrossarækt
thk@bondi.is



Sending frá Þorlákshöfn – efsta hryssan í elsta flokki hryssna og frábær klárhryssa með 8.70 fyrir hæfileika. Knapi er Helga Una Björnsdóttir. Mynd / Gígja Einarsdóttir

## Kynbótasýningar hrossa 2015:

# Mörg eftirminnileg hross sýnd á árinu

**Nú er kynbótasýningum lokið á Íslandi árið 2015. Mörg afar eftirminnileg hross voru sýnd á árinu og undan nýjum afkvæmahestum sem spennandi verður að fylgjast með til framtíðar. Í þessari samantekt verður farið yfir sýningaárið, efstu hross í hverjum flokki og litið til ýmissa þátta.**

Í ár voru kveðnir upp alls 1.197 dómar á Íslandi en það er nokkur fækkun frá fyrri árum. Til samanburðar voru dómarnir alls 1.752 í fyrra.

Þessi fækkun er að mörgu leyti skiljanleg þar sem ekki var landsmót í ár en einnig hafa markaðsmál eflaust eitthvað að segja. Afar verðmætt er að árlega komi mikill fjöldi hrossa til dóms en þetta er sá grunnur sem ræktunarstarfið byggist á. Þá er mikilvægt á hverjum tíma að þróa sýningarhaldið í því augnamiði að auka áhuga hrossaræktenda á að mæta með hross til dóms.

Nú liggur fyrir á næstu misserum að endurskoða dómskalann og framkvæmd kynbótasýninga sem leiðir vonandi til enn betra mats, aukinna upplýsinga til handa hrossaræktendum og þess að hrossaræktendur sjái sér ávinning í því að mæta með fleiri hestgerðir til dóms.

Í ár færðist sýningarhaldið enn meira fram í júní og til miðsumars en fá hross voru sýnd í maí. Þetta er þróun sem við eigum líklega eftir að sjá til framtíðar; að miðsumarssýningar verði meira nýttar á árunum á milli landsmóta enda hrossin best á hásumri. Einnig væri til bóta að geta nýtt júní betur til dómsstarfa á landsmótsárum og halda landsmótin því seinna í júlí en verið hefur. Þetta er ekki síst mikilvægt í árum þegar vorar seint.

Sýningar voru haldnar vítt og breitt um landið eins og vant er, eða á alls 11 stöðum. Stærsta sýningin í ár var Miðsumarssýningin á Gaddstaðaflötum með 218 hrossum. Einnig má nefna að nýr sýningarstaður var tekinn til notkunar í ár en það var félagssvæði Spretts og gefur sú reynsla góð fyrirheit með sýningar á því svæði.



Nípa frá Meðalfelli – tignarlegur mýktargæðingur og nú eitt fegursta kennileiti í Kjósinni. Knapi er Daníel Jónsson. Mynd / Fjölnir Þorgeirsson



Skaginn frá Skipaskaga – efsti 6 vetra stóðhestur ársins. Knapi er Jakob Sigurðsson. Mynd / Óðinn Örn Jóhannsson

Á árinu var haldið Fjórðungsmót á Austurlandi þar sem 33 kynbótahross komu fram. Þau voru fá en frambærileg og upp í stórmagnaða gæðinga.

Heimsleikar voru haldnir í Danmörku í ár en þangað fór fullskipað lið kynbótahrossa frá Íslandi sem stóðu sig öll með miklum sóma.

### *Efstu kynbótahross á árinu*

Efsti fjögurra vetra stóðhesturinn á Íslandi í ár var Trausti frá Þóroddsstöðum. Þetta er hestur sem verður spennandi að fylgjast með til framtíðar, fínlegur og léttbyggður hestur með verðmætt mýktar ganglag. Hann er undan Þresti frá Hvammi og Aronsdótturinni Snót frá Þóroddsstöðum en það er með eindæmum eftirtektarvert hvað mýkt og gegnumflæði í hreyfingum einkennir mörg þau hross sem hafa þá feðga Óð frá Brún og Aron frá Strandarhöfði í bakættum.

Efsta hryssan í fjögurra vetra hópnum var Þökk frá Árbæjarhjáleigu II, undan Jarli frá Árbæjarhjáleigu II og Þernu frá Skarði. Þetta var sérstaklega bráðþroska og heilsteypt hross, bæði hvað varðar ganglag og geðslag og gefur góð fyrirheit hvað Jarl varðar sem kynbótahest en þetta er fyrsta hrossið sem kemur til dóms undan honum.

Í fimm vetra hópi stóðhesta stóð efstur Andvari frá Auðsholtshjáleigu undan Gára og Fold frá Auðsholtshjáleigu en hann var einnig efstur í sínum flokki á Heimsleikum. Fríður og afar fallega byggður hestur, reistur og flugvakur.

Efsta fimm vetra hryssan var svo Hrafna frá Hrafnkelsstöðum, undan Aronssyninum Hrafnari frá Auðsholtshjáleigu sem er alhliða gæðingur og Svartsdótturinni Skyggnu frá Hrafnkelsstöðum. Hrafna hefur mjúka og öfluga byggingu og er alhliða mýktarhross eins og hún á ættir til.

Í sex vetra flokki stóðhesta stóð efstur Skaginn frá Skipaskaga, undan Álfi frá Selfossi og Meiðsdótturinni Össu frá Akranesi. Skaginn er með glæsilegri hestum með 9.0 fyrir háls, herðar og bóga og 9.5 fyrir samræmi. Þá er hann fasmikill hestur með burð, léttleika og fallegar hreyfingar.

Í sex vetra flokki var hæst dæmda hryssan Garún frá Árbæ, undan Aroni frá Standarhöfði og Glás frá Votmúla. Garún er stórfalleg og fjölhæf alhliða hryssa en hún stóð efst í sínum flokki á Heimsleikum og á Íslandi og vert er að minnast á er hlaut sinn hæsta dóm þar. Sú hryssa sem var hæst dæmd í þessum flokki á Íslandi og vert er að minnast á er Nípa frá Meðalfelli en hún hlaut 8.90 fyrir hæfileika. Nípa er undan Orra frá Þúfu og Esju frá Meðalfelli og er því skyldleikaræktuð út af Adam frá Meðalfelli. Nípa er tignarlegur alhliða gæðingur, með gangskil og mikinn burð á hægu tölti og stökki. Þá hefur hún hreyfingar sem oft erfast frá Adam sem einkennast af mjúku spori og mikilli bóghreyfingu.

Efsti hesturinn í elsta flokki stóðhesta, á Íslandi og einnig á Heimsleikum, var Glóðafeykir frá Halakoti. Glóðafeykir er undan Rökkva frá Hárlaugsstöðum og Glóð frá Grjóteyri og er skrefmikill alhliða gæðingur og fór yfir níu fyrir hæfileika, á vorsýningu og einnig á Heimsleikum.

Efst í elsta flokki hryssna var síðan Sending frá Þorlákshöfn en hún er undan Álfi frá Selfossi og Koltinnu frá Þorlákshöfn. Sýningin á þessari hryssu var afar eftirminnileg en hún hlaut þá einstöku einkunn tíu fyrir tölt enda með sérstaka skrefastærð, taktöryggi og jafnvægi á þeirri gangtegund. Þá er hún heilsteypt klárhross með 8.70 fyrir hæfileika og býr yfir óvanalegri framgöngu og útgeislun.

Það er skemmtilegt að minnast á

## Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

að athygli mína vekur hvað Gustur 923 frá Sauðárkróki (sem löngum hefur verið kenndur við Höfða í Þverárhlíð) er víða á bak við hross sem fanga augað með fegurð sinni í reið og útreikningur á erfðahlutdeild Höfða-Gusts í útgeislun er verðugt rannsóknarefni.

***Starfsfólk kynbótasýninga***

Rétt er að minnast á starfsfólk kynbótasýninganna en að sýningarstjórn, mælingum og þulastörfum komu um tuttugu manns víðs vegar um landið, flest allt þaulvant þessum störfum þó nokkur endurnýjun hafi átt sér stað í ár.

Kynbótadómarar á Íslandi eru nú 24 en fimm nýir dómarar bættust við hópinn í ár og vert er að nefna. Öll eru þau vel menntað hestafólk en þau eru Arnar Bjarki Sigurðarson, Einar Ásgeirsson, Heiðrún Sigurðardóttir, Heimir Gunnarson og Óðinn Örn Jóhannsson.

Samræmingarfundir voru haldnir í vor, bæði fyrir þá sem koma að sýningarstjórn og mælingum og einnig fyrir dómarana. En einna mikilvægasti þáttur sýningarhaldsins er að viðhalda samræmdum vinnubrögðum við alla þætti starfsins.

***Heilbrigðisskoðanir kynbótahrossa***

Heilbrigði kynbótahrossa var skoðað einsog undanfarin ár, bæði fyrir og eftir dóm.

Sú nýbreytni var tekin upp í ár að kvarða alla áverka sem hrossin hlutu í dómi í þrjá flokka til að fá betri mynd af ástandi hrossanna. Þetta átti við bæði særindi í munni og ágrip á fótum. Fyrsta stigs athugasemdir teljast ekki vera eiginlegir áverkar en eru t.d. særindi í munni sem ná ekki í gegnum slímhúð eða strokur á fótum sem ná ekki í gegnum húð og eru án eymsla eða bólgu. Annars stigs athugasemdir eru áverkar, s.s. lítil sár í munni eða á ágrip á fótum sem ná þó ekki einum cm. Þriðja stigs athugasemdir eru alvarlegir áverka og á þá lund að hrossið hlýtur ekki reiðdóm og getur ekki mætt til yfirlitssýningar. Nákvæmari lýsingu á þessari kvörðun má finna á heimasíðu RML.

Þær jákvæðu fréttir eru að enn dregur úr tíðni skráðra áverka á milli ára. Skráð voru ágrip á fótum



**Trausti frá Þóroddsstöðum – efsti 4 vetra stóðhestur ársins. Bjarni Bjarnason heldur í.**

í 15,5% tilfella en 61% af þeim tilheyrðu 1. stigi. Var því um eiginleg ágrip (áverka) á fótum að ræða í einungis 7% tilfella og ágrip sem tilheyra 3. stigi voru einungis 10 í 1.197 sýningum sem er um 0,8%. Þá voru skráð særindi eða blóð í munni í 5% tilfella og var í öllum tilfellum um 1. stigs særindi að ræða. Þetta eru jákvæðar niðurstöður að tíðni áverka fari lækkandi og verðugt markmið að draga enn frekar úr þessari tíðni.

Þeim möguleika var bætt við á síðasta ári að hægt væri að skrá þjálfara þegar hestur er skráður á kynbótasýningu. Þetta er jákvæð nýlunda og hefur það aukist til muna frá síðasta ári að fólk nýti sér þennan möguleika. Það verður hægt að tengja áhugaverða niðurstöður við þessar upplýsingar í framtíðinni. Til dæmis má nefna að tíðni ágripa er mun lægri í þeim hópi hrossa þar sem sýnandinn er einnig skráður þjálfari, samanborið við heildar gagnasafnið. Einnig dregur þetta fram í dagsljósið nafn þjálfara sem hafa staðið að baki góðum árangri hrossa, hverra nafn hefur kannski hvergi komið fram hingað til. Á það má benda að í þeim tilvikum þar sem margir hafa komið að þjálfun hestsins er hægt að skrá búið inn sem þjálfara, sem er þá í raun þjálfunarmiðstöðin.

***Áfram veginn***

Ásýnd sýninganna er sífellt að batna og framfarir í reiðmennsku og faglegum undirbúningi hrossanna eru merkjanlegar ár frá ári. Einnig er afar verðmætt að á undanförnum árum hefur verið að koma fram floti af frábæru ungu reiðfólki sem undirbýr hross sín af kostgæfni, sýnir þau sjálf af metnaði, á forsendum hestsins og nær miklum árangri. Er það afar mikilvægt inn í framtíðina. Bann á einjárnungsstöngum og notkun á krossmúl/skáreim við stangir sem tók gildi í vor hefur eflaust haft sitt að segja í lækkandi tíðni ágripa. Sá beislabúnaður getur boðið upp á afkastareið sem lítil innistæða er fyrir með tilheyrandi slysahættu.

Árangur á forsendum fagmennsku og eðlisgæða mun ávallt skila okkur hinum mestu framförum. Þá má nefna að á undanförnum árum hefur verið lögð ríkari áhersla í dómum á gæði gangtegundanna, þar sem þættir einsog mýkt, jafnvægi og burður vega meira inn í einkunnagjöfina en t.d. hraði eða fótaburður. Gæði á hægu tölti og hægu stökki hafa nú meiri áhrif á lokaeinkunn fyrir þessar gangtegundir svo dæmi sé tekið. Þetta er rétt þróun að mínu mati og vegferð sem er ekki lokið. Þetta eykur líkurnar á því að hrossin sem hljóta hæstu einkunnir gefi okkur þær hestgerðir sem mest verðmæti er í; úrvals reiðhrossin, ferðahrossin og keppnishrossin.

## Lesendabás

# Matjurtarækt - Vanmetin auðlind á Austurlandi

**Á bls. 33 í síðasta tölublaði Bændablaðsins (27.08. 2015) birtist grein á vegum Framfarafélags Fljótsdalshéraðs (FF), sem ber yfirskriftina „Matjurtarækt á Austurlandi“ - verkefni um eflingu ræktunar í heimahéraði. Þar er farið yfir aðdraganda, undirbúning og markmið slíkrar ræktunar, ásamt fyrirhuguðum fundum og kynningu á námskeiðum í framhaldi.**

Þessi atriði verða ekki frekar tíunduð hér, heldur lögð áhersla á að kynna verkefnið sem best fyrir áhugasömun Austfirðingum, hvar sem þeir kunna að búa í landsfjórðungnum.

Að lokinni allviðamikilli könnun hjá ýmsum veitingastöðum og mötuneytum fyrir nokkru er ljóst að mikið vantar upp á að að Austfirðingar hafi aflað sér nægrar þekkingar til að nýta þau náttúrulegu skilyrði, sem víða eru fyrir hendi, til að efla framleiðslu matjurta í heimahéraði, þótt á því séu vissulega undantekningar, en bara allt of fáar.

Mikilvægt er að geta boðið veitinga- og matsölustöðum þessa hollustuvöru að sem mestu leyti úr nánasta umhverfi í stað þess að flytja þær langt að með tilheyrandi kostnaði og oft tilheyrandi rýrnun á ferskleika, en hlutdeild heimafenginna matjurta er, enn sem komið er, harla fátækleg á Austurlandi.

Þetta þarf að laga á komandi árum og mæta einnig þörfum vaxandi fjölda ferðafólks í þessu efni sem öðrum með verðmætasköpun á heimaslóð.

Framfarafélag Fljótsdalshéraðs (FF) efnir í þessu skyni til tveggja kynningarfunda um verkefnið „Matjurtarækt á Austurlandi – undirbúningsverkefni“, þriðjudaginn 15. september, nánar þannig:

Hótel Tærgesen á Reyðarfirði, kl. 16 og á Hótel Valaskjálf á Egilsstöðum kl. 20.

Eftirfarandi dagskrá fundanna er áætluð á þessa leið:

1. Inngangsorð verkefnisstjóra Matjurtaverkefnisins.
2. Kynning á verkefninu út frá eigin hugmyndum og fagþekkingu og kortlagning á fyrirhuguðum námskeiðum í matjurtarækt á Austurlandi. Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar LbhÍ, Garðyrkjuskólanum á Reykjum í Ölfusi.
3. Viðhorf fulltrúa úr hópi veitingastaða á Austurlandi og væntingar þeirra til verkefnisins, auk þess, sem von er á fróðleik frá fulltrúa frá Sölufélagi garðyrkjumanna um rekstur, markaðsmál o.fl.
4. Umræður.

Nánari dagskrá verður kynnt þegar nær dregur. Fundurinn er opinn öllu áhugafólki eystra.

*Framfarafélag Fljótsdalshéraðs og samstarfsaðila*


REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

LELY ASTRONAUT A3

Til sölu mjög góður notaður og yfirfarinn Lely Astronaut A3 mjaltaþjónn. Árgerð 2007

- Ný Atlas Copco SF4 loftpressa.
- Tölva, prentari og T4C hugbúnaður.
- 70 hálsbönd með QWES H hálskubbum með beiðslisgreiningu.
- Hefur alltaf verið á þjónustusamningi.
- Hentar líka sem mjaltaþjónn nr. 2 á sama bæ, (þá lægra verð án loftpressu, tölvu, prentara og CRS).
- Fyrst settur upp í nóvember 2007.
- Tilbúinn til afhendingar.



Verð kr. 12.200.000 án vsk.

Kominn heim á bæ með uppsetningu og byrjaður að mjólka

Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866

LELY

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



Sígildir klossar

Ábyrgjumst gæði

praxis ...þegar þú vilt þægindi



3ja laga Softshell fyrir dömur og herra í 5 litum Verð 21.900

Teg. 45010 Litir: Blátt/Rautt/Silfur/Lilla Str. 36-42 Verð 17.990

Teg. 01011 Litir: Hvítt Str. 36-48 Verð 17.990

Praxis.is Pantið vörulista

Teg. 00045 Litir: Hvítt Str. 35-42 Verð 13.900

00314 - Boston Litir: Svart/-Hvítt Str. 36-48 Verð 12.900

Teg. 51143 Litir: Hvítt/Svart Str. 35-46 Verð 16.900

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878

Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00. Lokað laugard.



FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR

SKEIFUNNI 17

Opið hús föstudaginn 11. september frá 18:00-19:00



Lykkja 1 44.900.000 kr

Einbýlishús 423,2 fm

6 herbergja oddur@fr.is

Sveitasæla rétt fyrir utan höfuðborgina, 197 fm einbýlishús ásamt 157 fm hlöðu og 69 fm aðstöðuhúsi. Samtals 423,3 fm. Eins hektara lóð fylgir eigninni.

Nánari upplýsingar veitir Oddur sölufulltrúi í síma 782-9282 eða Sylvía lögg. fasteignasali í síma 477-7777.

Nýir tímar - gömul gildi

Oddur Grétarsson Sölufulltrúi

Sylvía Walthersdóttir Lögg. Fasteignasali

477 7777 fr@fr.is www.fr.is

# Orð um hluta sæðinga í sauðfjárræktarstarfinu



Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is

**Það munu flestir sem til mála þekkja viðurkenna að á síðustu áratugum hafa orðið heilmiklar framfarir í sauðfjárbúskapnum sem er árangur margra áratuga ræktunarstarfs í greininni. Þennan árangur má rekja til fjölmargra þátta sem tekist hefur að láta vinna vel saman.**

Einn þessi þáttur eru sauðfjársæðingar. Hér á eftir er ætlunin að fjalla um nokkur atriði sem tengjast því starfi. Sumt af þessu eru atriði sem ég held að ágætt sé fyrir fjárbændur að hugleiða aðeins á sama tíma og val ásetningslambanna stendur sem hæst. Það er þetta val sem öllu ræður um ræktunarárangurinn á hverju einstöku búi.

**Hlutfall gena ásettra hrúta og gimbra einstaklingar fæddir vorið 2014**

| | Hrútar | Gimbrar |
|---|---|---|
| Hestur | 61,7 | 52,2 |
| Borgarfjörður | 70,9 | 60,9 |
| Snæfellsnes | 64,4 | 57,6 |
| Dalir | 65,3 | 58,2 |
| Árneshreppur | 50,6 | 36,3 |
| Kirkjubólshr. | 34,1 | 34,4 |
| Miðfjörður | 68,4 | 53,8 |
| Mývatnssveit | 63,8 | 56,8 |
| Öxarfjörður | 52,8 | 47,1 |
| Þistill | 53,1 | 47,4 |
| Öræfi | 69,4 | 61,4 |
| Hraungerðishr. | 67,2 | 64 |
| | | |
| ***Meðaltal*** | **60,00** | **52,54** |

Hlutfall gena ásettra hrúta og gimbra sem eru komin í gegnum sæðingahrúta. Allt eru þetta einstaklingar fæddir vorið 2014

### *Efla ætti sæðingastarfsemina*

Hlutverk sæðinganna hefur tekið ákveðnum breytingum í tímans rás. Ég held að enn eigum við í ljósi hinnar mjög svo jákvæðu reynslu að huga að því að efla þá starfsemi.

Fyrstu sæðingar hér á landi eru í raun þáttur í varnaraðgerðum gegn sauðfjársjúkdómum og höfðu þannig eins og mál þróuðust engin áhrif í ræktunarstarfinu. Þegar sæðingar hefjast frá Laugardælum 1956 eru þær nánast alfarið bundnar við Vesturland og Norðurland vestra. Þáttur þeirra var fyrst og fremst að koma nýju erfðaefni inn á lokuð fjárskiptasvæði. Þessar sæðingar urðu í sögulegu ljósi öðru fremur til að koma þingeysku fé inná þessi svæði og fljótt sagt varð reynsla þess það góð að síðan hefur það mjög víða orðið ráðandi stofn á meirihluta búa á þessum svæðum. Á einstaka stað fylgdi forystufé í kaupbæti. Um leið lét kollótta féð á mörgum stöðum á þessu svæði að sama skapi undan og mögulega hefur ræktun þess víða þar ekki verið sinnt sem skyldi.

Laust fyrir 1970 hefst hinn varanlega sæðingastarfsemi með líku sniði og við þekkjum í dag. Að vísu fékkst ekki í byrjun sæði dreift til allra landsvæða og sauðfjárveikivarnayfirvöld héldu með hástemmdum reglum sem oftast voru langt ofar skilningi okkar óguðlegra manna verndarhendi yfir vissum svæðum. Þeirri baráttu lauk þó á tínda áratugnum þegar leyfi fékkst loks til sæðinga í Árneshreppinn. Þessar bannaðgerðir held ég góðu heilli hafi engin varnaráhrif sést af og önnur áhrif ekki nema seinka ef til vill eitthvað ræktunarárangri á þeim svæðum sem þær bitnuðu á. Að vísu gerðu þær öllum ljóst hver valdið hafði.

Í byrjun höfðu sæðingar enn talsvert gildi við að breiða nýtt erfðaefni til nýrra svæða. Um leið varð fljótt ljóst að þær mátti nota sem gífurlega öflugt tæki í ræktunarstarfinu. Umfang sæðinganna var samt á flestum búum fremur takmarkað. Mjög algengt var að stefnt væri að því að sæða frekar fáar ær jafnvel aðeins með árabili en umfang sæðinganna var miðað við að fengjust nægjanlega mörg hrútlömb til endurnýjunar á hrútakosti búsins. Ræktunarlega held ég að tveir meginannmarkar hafi fylgt þessari stefnu og gert að hún skilaði minna en við átti að búast. Lömbin voru yfirleitt of fá til að góður grunnur fengist til raunverulega að velja af eðlilegum þunga úr lambhrútahópnum og því stundum valist sem hrútamæður ær sem tæplega stóðu undir þeirri vegtyllu (hlutfall úrvalsánna í stofninum var á þeim tíma miklu lægra en nú gerist). Hitt atriðið var að erfðayfirburðirnir sem fylgja eiga sæðingunum dreifast miklu hægar um stofninn en mögulegt er.

### *Samstilling gangmála*

Notkun samstillinga gangmála sem Ólafur R. Dýrmundsson rannsakar og kemur í notkun á þessum árum hafði að vísu nokkur áhrif til að bæta hrútsmæðravalið. Á síðari árum hefur bæði verðlag á þessari tækni og enn frekar afleit áhrif bæði á árangur og lambafjölda við sæðingarnar gert að þessari aðferð verður varla mælt með lengur til þessara nota af fólki með fullu viti.

Þegar ég fer að hafa afskipti af þessum málum vil ég meina að minn meginboðskapur hafi verið að auka umfang sæðinganna, þannig treystum við best framfarirnar frá þeim. Þar sá ég bæði fyrir mér að fá stærri lambhrútahópa til að velja úr. Meiri áhrifa vildi ég samt vænta af auknu hlutfalli ásetningsgimbra sem væru tilkomnar við sæðingar. Þannig mundu framfarirnar skila sér af enn meiri hraða. Oft hef ég á áróðursfundum sæðingastöðvanna sagt að bændur ættu að setja sér það markmið að 25–50% ásetningsgimbranna væru tilkomnar við sæðingar (lægra hlutfalli á stærri búum sem hafa raunhæfa möguleika til að prófa hrúta sem ærfeður). Þetta finnst mér að skili sér vel hjá bændum vegna þess að margir bændur hafa hlýtt þessu kalli. Þeir sem farið hafi vel yfir mörkin sýnist mér að hafi yfirleitt ekki skaðast.

Beinar mælingar höfum við fáar á beinhörðum áhrifum sæðinganna í stofninum þó að nægar séu vísbendingar um árangurinn til að benda á. Ávani minn við val er mikið að skoða ætterni gripanna auk beinharðra talna. Þess vegna sýndist mér að einföldustu mælinguna væri einfaldlega að fá með að meta hve hátt hlutfall erfðavísa hjá gripnum væri tilkomið með sæðingum.

Ég tók mig því til og skoðaði rúmlega 100 bú víða um land. Valdi tilviljunarkennt 20 ásetningsgimbrar haustið 2014 (forystufé var sleppt og sótt önnur kind í þess stað þar sem ég taldi mig vissan um ættir forystufjárins) og um leið fjóra ásetningshrúta frá sama hausti (í örfáum tilvikum reyndust þeir ekki nægjanlega margir og var þá sóttur 2013 fæddur hrútur).

Með einföldu ættartré í LAMB taldi ég síðan hve stór hluti erfðavísanna í fyrstu fjórum ættliðum kæmu úr sæðingum. Þetta var því talið í 16 hlutum og hámark sæðinganna 15/16 eða 93,8%. Lesendur þurfa að átta sig á því að væru ættir raktar áfram þá gæti hlutdeild sæðinganna aðeins vaxið. Ég hef ekki sannreynt það en er nær fullviss að væru þær raktar áfram t.d. að tíunda lið væri sæðingahlutdeild genanna yfirleitt komin yfir 90%. Á hverju svæði sem skoðað var þá voru skoðaðar ættir 100 gimbra og 20 hrúta þ.e. fimm bú á svæði, þannig að samtals eru 1120 ær og 224 hrútar í heild að baki skoðuninni. Gripir frá Hesti voru síðan skoðaðir sér en í hugum margra bænda er það eina landsfjárbúið og því ágætur samanburður.

Niðurstöðurnar eru dregnar saman í töflu sem sýnir áhrifin eftir svæðum og síðan stöplaritum fyrir hrúta og ær sem sýnir birtingu áhrifanna hjá hvoru kyni um sig. Fyrir mig voru fáar eða engar niðurstöður sem komu að óvart en samt held ég séu nokkur atriði sem rétt sé að skýra frekar.

Að meðaltali er genahlutdeildin úr sæðingum 60% hjá hrútunum og 54,5% hjá gimbrunum. Þetta má sjá enn skýrar á stöplaritunum fyrir hrútana og ærnar. Hjá ánum virðist dreifingin vera nokkuð mikið í átt að því sem við köllum normaldreifingu sem við ættum alls ekki að sjá miðað við núverandi notkun sæðinga nema verulegur úrvalsþungi sé fyrir genin sem koma úr sæðinu. Hjá hrútunum er dreifingin enn önnur, þar er verulegur þungi gripa á bilinu 65–85% sæðingagen. Bæði er það vegna hærra hlutfalls hrúta beint úr sæði og þess að margir þeirra eiga til viðbótar móður tilkomna á sama hátt. Enginn hrútanna sem kom til skoðunar rakti sig ekki til sæðinga í fyrstu fjórum ættliðunum. Örfáar gimbrar fundust þannig en fullvissa má lesendur um að hefði verið rakið ögn lengra hefðu þær allar náð slíkum tengslum, þær voru ekki rótlausar. Stöplaritin sýna líka að allnokkrir gripir náðu hámarksgildinu 15/16 hlutum sem þýðir það að þeir eru tilornir með endurteknum sæðingum í síðustu fjórum kynslóðum. Þessa gripi er að finna vítt og breitt um allt land.

Áður en ég vík aðeins að svæðamun vil ég geta hæstu og lægstu mælinga á einstökum búum. Það er sama búið sem sýnir hæsta hlutdeild sæðingagena bæði hjá hrútum og gimbrum. Þetta er Litlu-Reykir í Flóa með 90% hlutdeild hjá hrútum og 81,9% hjá ánum. Þetta er frekar lítið fjárbú. Snillingur Páll Þórarinsson við hrútastöðina í Þorleifskoti mun hins vegar hafa haldið sæðingum nokkuð þétt að bróður sínum síðustu árin. Ég sá fé þarna síðasta haust en hafði ekki séð um nokkurt árabil. Ég fékk ekki séð að Palli hefði valdið bróður sínum neinum stórskaða með ráðleggingum sínum. Þetta held ég hins vegar nokkuð af allmörgum búum sem ekki eru fjármörg en með sæðingunum er skapað svigrúm til að vera á fullri ferð í ræktuninni eins og þau hafa mörg gert. Nokkur landsþekkt fjárræktarbú víða um land sóttu að vísu fast að Litlu-Reykjum. Lítum síðan til búanna þar sem sæðingaáhrifin mældust minnst. Hjá hrútunum voru áhrifin minnst hjá Guðjóni á Heydalsá eða 23,3%.

Notkun sæðinga á búunum við sunnanverðan Steingrímsfjörð hefur verið lítil allra síðustu árin og er það öðru fremur það sem þarna mælist. Þeir sem þekkja ræktun á kollótta fénu þekkja hins vegar þá tugi úrvalshrúta sem stöðvarnar hafa sótt á þetta bú um áratuga skeið. Þannig hefði ekki þurf að rekja ættir nema nokkra ættliði lengra aftur til að ná hlutfalli sæðingagena í hæðir. Fyrir lægsta gildið hjá gimbrunum leitum við líka norður á Strandir eða til Guðlaugs í Steinstúni í Árneshreppi þar sem sæðingahlutdeild mælist aðeins 14,3%. Ástæðurnar eru þær sömu og hjá Guðjóni, litlar sæðingar norður þangað á flesta bæi allra síðustu árin. Lengra rakið eru sæðingahrútar í hrönnum. Auk þess hefur Guðlaugur verið ákaflega heppinn með búshrúta allra síðustu árin, hefur verið að nota hrúta sem hafa verið undir smásjá stöðvanna og því eðlilegt að hann noti þá hressilega til undaneldis.







### *Munur milli svæða*

Örfá orð um mun á milli svæða. Hér eru það stóru ræktunarsveitirnar á Ströndum sem mest skera sig úr. Hlutfall sæðisgens í hrútastofninum í Árneshreppi mælist að vísu 50% og er það vegna lítillegra notkunar sæðinga þar þetta árið en meira samt sökum þess að þangað voru sóttir margir hrútar fyrir stöðvarnar haustið 2014 og heimamenn ólu nokkurn fjölda sona þeirra. Árneshreppur er það sveitarfélag þar sem sæðingar hófust síðast af öllum í landinu. Áður höfðu stöðvarnar sótt mikið af úrvalshrútum þangað og þeir skilið eftir sig mikið heima áður þannig að áhrif sæðingagena eru talsvert miklu meiri en hér mælist en engu að síður eru líklega áhrif sæðinga minni í fjárstofninum þar í sveit en á öðrum svæðum. Í Steingrímsfirði mælast einnig fremur lítil áhrif sæðinganna á stofninn. Þetta eru hins vegar mælingar á litlum sæðingum allra síðustu árin á þessu svæði. Grunnurinn þar er miklu meira mótaður af sæðingum. Urmull hrúta var sóttur þangað fyrir stöðvarnar, margir eftir mikla notkun heimafyrir, þannig að ég er viss um að ekki þarf að rekja marga ættliði til viðbótar til að komast í 60–70% hlutdeild sæðinga. Því miður hefur nær fullkomlega mistekist að finna kollótta hrúta fyrir sæðingastöðvarnar sem geri nokkurt gagn í ræktuninni norðurfrá þrátt fyrir margra áratuga starf. Þrátt fyrir það held ég að Strandamenn mundu ekki skaða sig neitt með heldur meiri notkun hrútanna sem þangað eru sóttir fyrir stöðvarnar síðustu árin. Yfirleitt hafa þeir sýnt góða yfirburði þar heimafyrir áður.

Öxarfjörður og Þistilfjörður koma í eins konar milliflokk með sæðingaáhrif. Ég veit að vísu að stutt þarf að rekja til að hækka þau áhrif umtalsvert. Þarna eru að jafnaði stærri bú en á öðrum sveitum. Á mörgum búum er því það mikill hrútakostur og fjöldi það mikill að raunhæft er að fá mat á nokkra þeirra sem ærfeður. Þess vegna er alveg eðlilegt að sæðingagen flæði aðeins hægar inní stofninn þar en þar sem bú eru minni. Að lokum vil ég nefna Öræfin. Þar hefur ekki verið minni fjársala en úr þeim sveitum sem áður eru nefndar. Þarna eru áhrif sæðinga hins vegar hvað mest á landinu. Þykist ég vita að það á sinn hlut í kostum og vinsældum þessa fjár. En það þýðir að skyldleiki þess við fé í öðrum héruðum er umtalsverður og sú ástæða sem ég hef alloft heyrt hjá fjárkaupendum þar að þeir séu að leita í óskylt fé ein mesta firra sem mögulegt er að setja fram.

Að lokum vil ég enn halda fram þeirri skoðun minni að ræktunarlega hafa margir bændur enn nokkuð að sækja í að auka notkun sæðinga. Ein meginforsenda þess er að sjálfsögðu sú að áfram verði á stöðvunum að finna hrútastofn sem hefur umtalsverða yfirburði yfir aðra hrúta í landinu. Það hlutverk verður hins vegar erfiðara með hverju ári eftir því sem stofn kynsterkra og öflugra hrúta stækkar með hverju ári. Erfiðara verkefni er hins vegar aðeins til að takast á við og láta skila árangri. Þarna held ég t.d. að ákveðinn rammi um skiptingu nýliðunar hrútanna á hverju ári inná stöðvarnar megi koma að gagni.

Búnaðarsamband
Húnaþings og Stranda

Framkvæmdastjóri óskast

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda óskar að ráða starfsmann til að sjá um starfsemi sambandsins frá næstu áramótum. Helstu verkefni eru umsjón með daglegum rekstri, nautgripa og sauðfjársæðingum, jarðabótaúttektum og öðrum þeim verkefnum sem stjórn ákveður. Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun í búfræði og þekkingu á félagsmálum bænda.

Um er að ræða hlutastarf en nánari útfærsla á starfinu getur verið samkomulagsatriði. Nánari upplýsingar veitir formaður BHS, Jón Gíslason Stóra-Búrfelli í síma **452-7133 / 868-3750** eða á tölvupósti **stora-burfell@emax.is**.
Umsóknafrestur er til **1. október 2015.**

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Algjört kæruleysi gagnvart sínum nánustu

**Af og til fæ ég myndir sendar af fólki sem er ekki að hugsa um öryggi sitt og annarra. Þessar myndir eru af ýmsu tagi, en nú fyrir stuttu fékk ég myndir af smölum á fjórhjólum sem allir voru hjálmlausir.**

Í síðasta forvarnarpistli var áminnt um að fara varlega í smalamennsku og vera í réttum öryggisklæðnaði. Þegar ég, sem er að reyna að hjálpa og vekja athygli á öryggismálum, sé svona get ég ekki neitað því að maður fyllist vonleysi og hugsar; er engin sem les þessar línur frá mér? Það sem mér finnst verst við þetta er að ég veit að það eiga eftir að verða slys. Þá liggur sá slasaði og lætur stjana við sig og leggur fyrir vikið aukna byrði á sína nánustu. Einmitt vegna þess að gæta ekki að eigin öryggi.

***Nú er hægt að fá viðurkenndan veltiboga á fjórhjól***

Fyrir um ári síðan skrifaði ég hér um margverðlaunaðan veltiboga á



**Veltibogi getur skipt sköpum varðandi það hvort ökumaður sem veltir fjórhjóli getur losað sig undan því ef ökutækið hafnar á hvolfi.**

fjórhjól sem framleiddir eru í Nýja-Sjálandi og heita Lifeguard. Fyrir nokkru ók ég fram hjá Jötunn á Selfossi og það fyrsta sem ég sá inn um búðargluggann var Lifeguard veltibogi á fjórhjól. Ég vil hvetja alla þá sem eiga fjórhjól að skoða þennan magnaða búnað.

Til fróðleiks má sjá á vefsíðunni jotunn.is tengil á lítið myndband sem sýnir þennan öryggisbúnað í notkun. Sjálfur keyri ég sjaldan fjórhjól, en mér hefur tekist að velta einu slíku yfir mig og þakkaði þá góðum öryggisklæðnaði sem ég var í.

Ekki er sömu sögu að segja frá manni sem hringdi fyrir nokkrum árum í Neyðarlínuna og var búinn að velta hjólinu sínu yfir sig. Þessi aðili var fastur undir hjólinu. Björgunarsveit var kölluð út til að finna manninn. Leitin tók sinn tíma, en samkvæmt lýsingu frá starfsmanni Neyðarlínunnar heyrði hann vel hvernig dró af manninum hægt og rólega meðan á leitinni stóð. Sem betur fer endaði þessi saga vel, en ef þessi maður hefði verið með Lifeguard veltiboga á hjólinu hefði hann annaðhvort átt að geta velt hjólinu af sér eða smokrað sér undan hjólinu.

Þar sem að ég hef kynnt mér vel þennan veltiboga vil ég benda tryggingarfélögum á að miðað við virkni bogans ætti að vera óhætt að gefa a.m.k. 50% afslátt af tryggingum fjórhjóls og ökumannstryggingu sé viðkomandi með veltiboga frá Lifeguard.



ATV-Lifeguard-Protector.





Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook


## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## Líf og lyst

### Bærinn okkar




**Við flytjum í Holt árið 2001 og byrjum að búa þar með rúmlega 300 kindur sem við kaupum af foreldrum mínum. Síðan þá höfum við verið að fjölga smátt og smátt.**

Árið 2004 breyttum við fjósinu í lausagöngufjós og 2007 tókum við inn einn Lely-mjaltaþjón og svo núna sumarið 2014 tókum við inn tvo nýja Lely-mjaltaþjóna og stækkuðum fjósið svo að núna rúmar það rúmlega 100 kýr.

**Býli:** Holt á Ásum.

**Staðsett í sveit:** Í Húnavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

**Ábúendur:** Maríanna Þorgrímsdóttir og Vilhjálmur Jónsson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum þrjú börn, Eyþór 23 ára, Jón Margeir, 17 ára og Svövu Björk, 14 ára





– og tengdadóttur, Önnu, 24 ára, ásamt hundinum Drífu og hvolpinum Loka.

**Stærð jarðar?** Um 300 ha.

**Gerð bús?** Við erum með fjárbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Við erum með um 500 kindur og 20 hross og 3 geitur.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Við vinnum bæði utan bús og sinnum búinu utan vinnutíma, þ.e. snemma á morgnana og síðan seint á kvöldin.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Allt er gaman ef við gerum það saman en girðingavinna verður nú samt seint talin mjög skemmtileg.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Mjög svipað og hann er í dag, vonandi fleira fé.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Þau eru í fínum málum.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vonandi bara vel.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Með því að flytja út ferskt kjöt og sýna fram á hreinleika afurðanna.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Ostur, mjólk, skinka, ávextir og grænmeti.



**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambalæri með öllu tilheyrandi og pitsa.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar þakið fauk af hlöðunni í vetur.



### Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Sushi, bleikja og kleinuhringir í eftirrétt

**Við Íslendingar eigum fjölbreytt og gott fiskmeti. Við sushigerð er mikilvægt að vanda val á hráefni og þar gildir að hafa það sem allra ferskast. Það er líka hægt að nota t.d. grafinn eða reyktan lax og annan fisk sem ekki er beinlínis nýveiddur.**

Ég elska að nota bleikju, mjúk áferð er frábær fyrir grill eða á heita pönnu, stökkt og gott bleikjuroð er ómótstæðilegt.

Það ætlaði allt um koll að keyra í höfuðstaðnum á dögunum þegar ný verslun með ameríska kleinuhringi var opnuð á Laugaveginum. Nýjungagirni landans á engin takmörk og langar biðraðir voru dag eftir dag. Þeir sem eiga ekki heimangengt og vilja gera sína eigin kleinuhringi ættu að lesa Matarkrókinn til enda.



Sushi-kúlur – Temari Sushi.



Bleikja.

## Sushi-kúlur - Temari Sushi

- ½ blað af nori-þangi
- Sashimi-fiskur (þunnt skorinn fiskur)
- Lax að eigin vali, grafinn eða ferskur
- Bleikja
- Eða ferskar stórar rækjur, reyktur lax eða annað ferskmeti

## Sushi-grjón

- 1,5 bolli sushi-hrísgrjón
- 2 bollar vatn
- 6 matskeiðar hrísgrjónaedik
- 2,5 msk. sykur
- 2 tsk. salt

Skolið hrísgrjón í vatni þar til vatnið verður tært. Þá er það þurrkað í sigti í 1 klst. Setjið hrísgrjón í pott með þéttu loki og bætið tveimur bollum af vatni til viðbótar. Yfir miðlungs hita, látið sjóða í um 2 mínútur. Dragið af hitanum og látið krauma í aðrar 5 mínútur. Lækkið hitann og sjóðið í um 15 mínútur, eða þar til vatnið hefur farið inn í grjónin. Fjarlægið úr hita, takið lokið af og setjið handklæði yfir pottinn. Lokið er sett á og látið standa í 10 til 15 mínútur.

Blandið í bolla 3 msk. hrísgrjónaediki, einni msk. af sykri og hálfri teskeið af salti.

Setjið vökvann stuttlega í örbylgjuofn til að leysa upp sykurinn. Hellið yfir bolla af soðnum sushi-hrísgrjónum og hrærið varlega. Látið hrísgrjónin kólna að stofuhita á diski.

Skerið hrísgrjón með spaða í gegn til að aðskilja hrísgrjónin. Bætið edikblöndu eins mikið og nauðsynlegt er (hrísgrjónin ættu ekki að vera klístruð).

Skerið sneiðar af fisk í litla ferninga. Setjið smá lax fyrst, þá lítinn bolta af hrísgrjónum og setjið fiskinn ofan á. Lyftið hornum og klípið rétt saman.

Herðið með plastfilmu og snúið boltanum, þannig herðist á með filmunni.

Ef þú hefur áhyggjur af útlitinu getur þú látið lítinn ferning af noriþangi undir hverja sneið af laxi. Síðan er filman tekin og skreytt með laxahrognum, dilllaufum eða rjómaosti.

Berið fram með sýrðum engifer, wasabi og sojasósu og kryddið að eigin vali.

## Stökksteikt bleikja með nýju grænmeti

- 4 bleikjuflök (beinlaus með roði)
- ½ búnt blandað spínat eða annað úr garðinum
- 3 litlar radísur (sneiðar)
- ólífuolía
- salt og pipar

## Gremolata (kryddgrunnur)

- 1 sítróna (börkur og safi)
- ½ bolli steinselja (söxuð)
- 1 msk. hvítlaukur (smátt saxaður)
- ¼ búnt graslaukur (saxaður)
- ¼ bolli ólífuolía
- salt og pipar

Skerið í roðið á bleikjuflökunum og kryddið með salti og pipar. Hitið ofninn í 175 gráður. Setjið grænmeti í skál með 2 tsk. af ólífuolíu, salti og pipar. Setjið fiskinn á sjóðandi heita grillpönnu og látið hana í ofninn. Bakið í 5–10 mínútur eða þar til fiskur dettur í sundur.

Fyrir gremolata, blandið öllu innihaldsefni í skál.

Framreiðið með fisknum og fersku grænmetinu.



## Kleinuhringir

- 750 g hveiti
- 60 g sykur
- 10 g salt
- 20 g þurrger
- 40 g af vatni
- 7 stk. heil egg
- 1 tsk. lyftiduft
- 250 g smjör

### Aðferð

Vinnið hráefnið saman með spaða í hrærivél. Hveiti, salt, sykur, ger, vatn og egg á litlum hraða þar til deigið kemur vel saman í um 2 til 5 mínútur. Bætið smjörinu í litlum teningum og hrærið þar til smjörið er komið saman við deigið.

Látið hefast í 45 mínútur. Kýlið niður og dreifið á smjörpappír með hveiti stráð á. Gott að láta hvíla yfir nótt í kæli.

Rúllið deigið út í um 3 cm þykkt. Stingið úr í hringi og skerið út litlar holur með minna útstungujárni. Djúpsteikið í 170–190 °C heitri olíu. Snúið við og steikið á hinni hliðinni.

Látið kólna og skreytið með glassúr með bragðefni að eigin vali (glassúr er bara flórsykur með ögn af vökva). Prófið til dæmis ávaxtasafa eða kakóduft. Hægt er að setja matarliti og kökuskraut til að fullkomna listaverkið.

HANNYRÐAHORNIÐ garn@garn.is

# Einfalt bylgjuteppi

**Þessi uppskrift er í boði Handverkskúnstar. Garnið í teppið færðu hjá okkur í verslun okkar sem er staðsett á Nýbýlavegi 32, Dalbrekkumegin, Kópavogi, á www.garn.is og á útsölustöðum víða um land.**

